



**SKOÐUN** Ómar P. Ragnarsson sjónvarpsmaður skrifar um hernað gegn undrum Mývatnssveitar. **26**



**MENNING** Ragnheiður Eiríksdóttir er ásamt dr. Gunna á leið í stúdíó að taka upp plötu fyrir lífsglatt fólk. **66**



**SPORT** Alfreð Gíslason er búinn að vinna tíu stóra titla á fimm tímabilum sínum með Kiel. **62**

ÍSLENSKA  
HAMB  
ORGARA  
FABRIK  
KAN  
2010

NÝR MATSEÐILL FYLGIR  
BLAÐINU Í DAG.



# FRÉTTABLAÐIÐ

Fimmtudagur

16. maí 2013  
114. tölublað 13. árgangur  
Sími: 512 5000

MEST LESNA  
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI\*

## FRÉTTIR



### Tileinka sér heilbrigði

Krakkar í efstu bekkjum Rimaskóla hafa lært að tileinka sér heilbrigðan lífsstíl að undanförunu. Krakkarnir spreyta sig á eldamennsku, læra um mikilvægi slökunar og svefnis auk þess að reyna sig í íþróttum. **10**

**Stefna á toppinn** Ingólfur Gissurarson og Leifur Örn Svavarsson stefna báðir á tind Everest á næstu vikum. **2**

**Óttast um báta barna** Siglingafélög segja hættu á að börn í siglingaklúbbum rekist á stólpa áformaðrar brúar yfir Fossvog. **8**

**Sjóbúsuð með krabbameinsgen** 7.000 Íslendingar á skrá Íslenskrar erfðagreiningar eru í 80% hættu á að fá banvænt krabbamein. **18**



Bolungarvík	2°	☁	NA	7
Akureyri	3°	☁	NV	9
Egilsstaðir	3°	☁	NV	6
Kirkjubæjarkl.	9°	☁	N	8
Reykjavík	10°	☁	NA	7

**Bjart syðst** Í dag eru horfur á norðlægum áttum, víða 8-15 m/s. Bjartviðri sunnanlands en annars skýjað og rigning eða slydda NA-til. **4**

## 3 SÉRBLÖÐ

Eurovision | Krakkar | Fólk



**TEK ÞETTA Á ÆÐRULEYSINU** Eyþór Ingi Gunnlaugsson, fulltrúi Íslands í Eurovision-söngvakeppninni, ræddi í gær við fjölmiðlamenn og aðdáendur í Malmö. Seinni undankeppni Eurovision fer fram í kvöld og verður Eyþór sá áttundi á svið, með lagið Ég á líf. „Ég ætla að taka þetta á æðruleysinu, gera mitt besta og skemmta mér vel. Allt annað er bara bónus,“ segir Eyþór. Sjá síðu 66

# Helguvík gæti fengið orku frá Búðarhálsi

Tafir á framleiðsluaukningu álvers Rio Tinto í Straumsvík gætu þýtt að orkan sem þar átti að nýta fari í önnur verkefni. Álver í Helguvík er þar líklegast. Norðurál segir ekkert vanta nema að klára orkuöflun.

**ÍÐNAÐUR** Verði tafir á framleiðsluaukningu í álveri Rio Tinto Alcan í Straumsvík um einhvern tíma mun orkan úr Búðarhálsvirkjun geta nýst í önnur verkefni. Það gæti leyst úr orkuþörf álvers Norðuráls í Helguvík.

Fregnir bárust af því í apríl að Rio Tinto, móðurfélag álversins í Straumsvík, væri að endurskoða fjárhagsáætlun og tímaramma þriggja stækkunarverkefna, þar á meðal í Straumsvík. Wall Street Journal sagði það hluta af stefnu nýs forstjóra, Sams Walsh, um að draga úr kostnaði og einblína frekar á námastarfsemi, sem væri arðbærasti hluti starfseminnar.

Ólafur Teitur Guðnason, upplýsingafulltrúi Rio Tinto Alcan á Íslandi, segir að ekki hafi verið hætt við verkefnið. „Ég get lítið sagt um þetta í dag en ég get sagt eitthvað um það á morgun,“ sagði hann í samtali við Fréttablaðið í gær. Í samtali við fréttastofu Ríkisútvarpsins í apríl sagði hann ljóst að verkefnið yrði dýrara en að hefði verið stefnt.

Heimildir Fréttablaðsins herma að tæknilegir örðugleikar hafi komið upp við verkefnið, þó að það sé að einhverju leyti komið til framkvæmda. Auka átti framleiðslugetu fyrirtækisins um 40 þúsund tonn; úr 190 í 230 þúsund.

Framkvæmdir við Búðarhálsvirkjun eru í fullum gangi og stefnt er að því að hægt verði að afhenda orku úr henni fyrir áramót. Áætlað afl hennar er um 95 megavött. Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar, segir að

## Áhrif framkvæmda í Helguvík

- Álver í Helguvík eykur hagvöxt um 2,3 prósent á fjögurra ára tímabili samkvæmt spá hagdeildar ASÍ frá árinu 2010.
- 2.000 störf sem tengjast álverinu og rekstri þess verða til.
- 4.000 störf þarf við byggingu álversins samkvæmt áætlun.
- 600 störf eru ráðgerð í álverinu á rekstartíma þess.

það sé ekki hans að svara fyrir hvað verði um orkuna, fari hún ekki strax í Straumsvík, og vísar til forsvarsmanna Rio Tinto.

„Við vitum alveg að það verður seinkun á verkefnið en það er algjörlega á þeirra hendi að tjá sig um stöðu þess.“

Óvissa hefur ríkt um orkuöflun vegna álvers í Helguvík og voru virkjanakostir í neðrihluta Þjórsár, sem nýta átti í verkefnið, settir í biðflokk í rammaáætlun. Þá hefur Bjarni Bjarnason, forstjóri OR, sagt að fyrirtækið muni ekki reisa fleiri virkjanir fyrir en ljóst sé hvernig það getur uppfyllt strangari mengunarkröfur, en orka úr Hverahlíðarvirkjun var hugsuð fyrir álver í Helguvík.

Ragnar Guðmundsson, forstjóri Norðuráls, segir fyrirtækið vera tilbúið í verkefnið. „Það sem okkur vantar er að klára orkumyndina.“

Karlmaður í gæsluvarðhaldi eftir að hafa rænt tíu ára stúlku úti á götu:

# Lítil hetja gat bent á gerandann

**LÖGREGLUMÁL** Tíu ára stúlka úr Vesturbænum vísaði á þriðjudag lögreglu á slóð manns sem grunaður er um að hafa neytt hana með valdi upp í bíl sinn og brotið á henni kynferðislega.

„Stúlkan var á heimleið úr skóla á þriðja tímanum eftir hádegi þegar ókunnugur maður tók hana með valdi og setti í aftursæti bifreiðar sem hann var á. Ekið var með stúlkuna á afvikinn stað í útjaðri höfuðborgarsvæðisins, en þar er maðurinn talinn hafa brotið gegn stúlkunni,“ segir í frétt lögreglunnar.

Maðurinn, sem er á fertugsaldri, var handtekinn eftir að stúlkan gaf lögreglu upp bílnúmer hans og aðrar lýsingar á atburðarásinni. Hann var úrskurðaður í tveggja vikna gæslu-

varðhald í gær. Björgvin Björgvinsson, yfirmaður kynferðisbrota-deildar lögreglunnar, kveðst ekki geta tjáð sig um hvort maðurinn hafi játað eða neitað sök.

„Eitt af því sem gert hefur verið í fræðslu til barna um viðbrögð í slíkum tilvikum er að benda þeim á að taka vel eftir öllu og reyna til dæmis að muna bílnúmer eða taka eftir öðrum auðkennum,“ segir lögreglan, sem hvetur foreldra til að ræða yfirvegað við börn sín um slík mál.

„Auðvitað á að ræða þetta við börn en þau geta orðið ofsahrædd og varla treyst sér til að ganga eðlilega heldur hreinlega hlaupa í og úr skólanum,“ segir Dalla Jóhannsdóttir, segir formaður foreldrafélags Vesturbæjarskóla.

→ Lögreglan segir að benda eigi börnum á að taka vel eftir öllu og reyna til dæmis að muna bílnúmer eða taka eftir öðrum auðkennum hjá gerandannum, verði þau fyrir því að brotið sé gegn þeim.

## Áfram Ísland



Opíð til  
**21**

Smáralind

## SPURNING DAGSINS



Finnboji, dreymir þig um góðar móttökur?

„Já, enda var ég vakandi-sofandi yfir verkinu.“

Finnboji Pétursson myndlistarmaður um nýjan hljóðskúlptur sem inniheldur hljóðupptökur af nætursvefni borgarstjóra.

Steingrímur J. furðar sig á fullyrðingum Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar um fjármál ríkisins:

## Telur fullyrðingar undanhald frá loforðum

**STJÓRN MÁL** Steingrímur J. Sigfússon atvinnuvegaráðherra furðar sig á yfirlýsingum Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar, formanns Framsóknarflokksins, um fjármál ríkisins. Hann telur í raun ekkert hæft í fullyrðingum Sigmundar að samkvæmt nýjustu upplýsingum sé útlitið miklu verra en stjórnvöld héldu fram í aðdraganda kosninga.

„Þetta er kostulegur málflutningur því það má ætla að maðurinn viti ekkert um hvaðan Ísland er að koma; út úr hverju við erum að

vinna okkur. Það hefur ekki nokkur maður haldið því fram að staðan sé auðveld,“ segir Steingrímur. „Ég sit í ráðherranefnd um efnahagsmál og er því áskrifandi að þessum tölum og leyfi mér að fullyrða að þar er ekkert nýtt nema aðeins minni tekjur sem hljóta að teljast innan skekkjumarka. Frávikid er líklega fjórur til fimm milljarðar yfir árið,“ segir Steingrímur og minnir í að þetta sé sama þróun og um alla Evrópu. Hann segir þetta ekki síst vekja undrun í ljósi kosninga-

baráttu Framsóknarflokksins. „Loforðaflaumurinn hlýtur að hafa verið settur fram í trausti þess að hann teldi stöðuna góða.“

Steingrímur segir að málflutningurinn í byrjun viku slái sig, og líklega flesta, sem undanhald. „Og þá með stórkaraleg kosningaloforð eða uppgjöf af einhverju öðru tagi. Það er snemma fram komið; að menn geti ekki myndað ríkisstjórn áður en þeir afsaka sig með viðskilnaði þeirra sem eru að fara frá,“ segir Steingrímur.



**RÁÐHERRA** Segir ekkert hæft í fullyrðingum formanns Framsóknar og segir þær vekja furðu sína. FRÉTTABLAÐIÐ/VALL



Í SLIPP Skipin hafa legið við bryggju í tvö ár og þurfa viðhald. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Hvalur 9 í slipp í Reykjavík vegna veiða sumarsins: Verið að gera klárt fyrir veiðar

**ATVINNULÍF** Hvalur 9, skip Hvals hf., er nú í slipp í Reykjavík þar sem verið er að gera hann kláran á veiðar sem ráðgerðar eru í sumar eftir tveggja ára hlé. Systurskipið Hvalur 8 mun einnig halda til veiða í júnibyrjun.

Kvótinn sem Hvalur hf. hefur til að vinna með eru 154 langreyðar auk 26 dýra sem leyfilegt er að veiða sem eftirhreytur frá síðustu vertíð. Veiðitímabilið getur teygst sig inn í septembermánuð, eða á meðan birtuskilyrði leyfa veiðarnar. Morgunblaðið greindi frá því á dögunum að um 150 manns fái vinnu við veiðar og vinnslu. Afurðirnar verða unnar í Hvalstöðinni í Hvalfirði, í frystihúsi Hvals í Hafnarfirði og mögulega einnig í Heimaskagahúsinu á Akranesi.

## Segir Castro ekki skrímsli: Ætlar að lýsa sig saklausan

**BANDARÍKIN** Ariel Castro, sem er sakaður um að hafa haldið þremur konum fönngnum í tíu ár, ætlar að lýsa yfir sakleysi sínu þegar mál hans verður dómtekið, segir í frétt BBC. Castro, sem er 52 ára gamall, hélt konunum í kjallara húss síns í Cleveland. Einni þeirra tókst að flýja, eins og frægt er orðið, með aðstoð nágranna.

„Hann er ekki skrímsli,“ er haft eftir lögfræðingi Castro, Jaye Schlachet. Í viðtali við AFP-fréttastofuna segir Schlachet að sannanir fyrir sakleysi skjólstæðings síns verði kynntar við framgang málsins.

## Sears, Gap og Wall Mart: Skrifuðu ekki undir samning

**BANGLADESS** Fyrirtækin Zara, Benetton, Primark og H&M skrifuðu undir samning þar sem þau heita því að tryggja öryggi starfsmanna í fatafyrirtækjum í Bangladess. Stórfyrirtækin Sears, Gap og Wall Mart ákváðu að gera það ekki en frestur til þess að skrifa undir rann út í gær. BBC sagði frá.

Þess er skemmst að minnast að fataverksmiðja í höfuðborginni Dakka hrundi til grunna og yfir eitt þúsund verkamenn létu lífið. Atburðurinn hefur valdið mikilli ólgu og hefur fjöldi svipaðra verksmiðja þegar verið lokað.

## Fyrstur Íslendinga up norðurhlið Everest

Ingólfur Gissurarson stefnir á topp Everest eftir suðausturleiðinni en Leifur Örn Svavarsson eftir norðurhliðinni, fyrstur Íslendinga. Ráðgert er að báðir komist á tindinn í mánuðinum. Ellefu ár eru síðan Haraldur Örn Ólafsson stóð á tindinum.

**FÓLK** „Mér finnst frábært að Leifur sé að prófa þessa leið. Ástæður þess að ég valdi suðausturleiðina á sínum tíma eru þær að ég hef alltaf haft áhuga á menningu Nepals, á sjerpum, og svo fannst mér sú leið hreinlega meira heillandi. Norðurhliðin er meiri háslétta, flatari og hrjóstrug. Á suðausturleiðinni eru djúpir dalir og meira ísklifur, en þar er ég á heimavelli,“ segir Haraldur Örn Ólafsson, en í dag eru ellefu ár liðin síðan hann stóð á tind hesta fjalls heims, Everest. Hann bætir við að suðausturleiðin sé þess eðlis að auðveldara sé að fá aðstoð, komi eitthvað upp á.

Þeir Íslendingar sem hafa hingað til klifið Everest hafa allir farið suðausturleiðina frá Nepal, þá leið sem Ingólfur Gissurarson kemur til með að klífa. Norðurhliðin er almennt fáfarnari, en þá er farið frá Tíbet.

Kínverskur leiðangur náði fyrst á toppinn eftir norðurhliðinni árið 1960 en síðan var leiðin lokað fram til 1980. Leifur Örn Svavarsson stefnir á að verða fyrstur Íslendinga til að klífa norðurhliðina.

Leifur stefnir á að komast á toppinn á bilinu 19. til 29. maí. Hann hefur klárað aðlögunarferlið og biður eftir veðurglugga til að takast á við toppinn. Nú hvílir hann sig og gefur líkamanum tækifæri til að jafna sig fyrir lokahnykk ferðarinnar – að komast á toppinn.

Ingólfur sagði í samtali við Ítítt á Bylgjunni að hann hefði klárað aðlögunarferlið fyrir viku. Þá voru farnar tvær ferðir upp í fjallið og yfir ísfallið, skriðjökul og hesta dal í heimi. Áætlað er að hann komist á toppinn eftir rúma viku, 21. eða



LEIFUR ÖRN SVAVARSSON

HARALDUR ÖRN ÓLAFSSON

**GÖNGUGARPAR** Leifur Örn hyggst fyrstur Íslendinga klífa norðurhlið Everest. Ellefu ár eru í dag síðan Haraldur Örn stóð á toppnum. Á myndina vantar Ingólf Gissurarson. SAMSETT MYND

22. maí. Hann var í gær staddur í grunnbúðunum, sem eru í 5.400 metra hæð.

Aðspurður sagðist Ingólfur ætla að reyna að staldra við á toppnum í um það bil hálf tíma, þó að það færi eftir umferð, sem getur orðið töluverð á toppinn. Nú eru um 250 fjallagarpar frá öllum heimshornum skráðir í göngu eftir suðausturleiðinni. Talsvert færri eru skráðir í göngu upp norðurhliðinni.

Fjallið Everest er 8.848 metra hátt yfir sjávarmáli og er nyrsti tindur í Himalajafjöllum, á landamærum Nepal og Tíbet. Norðurhliðin og suðausturleiðin eru helstu leiðirnar upp á fjallið þótt vitað sé til þess að menn hafi farið aðrar leiðir.

olof@frettabladid.is

## BRAGÐ AF SUMRI

### Peru- og ananasboost

- 1 lítið Peruskýr.is
- 1 dl ananassafi
- 50 g frosnir blandaðir melónubitar
- 0,5 dl kókosmjólk
- 6-8 ismolar



Þú finnur fleiri boostuppskriftir á

www.skyr.is



Fundur um framkvæmdir í miðbænum mæltist vel fyrir hjá flestum:

## Hverfisgata verði búlevarður

**SKIPULAGSMÁL** Margir mættu á upplýsinga- og samráðsfund um fyrirhugaðar framkvæmdir í miðborginni, sem haldinn var í Tjarnarbíói í gær. Meðal annars stendur til að bæta Hverfisgötu og gera að breiðgötu eða „boulevard“ eins og fram kom á fundinum.

Deilur hafa sprottið vegna framkvæmdanna, sem þykja stórtækar, og óttast ákveðinn hópur fasteigna- og verslunareigenda að framkvæmdirnar, ásamt opnun Laugavegar sem göngugötu, muni skaða rekstur þeirra.

Björn Jón Bragason, formaður Samtaka kaupmanna og fasteignaeigenda við Laugaveg, gagnrýndi meðal annars hugmyndir um hjólreiðastíga við Hverfisgötu og sagði slíka stíga ekki hafa verið notaða. Borgarstjóri sagði eðlilegt að undirbúa vaxandi áhuga borgarbúa á hjólreiðum sem samgöngumáta og gaf lítið fyrir gagnrýnina.

Flestir fundargesta voru þó ánægðir með framkvæmdirnar og fundinn. Allir íbúar og verslunareigendur sem blaðamaður ræddi við eftir fundinn voru ánægðir með framhaldið.

„Við erum langflest mjög ánægð, enda blómstrar



**FJÓLMENNI Á FUNDI** Fyrirhugaðar breytingar í miðbænum mæltust vel fyrir hjá flestum. Hópur verslunareigenda lét þó í ljós óánægju sína með samráðsleysi og Laugavegin sem göngugötu.

mannlífið í kringum verslanirnar á þessum tíma,“ segir Þóra Hauksdóttir, eigandi Spútnik og Nostalgíu. Hörður Ágústsson, eigandi Macland, tók í sama streng og fagnaði einnig göngugötunni.

- mlp

Nýtt kortatímabil

# KRINGLUKAST

MÍÐVIKUDAG TIL MÁNUDAGS  
ÓPIÐ TIL 21 Í KVÖLD



NÝJAR VÖRUR  
**20-50%**  
AFSLÁTTUR

Kringlan



# SUMMAR TILBOÐ

**BUGG**

**BUGG AMBER**

Ástralskt hágæða gasgrill.  
2 hliðarborð fylgja.  
2 sjálfstæðir brennarar.  
5.86kW. Quartz Start kveikjari.  
Grill svæði 1860cm<sup>2</sup>.  
Hæð undir loki 19cm.  
3000221

**BUGG GASGRILL**  
með undirvagni  
**79.840 kr.**



**PÚ SPARAR**  
1.000 KR



**3.690**  
~~4.690~~

**Garðstóll Dolomiti**  
Flott hönnun og mjög þægilegur.  
Hvítur eða dökkgrár.  
3899429



**STJÚPU**  
Sprengja  
10 stk

**999 kr**

Blá Korn 5 kg

**1.199 kr.**  
~~1.590~~

Blá Korn 10 kg

**2.290 kr.**  
~~2.690~~

Blá Korn 25 kg

**4.990 kr.**  
~~6.990~~



**5.995**

**Hekklippur rafmagn**  
HTMN520, rafmagn 520W.  
50 cm bláð, klippir 16 mm  
Þyngd 3.3 kg  
5083756

**LÆGSTA  
LÁGA  
VERÐ**  
HÚSASMIÐJAN

**15.995**  
~~18.995~~



**PÚ SPARAR**  
3.000 KR

**NILFISK**  
**Háþrýstidæla C110.4-5 X-TRA**  
110bar, 1400W, 5m slanga. 440ltr/klst.  
5254233



**SYPRIS**  
**999 kr**



**ÁVÍSUN  
HANDA  
PER!**

**3.000,-**

Handhafa

Þrjúþúsund 00/100

El keypt er fyrir 10.000 krónur eða meira

13

Húsmiðjan og Blómaval

Þú finnur ávísunina þína  
á bakhlið Sælureitsins

MUNDU AÐ NÝTA ÞÉR  
**3.000 KRÓNA** ÁVÍSUNINA,  
ÞEGAR KEYPT ER FYRIR 10.000 KR EÐA MEIRA,  
FYRIR 26. MAÍ.



ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI  
SÍÐAN 1956

## VEISTU SVARID?



1. Hrotur hvers munu hljóma í hljóðskúlptúr eftir Finnoga Pétursson myndlistarmann á laugardag?
2. Hversu mörg eintök af bókum sínum hefur Arnaldur Indriðason selt í Frakklandi?
3. Hvað átti fjórða mynd Sveppa, Sværris Pórs Sværrissonar, að heita sem ekki hlaut styrk frá Kvikmyndasjóði Íslands?

## SVÖR

1. Jóns Gnar. 2. Tvær milljónir. 3. Al-  
þingur Sveppa og Gólf Péturssonar.

Umboðsmaður Alþingis ályktar að úrskurður LÍN hafi ekki verið réttmætur:  
Vildu ekki lána fyrir sjötta árinu

**STJÓRNSÝSLA** Umboðsmaður Alþingis telur LÍN hafi ekki hafa farið að lögum þegar stofnunin synjaði konu um námslán, sjötta árið hennar til BA-náms.

Synjunin var byggð á því að hún hafi verið búin að fá lán í sex ár til grunnnáms. Henni hafi þegar verið veitt undanþága fyrir fimm ára árinu og engin heimild væri til að veita frekari undanþágur. Synjunin leiddi til þess að hún neyddist til að hverfa frá námi en hún átti eftir eina önn til þess að ljúka gráðu.

Konan leitaði til umboðsmanns Alþingis og kvartaði yfir úrskurði málskotsnefndar LÍN. Hún hafði verið við nám við háskóla í Englandi þegar hún veiktist. Hún náði bata og staðfest var að hún myndi ljúka náminu ytra á tilsettum tíma.

Umboðsmaður leit til laga um LÍN þar sem veitt er heimild til þess að veita aukalán ef veikindi tefja nám. Mælt er til þess að málskotsnefnd taki mál konunnar upp að nýju komi fram ósk um það.

- hó



LÍN SETTUR UMBOÐSMAÐUR Alþingis mælist til þess að LÍN taki mál konunnar til meðferðar að nýju. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Slagsmál í Lönguhlíð:  
Með hnúajárn  
við Sunnubúð

**LÖGREGLUMÁL** Uppi varð fótur og fit í Lönguhlíð á sjötta tímanum í gær þegar tveir bræður eltu mann sem flúði undan þeim inn í Sunnubúð og faldi sig þar. Sjónarvottur segir að þegar maðurinn hafi komið út úr versluninni aftur hafi hann verið vopnaður hnúajárni. Til stýpinga kom þar á búðarhlaðinu sem lítil börn sem eftir höfðu til tombólu við verslunina fylgdu með uns lögregla sem kölluð var til mætti með fjölmennt lið og skakkaði leikinn.

- gar

Útskriftarstjarnan er komin.  
Glæsileg útskriftargjöf.

Okkar hönnun og smíði

JÓN & ÓSKAR

www.jonogoskar.is Sími 5524910 Laugavegi 61 Kringlan Smáralind

Skipting ráðuneyta  
eftir en málefni frá

Formenn Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks fara nú yfir reynsluna af sameiningu ráðuneyta. Nánast öruggt að verkefnum tveggja verður skipt upp og ráðherra fjölgað. Málefnavinnu er lokið. Formennirnir halda spilunum mjög þétt að sér.

**STJÓRNMÁL** Málefnavinnu er að mestu lokið í viðræðum Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar, formanns Framsóknarflokksins, og Bjarna Benediktssonar, for-



JÓHANNES ÞÓR SKÚLASON

herma að ráðherra verði fjölgað um tvo og verkefnum ráðuneyta skipt upp á ný.

Jóhannes Þór Skúlason, aðstoðarmaður Sigmundar Davíðs, segir að á þriðjudag hafi viðræðurnar að mestu snúist um reynsluna af sameiningu ráðuneyta og því hafi verið haldið áfram í gær. Verið sé að skoða hvað sé fýsilegt varðandi uppskiptingu verkefna og fjölgun ráðherra.

„Það er verið að skoða hvort það sé skynsamlegt og hvernig verkefni hafa unnist eftir sameininguna. Verið er að skoða reynsluna í þessum stóru ráðuneytum sem hafa verið sameinuð.“

Ekki hefur verið tekin ákvörðun um uppskiptingu, en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er nánast öruggt að verkefnum velferðarráðuneytisins verði skipt á milli tveggja ráðherra. Þá yrði heilbrigðisráðherra og ráðherra annarra málefna, hver svo sem titill hans verður, innan sama ráðuneytisins.



GENGUR VEL Sigmundur og Bjarni voru ánægðir við upphaf viðræðnanna. Líklegast er að þeim ljúki um eða eftir helgi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Miðstjórn og flokksráð ráða

Þegar náðst hefur saman um stjórnarsáttmála þurfa formennirnir að velja ráðherra. Venjan hefur verið sú að formaður ræði við alla þingmenn síns flokks áður en valið er. Valdið er þó hans. Flokksstofnanir þurfa síðan að samþykkja stjórnarsamstarfið, byggt á fyrirbyggjandi stjórnarsáttmála. Í tilvikum Framsóknarflokks er það miðstjórnin sem hefur valdið en flokksráð í tilfelli Sjálfstæðisflokks.

Eftirtektarvert er að varaformenn flokkanna hafa ekki verið með í viðræðunum hingað til. Formennirnir tveir halda spilunum þétt að sér, þó að þeir hafi kallað sérfræðinga til sín. Ekki er búist við því að flokksstofnunum verði kynntur sáttmálinn fyrr en um eða eftir helgi.

Atvinnuvegaráðuneytið er hitt stóra ráðuneytið sem verið er að skoða, þegar kemur að fjölgun ráðherra, en einnig innanríkisráðuneytið.

Jóhannes segir að ekki sé byrjað að ræða skiptingu ráðuneyta á milli flokka.

Formennirnir hafa kallað til sín embættismenn og fengið upplýsingar um stöðu mála. Tvennum sögum fer af því hvort þeir hafa þegar rætt við einhverja úr atvinnulífnum, en það mun vera á dagskrá.

kolbeinn@frettabladid.is

EUROVISION SVÍÞJÓÐ 2013

Frón

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA

OSTAKEK Chilli

Áfram Ísland!

Eurovision framundan!  
Tími fyrir gott íslenskt kek með chilli- eða hvítlaugsbragði. Bættu við bragðgóðum íslenskum osti, smá af sultu og njóttu þess.

www.fronkex.is

Cross hybrid 6,2

Herra og dómustell  
24 girar  
Dempari að framan  
Dempun í sæti

89.995 kr.

EVEREST

FERÐA- OG ÚTIVISTARVERSLUN  
Skeifunni 6 · Sími 533 4450 · www.everest.is  
PERSÓNULEG ÞJÓUSTA, FAGLEG RAÐGJÖF

WHEELER WORLDWIDE

VIÐGERÐAR OG VARAHLUTAPJÓUSTA

Norðurskautsráðið veitti sex ríkjum áheyrnaraðild á ráðherrafundi í Kiruna:  
Samningur gegn mengun í hafi

**UTANRÍKISMÁL** Samningur um gagnkvæma aðstoð norðurskautsríkanna vegna olíumengunar í hafi var undirritaður á ráðherrafundi Norðurskautsráðsins. Fundurinn var haldinn í Kiruna í Norður-Svíþjóð í gær. Í sameiginlegri yfirlýsingu um framtíðaráherslur ráðsins segir að gríðarmikil tækifæri felist í efnahagslegri þróun norðurslóða og samstarf á því sviði verði forgangsmál í störfum ráðsins. Í því ljósi verður samstarf ríkanna styrkt á sviði umhverfismála og borgaralegs öryggis og segir þar að loftslagsbreytingar séu mikil áhyggjuefni og ríkin muni vinna saman að því að draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda.

Á fundinum var samþykkt að veita Indlandi, Ítalíu, Japan, Kína, Singapúr og Suður-Kóreu áheyrnaraðild að ráðinu. Tekin var ákvörðun um að ESB fái áheyrnaraðild þegar niðurstaða hefur fengist varðandi útfærslu á undanþágum fyrir frumbyggja á banni á sölu á selaaufurðum til ESB.

Í ávarpi Íslands var fagnað þeim árangri sem Norðurskautsráðið hefur áorkað frá stofnun þess og ráðið hafi eflst á sviði vísinda, sem og varðandi stefnumarkandi umfjöllun um málefni



UNDIRRITUN Hermann Örn Ingólfsson, sviðsstjóri utanríkisráðuneytisins, fór fyrir sendinefnd Íslands á fundinum.

MYND/UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

norðurslóða. Þar ber hæst samninga um leit og björgun og um viðbrögð gegn olíumengun.

- shá



JAMES BOND

007<sup>™</sup>

DAGAR Í ÖLLUM  
VERSLUNUM HAGKAUPS  
16. - 22. MAÍ



**20% AFSLÁTTUR**

og glæsilegur kaupauki\*  
þegar keyptar eru 2 vörur  
þar af 1 ilmur.

**DANGEROUSLY SOPHISTICATED**



**NEW OCEAN ROYALE**

\*gildir á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**

*Ein ferð betra verð*

Kauptu sparneytnari bíl á góðu verði

# NOTAÐIR bílar á sumarsölu í dag



**Chrysler Aspen 4x4 (YH817)**  
4,7i V8 233 hö bensín sjálfsk.  
Skráður 8/07. Ek. 67.000 km.  
Verð: 3.290.000 kr.  
Afsláttur: 500.000 kr.  
**Sumartilboð: 2.790.000 kr.**



**Ford Mondeo Trend (UVE85)**  
1,6i 115 hö dísil beinsk.  
Skráður 3/12. Ek. 66.000 km.  
Verð: 3.890.000 kr.  
Afsláttur: 400.000 kr.  
**Sumartilboð: 3.490.000 kr.**



**Mazda3 Advance (TKJ19)**  
1,6i 105 hö bensín beinsk.  
Skráður 4/12. Ek. 39.000 km.  
Verð: 2.590.000 kr.  
Afsláttur: 200.000 kr.  
**Sumartilboð: 2.390.000 kr.**



**Opel Corsa Enjoy (YUE67)**  
1,2i 100 hö bensín beinsk.  
Skráður 8/07. Ek. 94.000 km.  
Verð: 1.390.000 kr.  
Afsláttur: 200.000 kr.  
**Sumartilboð: 1.190.000 kr.**



**Ford Escape Limited (LTA45)**  
2,5i 171 hö bensín sjálfsk.  
Skráður 6/11. Ek. 51.000 km.  
Verð: 4.830.000 kr.  
Afsláttur: 740.000 kr.  
**Sumartilboð: 4.090.000 kr.**



**Citroën C3 SX (SER92)**  
1,6i 92 hö dísil beinsk.  
Skráður 6/11. Ek. 58.000 km.  
Verð: 1.990.000 kr.  
Afsláttur: 240.000 kr.  
**Sumartilboð: 1.750.000 kr.**

**SKOÐAÐU ÚRVALIÐ  
FINNDU SUMARBÍLINN ÞINN**

notadur.brimborg.is

Söludeildir Brimborgar eru  
opnar virka daga frá kl. 9-17  
og frá kl. 12-16 á laugardögum

**LYKILL**  
Byður allt að 75% fjármögnun  
www.lykill.is

**brimborg**

Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000  
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040  
Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050



## FKA fagnar árangri átaksverkefnis við fjölgun kvenna í stjórnnum félaga: Konur í fjölmiðlum næsta verk

**JAFNRÉTTI** Aukinn hlutur kvenna í fjölmiðlum er nýtt átaksverkefni Félags kvenna í atvinnurekstri (FKA). Þetta var kynnt á aðalfundi félagsins í fyrradag, en tímarammi átaksins er til ársins 2017.

Verkefninu er ætlað að auka hlut kvenna í fjölmiðlum þannig að konur verði sem sýnilegastar í fréttum og þjóðfélagsumræðu. Á þann hátt stuðlar félagið að því að mannaudur sé nýttur sem best og þekking kvenna jafnt sem karla njóti sín í allri umræðu.

Mat félagsins er að verkefni um

fjölgun kvenna í stjórnnum félaga hafi borið óumdeilanlegan árangur, en á aðalfundi FKA vorið 2009 kynnti félagið verkefni til fjögurra ára sem laut að þessu. Þó verkefninu teljist formlega lokið af hálfu félagsins mun FKA áfram beita sér fyrir því að fjölbreytni í stjórnnum félaga verði ávallt í heiðri höfð.

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, framkvæmdastjóri og fjárfestir, var kosin nýr formaður FKA á fundinum í gær. Hafdís Jónsdóttir, framkvæmdastjóri World Class, lét af störfum eftir fjögurra ára starf. -shá



**FORMANSSKIPTI** Þórdís Lóa Þórhallsdóttir er nýr formaður FKA og tók við keflinu úr hendi forvera síns, Hafdísar Jónsdóttur.  
FRÉTTABLAÐIÐ/DANNI

## Óttast að bátar barna farist við Fossvogsbrú

Siglingafélög segja hættu á að börn í siglingaklúbbum rekist á stólpa brúar yfir Fossvog og bátar þeirra brotni og sökkvi. Boðuð leiðarstytting sé „skrumskæling á sannleikanum“, kostir séu ofmetnir en gallar og kostnaður stórlega vanmetinn.

**SAMGÖNGUR** „Við höfum ekki fengið nein svör“, segir Úlfur H. Hróbjartsson, formaður Siglingasambands Íslands, sem harðlega gagnrýnir áformaða göngu- og hjólabrú yfir Fossvog.

Úlfur segir siglingamenn furða sig á skýrslunni „Brú yfir Fossvog“ sem Reykjavíkurborg og Kópavogsbær leggi til grundvallar áformum sínum. „Þar er ekki minnst á neinar neikvæðar hliðar við þessa brú, það er eins og það séu engin vandamál“, útskýrir Úlfur sem kveður það fjarri öllum sanni.

Auk þess sem Siglingasambandið hefur sent sveitarfélögunum mótmælalibréfi hafa siglingafélögin Brokey og Ýmir mótmælt brúnni harðlega í bréfi til þessara aðila. Meðal þess sem siglingafélögin finna brúarsmiðinni til foráttu er slyshætta sem börnum og unglingum muni stafa af brúnni. Í Fossvogi sé austanátt ríkjandi átt og því mestar líkur á því að ungmenni sem læri siglingar eða róður reki út voginn og að brúnni. „Sviptivindar og straumbreytingar af völdum brúarinnar geta hrakið báta á stólpana. Bátarnir eru viðkvæmir fyrir slíkum höggum og geta brotnað og sökkvi“, segja siglingafélögin, sem kveða umsjónarmann þurfa að geta brugðist skjótt við lendi nemendur í sjónum. „Brúarstólpar bygja umsjónarmönnum sýn og lengja þann tíma sem slasaður einstaklingur er í köldum sjónum.“

Þá segir að hætta skapist fyrir sjósundfólk verði brúin byggð og



**ÚLFUR H. HRÓBJARTSSON** Formaður Siglingasambands Íslands segir Reykjavík og Kópavog byggja áform um brú yfir Fossvog á skýrslu þar sem láðst hafi að geta neikvæðra áhrifa.  
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

siglingafélögin hrekist úr Fossvogi. „Á hverju sumri eru tugir sundmanna dregnir örmagna upp í öryggisbáta félaganna“, segja talsmenn Brokeyjar og Ýmis.

Þá er það sögð vera „skrumskæling á sannleikanum“ að gefa í skyn að að brúin stytta leiðina úr byggðum sunnan Reykjavíkur að Landspítalanum, Háskóla Íslands og Háskólanum í Reykjavík. „Sé leiðin frá botni Kópavogs að Háskólanum í Reykjavík mæld kemur í ljós að að gamla leiðin er um einum kílómetra styttri en ný leið á brú yfir Fossvog“, segja félögin.

Af fjölmörgum öðrum aðfinnsluatriðum má nefna ábendingu um að sanddæluskip muni ekki komast til

„Á hverju sumri eru tugir sundmanna dregnir örmagna upp í öryggisbáta félaganna.“

Siglingafélögin Brokey og Ýmir

að dýpka höfnina hjá Ými eða með þau sjötíu tonn af sandi sem flytja þurfi annað hvert ár á ylströndina í Nauthólsvík. Hugmyndir um opnanlega brú séu vanhugsáðar, umferð báta um Fossvog stórlega vanmetin, ekki tekið nægt tillit til sjávarfalla og mat á áhrifum á lífríki séu annað tveggja ágiskanir eða byggt á gömlum gögnum.

gar@frettabladid.is

## Spennufall varð staðreynd í fyrsta skipti hjá fiskmjölsverksmiðju HB Granda: Þurfti að loka fyrir rafmagnið

**SJÁVARÚTVEGSMÁL** Rétt náðist að bræða síðasta kolmunnatönnið á Vopnafirði áður en verksmiðja HB Granda á staðnum var svipt orku til bræðslunnar. „Við höfum keyrt fiskmjölsverksmiðjuna á svokallaðri ótryggri raforku en aldrei lent í teljandi vandræðum fyrr en nú. Við fengum að halda rafmagninu fram yfir hádegi síðastliðinn mánudag og það munaði ekki miklu að við næðum að bræða síðasta kolmunnaflann um svipað leyti“, segir Sveinbjörn Sigmundsson, verksmiðjustjóri HB Granda á Vopnafirði, í frétt á vef fyrir-tækisins.

Þar segir að vatnsbúskapur í uppistöðulónum virkjana á Norðurlandi sé mun lakari en menn hafi átt að venjast undanfarin ár og því hefur þurft að grípa til skerðingar á raforku til stóriðju og fyrirtækja sem verið hafa með samninga um kaup á ótryggri raforku. Að sögn Sveinbjörns er þetta



**Á VOPNAFIRÐI** Tekið var á móti rúmlega 19.000 tonnum af kolmunna á Vopnafirði.  
MYND/HB GRANDI

í fyrsta sinn sem raforkuskortur bitnar að einhverju marki á fiskmjölsverksmiðjum á Norðaustur- og Austurlandi.

Tekið var á móti rúmlega 19.000

tonnum af kolmunna á Vopnafirði á þeim rúma mánuði sem veiðarnar stóðu yfir en tvívegis lönduðu skip HB Granda afla í Færeyjum vegna veðurs.


-shá



# Betri kjör á bílafjármögnun

**Landsbankinn býður upp á** tvær leiðir, bílasamning eða bílalán, til að eignast nýjan eða notaðan bíl, ferðavagn eða vélhjól.

- » 9,4% óverðtryggðir – breytilegir vextir
- » Lægri lántökugjöld
- » 10.000 Aukakrónur\*
- » Lánstími er allt að 7 árum
- » Lánshlutfall er allt að 75%



Skilmála og nánari upplýsingar má finna á [landsbankinn.is](http://landsbankinn.is) eða hjá Bíla- og tækjafjármögnun Landsbankans í Borgartúni 33.

\* Fylgja öllum nýjum lánum yfir 500.000 kr. sem tekin eru frá 10. maí til 7. júní.



# GLÆSILEGT ÚRVAL!

Gerðu góð kaup!  
Allt að 80% lánamöguleikar

Erum með frábær eintök  
af bílum í öllum stærðum og gerðum.




Rnr. 280524

KIA CEED EX

Nýskr. 12/12, ekinn 2 þús. km,  
dísil, sjálfskiptur.

VERÐ kr. 4.580 þús.

VIÐ EIGUM  
BÍLINN HANDA  
PÉR!



Rnr. 151926

NISSAN X-TRAIL SE

Nýskr. 01/11, ekinn 67 þús. km,  
dísil, sjálfskiptur.

VERÐ kr. 4.690 þús.



Rnr. 130544

PEUGEOT 208

Nýskr. 11/12, ekinn 8 þús. km,  
bensín, beinskíptur.

VERÐ kr. 2.690 þús.



Rnr. 170330

VW POLO COMFORTLINE

Nýskr. 05/11, ekinn 24 þús. km,  
bensín, beinskíptur.

VERÐ kr. 2.080 þús.



Rnr. 120180

HYUNDAI i10

Nýskr. 05/11, ekinn 24 þús. km,  
bensín, sjálfskiptur.

VERÐ kr. 1.550 þús.



Rnr. 200914

SUBARU LEGACY WAGON

Nýskr. 01/12, ekinn 25 þús. km,  
bensín, sjálfskiptur.

VERÐ kr. 4.480 þús.



Rnr. 280549

NISSAN QASHQAI+2 SE

Nýskr. 07/12, ekinn 5 þús. km,  
bensín, sjálfskiptur.

VERÐ kr. 5.190 þús.

# bilaland

Kletthálsi 11 og Breiðhöfða -110 Reykjavík

Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is

www.bilaland.is



www.facebook.com/bilaland.is



HÁTT UPPI Markmið kennslunnar er að allir nemendur finni hreyfingu sem hentar hverjum og einum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Börnin áhugasöm um slökun og svefn

Efri bekkjum Rimaskóla er kennt að tileinka sér heilbrigðan lífsstíl. Uppskeruhátíð lífsstílhópa var í gær. Umsjónarmenn námskeiðsins eru hæstánægðir með árangurinn og telja hann mikilvægan lið í því að stuðla að almennu heilbrigði á Íslandi.

**MENNTUN** „Þetta hefur verið alveg frábært, og það er svo gaman að sjá hvað krakkarnir taka vel í þetta,“ segir Áslaug Traustadóttir, kennari í Rimaskóla. Gleðin var við völd á uppskeruhátíð skólans sem haldin var í Gufunesbæ í Grafarvogi í gær.

Lífsstíl sem valgrein í Rimaskóla er skipt í fjóra hluta sem eru næringarfræði, svefnvenjur og slökun, heilsumatreiðsla og hreyfing. Áslaug er annar umsjónarmaður átaksins og segir það hafa gefið góða raun. Á uppskeruhátíðinni kenndi ýmissa grasa, meðal annars fór fram klifurkennsla í turni, FOLF, íslenska frísbíggjfélagið leiðbeindi nemendum í frísbíggj og taekwondo-deild ÍR sýndi bardagalistir og braut spýtur.

Námskeiðinu er ætlað að stemma stígu við síversnandi heilsu íslenskra ungmenna. Umræða um heilsufar og líkamsástand íslenskra ungmenna hefur verið áberandi undanfarin ár. Æ fleiri eiga við heilsufarsvanda að stríða og yfirþyngd íslensku þjóðarinnar mælist vaxandi, ekki eingöngu meðal ungmenna.

Nemendur fá að spreya sig á eldamennsku eftir uppskriftabók sem umsjónarmenn hafa útbúið með heilsusamlegum réttum. Þeir fá líka að prófa sem flestar íþróttagreinir, nokkuð sem vakti mikla lukku og flestir fundu eitthvað við sitt hæfi. „Það kom fljótlega í ljós að mörg barnanna höfðu aldrei haft tækifæri til að prófa þessar íþróttir og finna þannig hreyfingu við sitt hæfi,“ segir Áslaug og bætir við að íþróttaiðkun barna sé kostnaðarsöm og því ekki hægt um vik fyrir barnafjölskyldur að prófa sig áfram þar til rétt íþróttagrein eða form hreyfingar sé fundin fyrir börnin.

„Það var einnig gaman að sjá hvað nemendurnir voru áhugasamir um djúpslökun og svefnvenjur, en þessi hugmynd okkar Eyrúnar Ragnarsdóttur spratt út frá því hversu algengt brottfall úr íþróttum er meðal unglinga.“ Þetta segir Áslaug meðal annars stafa af því að margir unglingar



LÍÐUG Dans-fitness vakti mikla lukku meðal þessara krakka.



GRJÓTHARÐIR Taekwondo-deild ÍR sýndi spýttubrot með handafli.

### UPPSKRIFT KÓKOS- OG DÖÐLUKONFEKTKÚLUR

#### Hráefni

250 grömm döðlur  
¾ dl kalt vatn  
4 dl kókosmjöl  
3 tsk. kakó  
110 grömm af smjöri  
við stofuhita  
4 dl haframjöl

#### Aðferð

Setjið döðlur og vatn í pott og látið suðuna koma upp. Látið malla við vægan hita þar til vatnið er næstum allt gufað upp. Setjið döðlurnar í matvinnsluvél og makið þær vel. Setjið makið í skál og látið

mesta hitann rjúka úr því. Blandið hinu hráefninu saman við döðlumakið og hnoðið vel saman. Búið til fallegar litlar kúlur og veltið upp úr kókosmjöli. Geymið í vel lokuðu boxi í kæli. Geymist í um það bil mánuð.

séu í tölvum langt fram á nætur. „Með því að segja þeim hvaða áhrif ónægur svefn og hvíld hafa vonum við að þau tileinki sér heilbrigðari svefnvenjur.“

Umsjónarmenn átaksins, þær Áslaug og Eyrún, hafa útbúið

námsbók, kennsluáætlun, ítarlegri, uppskriftir og vinnubækur fyrir nemendur og vona þær að með því að vekja athygli á þessu muni fleiri grunnskólar fylgja á eftir. Átakið er styrkt af Landlæknisembættinu. olof@frettabladid.is

**VERÐ FRÁ KR.**  
 Þvottavélar 1200 sn.....**69.900,-**  
 Þurrkarar.....**44.900,-**  
 Uppþvottavélar.....**59.900,-**  
 Borðuppvottavélar..**34.900,-**

**VERÐ FRÁ KR.**  
 Kælikápar.....**29.900,-**  
 Frystiskápar.....**34.900,-**  
 Frystikistur.....**39.900,-**  
 Innbyggðir kælik.....**59.900,-**

**VERÐ FRÁ KR.**  
 Keramik helluborð....**44.900,-**  
 Spanhelluborð.....**59.900,-**  
 Ofnar með blæstri....**49.900,-**  
 Eldavélar.....**49.900,-**  
 Háfar.....**19.900,-**  
 Eldhúsviftur.....**9.990,-**



**Hár & heilsa**

**VERÐ FRÁ KR.**  
 Nefhásnyrtir.....**990,-**  
 Krullujárn.....**1.490,-**  
 Hárblásarar.....**1.490,-**  
 Baðvogir gler/digital.....**1.990,-**  
 Sléttujárn.....**1.990,-**  
 Háklippisett.....**1.990,-**  
 Nuddtæki.....**1.990,-**  
 Eyrnahitamælar...**2.990,-**  
 Rafm.hitapúðar...**3.490,-**  
 Blóðþrýstingsm...**3.990,-**  
 Fótanuddtæki.....**4.990,-**  
 DECT barnapía...**7.990,-**  
 Nuddsæti.....**19.990,-**

**Eldhústæki**

**VERÐ FRÁ KR.**  
 Töfrasprotar.....**1.490,-**  
 Brauðristar.....**1.990,-**  
 Hraðsuðukönnur..**2.490,-**  
 Kaffivélar.....**2.990,-**  
 Handþeytarar.....**2.990,-**  
 Samlokugrill.....**2.990,-**  
 Blandarar.....**2.990,-**  
 Hrísgrjónapottar..**3.990,-**  
 Racklettegrill.....**3.990,-**  
 Mínútu-grill.....**3.990,-**  
 Vöflujárn.....**3.990,-**  
 Grillofnar.....**4.990,-**  
 Djúpsteikingap...**5.990,-**



VIÐ FLYTJUM LAGERINN OKKAR

**LAGER HREINSUN**

**500**  
vörur með allt að 60% afslætti

**SAMSUNG**

**SC-5610 Ryksuga**  
 Vönduð heimilisryksuga með 9 metra vinnuradius og 3,5 lítra poka  
 ✓ Óragnasía  
 ✓ Stálskaft  
 ✓ Lárétt / lóðrétt geymslustaða  
 ✓ Fullt verð kr. 19.990

KYNNINGARVERÐ KR. **9.995**  
50% AFSLÁTTUR

**BOSCH**

**MUM-4825 Hrárivél með fylgihlutapakka**  
 600W hrárivél með grænmetisskerai og fylgihlutageymslu. Getur ráðið við allt að 2,7 kg af brauðdegi með 3,9 lítra skál. Lok með hveitirennu. Deigkrókur, hrærari og þeytari. 4 hraðastillingar. Fullt verð kr 29.990.



**Heimilisvörur**

**VERÐ FRÁ KR.**  
 Straujárn.....**1.990,-**  
 Hitablásarar.....**2.490,-**  
 Handryksugur.....**2.990,-**  
 Ryksugur.....**5.990,-**  
 Olíuf. rafm.ofnar...**6.990,-**  
 Rafmagnsarinn...**24.990,-**  
 Ryksuguróbotar..**29.900,-**



OKKAR LÆGSTA VERÐ KR. **9.990**  
38% AFSLÁTTUR

exquisit  
 MW-717BLACK  
 Flottur svartur örbylgjuofn  
 Fullt verð kr. 15.990

LAGERHREINSUN KR. **14.990**  
SPARAÐU 5.000

**Electrolux**  
 ESB-4400 Silent Mix blandari  
 Byltingarkenndur ofurhljóðlátur blandari með kraftmiklum 600W mótör. Þríhyrningslöguð glerkanna sem blandar betur og hraðar. Auðveldur í þrifum.  
 ✓ Malar klaka og frosin ber léttilega.  
 ✓ 600W hljóðdeyfður mótör.  
 ✓ Vinsælasti blandarinn okkar frá upphafi.  
 ✓ Fullt verð kr. 19.990

**Rafha ehf**

Opið virka daga 10-18 laugardag 11-17

Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík Sími 5880500 www.rafha.is



**FERÐAMENN Á FERÐ** Uppgangur ferðapjónustu kallar á mikla vinnu í greininni.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Ónóg hvíld skerðir viðbragð: Fólki þarf að ná nægum svefni

**FERÐAPIJÓNUSTA** Í dreifibréfi til fyrirtækja í ferðapjónustu segist Vinnueftirlitið að gefnu tilefni vekja athygli á gildandi vinnutímaákvæðum. Bréfið, sem sent var fyrr í mánuðinum, fór einnig til samtaka atvinnurekenda, stéttarfélaganna og víðar.

Bent er á að ákvæði sem varða vinnutíma hafi verið fest í lög til þess að vernda heilsu vinnandi fólks. „Rannsóknir hafa sýnt að næturvinna og óreglulegur vinnutími geta haft áhrif á athyglisgáfu og viðbragðsflýti. Það er því þýðingarmikið að nætur- og vaktavinnu sé skipulögð á þann hátt að sem minnst verði dregið úr eðlilegum svefni og hvíld starfsmanns,“ segir í bréfinu.

- óká

## BANDARÍKIN

### Ekinn niður með bolta

Seattle-búinn Richard Swanson lést samstundis þegar ekið var á hann á hraðbraut skammt frá borgarmörkum Lincoln City í Oregon. Swanson ætlaði að rekja fótbolta 16.000 kílómetra vegalengd frá heimaborg sinni til Brasílu þar sem HM í knattspyrnu verður haldin 2014. Með ferð sinni ætlaði hann að styrkja fátæk börn með boltagjöfum.

# Í samræmi við hægari alþjóðlegan hagvöxt hefur hér dregið úr hagvexti og viðskiptakjör rýrnað: Vöxtum Seðlabankans haldið óbreyttum

**EFNAHAGSMÁL** Peningastefnufnd Seðlabanka Íslands kynnti í gærmorgun ákvörðun sína um að halda vöxtum bankans óbreyttum.

„Tónninn í yfirlýsingu peningastefnufndarinnar er óbreyttur frá síðustu vaxtaákvörðun. Kemur það nokkuð á óvart þar sem með hliðsjón af bæði hægari hagvexti og bættum verðbólguhorfum mátti vænta þess að nefndin myndi nefna möguleikann á lækkun stýrivaxta,“ segir í umfjöllun Greiningar Íslandsbanka í gær.

Í yfirlýsingu peningastefnufndarinnar er bent á að í samræmi við hægari alþjóðlegan hagvöxt hafi dregið úr hagvexti hér á landi og viðskiptakjör rýrnað.

„Horfur eru á að innlendir hagvöxtur verði í ár og yfir spátímabilið heldur minni en Seðlabankinn spáði í febrúar, en eigi að síður nálægt meðalhagvexti undanfarna þriggja áratuga.“ Bati á vinnu- markaði er sagður halda áfram. Þá hafi verðbólga hjaðnað í takt við spár bankans, hún mælist nú 3,3%.

## Umdeilanleg ákvörðun

Samtök atvinnulífsins segja ákvörðun peningastefnufndar Seðlabankans um óbreytta stýrivexti umdeilanlega. Í tilkynningu SA eru rök fyrir vaxtalækkun sögð vega þyngra en rök fyrir óbreyttum vöxtum um þessar mundir. „Stærsti vandi íslensks efnahagslífs eru litlar fjárfestingar og þar af leiðandi slakar hagvaxtarhorfur. Vextir Seðlabankans skipta miklu máli um það hvort fjárfestingar atvinnulífsins taka við sér eða ekki,“ segir þar.

„Mælikvarðar á undirliggjandi verðbólgu og verðbólguvæntingar eru þó hærri. Eigi að síður er því spáð að verðbólgu markmiðið náist heldur fyrr en áður var gert ráð

fyrir. Vegast þar á minni hagvöxtur og herra gengi krónunnar annars vegar og meiri hækkun launa og minni framleiðnivöxtur hins vegar,“ segir í yfirlýsingunni. - óká

Hvatningarverðlaun til að vekja athygli á gróskumiklu starfi í skólum borgarinnar:

## Hvatt til nýbreytni og þróunar í skólastarfi

**MENNTUN** Jón Gnarr borgarstjóri og Oddný Sturludóttir, formaður skóla- og frístundaráðs, afhentu í byrjun vikunnar hvatningarverðlaun fyrir metnaðarfullt fagstarf í leikskólum, grunnskólum, frístundamiðstöðvum og skólahljómsveitum borgarinnar. Athöfnin fór fram í Tjarnarsal Ráðhússins.

Sigrún Björnsdóttir, upplýsinga- fulltrúi Ráðhússins, segir markmið hvatningarverðlaunanna að vekja athygli á því gróskumikla skóla- og frístundastarfi sem unnið er af starfsfólki skóla- og frístundasviðs og hvetja til nýbreytni og þróunarstarfs. Þrenn verðlaun voru veitt á hverju fagsviði; til leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs, auk tveggja samstarfsverkefna í hverfum sem hlutu sérstaka viðurkenningu.

- ósk



**VERÐLAUNUÐ** Fjölmargir fengu hvatningarverðlaun fyrir metnaðarfullt skólastarf þegar þau voru afhent í Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur á mánudag.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

# TÆKIFÆRI Á NORÐURSLÓÐUM

víb

## BEIN ÚTSENDING Í DAG, 16. MAÍ, KL. 8.30–10.00

Fylgstu með fundi VÍB þar sem rætt verður um þau tækifæri sem kunna að bjóðanna á norðurslóðum. Ýmsar breytingar eru að verða og hafa þegar orðið á norðurheimskautssvæðinu og á fundinum verður ljósi varpað á ný fjárfestingatækifæri sem þær hafa í för með sér og möguleika Íslendinga á að nýta þau.



» **Svend Hardenberg**, athafnamaður og sveitarstjóri í Qaasuitsup, ræðir um fjárfestingatækifæri og heildarfjárfestingarþörf á Grænlandi.



» **Heiðar Már Guðjónsson**, fjárfestir, fjallar um tækifæri íslenskra fyrirtækja í tengslum við uppbygginguna á Grænlandi.



» **Haukur Óskarsson**, framkvæmdastjóri hjá Mannviti, fjallar um tækifæri Íslands á norðurslóðum.



RANNSÓKNARMIÐSTÖÐ UM SAMFÉLAGS- OG EFNAHAGSMÁL

Fundarstjóri verður **Martha Eiríksdóttir**.



Á [www.vib.is](http://www.vib.is) má fylgjast með fundinum í beinni útsendingu eða horfa á upptöku af honum síðar.

» Markmið funda VÍB er að stuðla að upplýstri og faglegri umræðu um mikilvæg mál á sviði eignastýringar, viðskipta og efnahagsmála.

Íslandsbanki | Kirkjusandi | 155 Reykjavík | Sími 440 4900 | [vib@vib.is](mailto:vib@vib.is)

[facebook.com/VIB.stofan](https://www.facebook.com/VIB.stofan) | [@vibstofan](https://twitter.com/vibstofan) | [www.vib.is](http://www.vib.is)



PRENTUN

TÖLVUFRÆÐI

MARGMIÐLUNARFRÆÐI

HLJÓÐTÆKNI

SNYRTIFRÆÐI

HÁRSNYRTIÐN

HREYFIMYNDAGERÐ

FATAHÖNNUN

LEIKLIST

RAFEINDA  
VIRKJUN

GULL- OG  
SILFURSMÍÐI

VEFSMÍÐI

# ÞETTA GETUR ÞÚ

Framtíð þín byrjar í haust.

Almenn hönnun, fatatæknir, kjólasaumur, klæðskurður, listnám, fatahönnun, gull- og silfursmíði, myndlist, hársnyrtiðn, snyrtifræði, margmiðlunarhönnun, vefsmíðar, hreyfimyndagerð, teiknimyndagerð, leiklist, bókband, bókasafnstækni, grafísk miðlun, upplýsinga- og fjölmiðlataekni, ljósmyndun, prentun, tölvufræði, húsasmíði, húsgagnasmíði, húsgagnabólstrun, málaraiðn, múraraiðn, pípulagnir, tækniteiknun, veggfóðrun og dúkalögn, sjúkraliði, lyfjatæknir, fóttaðgerðafræði, tanntæknir, bifreiðasmíði, bifvélavirkjun, bílamálun, flugvirkjun, einkaflugmaður, hljóðtækni, kvikmyndasýningastjórn, rafeindavirkjun, rafvélavirkjun, rafvirkjun, rafveituvirkjun, blikksmíði, rennismíði, stálsmíði, vélstjórn, vélvirkjun, skipstjórn, bakaraiðn, framreiðsla, kjötiðn, matreiðsla, matartækni, kjötskurður, slátrun, félagsliði, félagsmála- og tómstundanám, verslunarnám, skrudgarðyrkja, blómaskreytingar, búfræði, leikskólaliði.

PIFON / SIA FOTABEIT

## Starfsmenntun gefur forskot þegar komið er út á vinnumarkaðinn.

Starfsnám á Íslandi er fjölbreytt og nýtist á öllum sviðum atvinnulífsins. Starfsnám er skapandi og skemmtilegt nám. Því fylgja oft alþjóðleg starfsréttindi sem opna möguleika á störfum erlendis. Hugsaðu um sjálfa(n) þig í haust og veldu nám sem veitir ótal tækifæri. Kynntu þér málið nánar á [WWW.MENNTAGATT.IS](http://WWW.MENNTAGATT.IS)



MENNTA- OG  
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTTIÐ





Dansar í Eldborg  
@ Harpa, Eldborg – 24. & 25. maí – frá KR. 3.000



Leikið í myrkri  
@ Harpa, Norðurljós – 22. maí – KR. 4.200



Lúðurhljómur í skókassa  
@ Listasafn Reykjavíkur, Hafnarhús – Opnar 18. maí



Bang on a Can – All Stars – Opnunartónleikar Listahátíðar  
@ Harpa, Eldborg – 17. maí – KR. 4.800



Rýmin & skáldin I–VI  
@ Borgarbókasöfnin – 21. maí til 1. júní – KR. 2.000



Nº27  
2013

Listahátíð  
í Reykjavík

# Landsvirkjun er stoltur bakhjarl Listahátíðar



Diana Damrau & Xavier de Maistre  
@ Harpa, Eldborg – 2. júní – frá KR. 3.200



Shostakovich-áskorunin  
@ Harpa, Norðurljós – 2. júní – KR. 2.000 / 6.800



Routeopia  
@ Lagt af stað frá Hörpu  
19., 26. & 31. maí – KR. 3.000



CAT 192 – Lokaatriði Listahátíðar  
@ Harpa, Eldborg – 2. júní – KR. 500



Vessel Orchestra – Opnunaratriði Listahátíðar  
@ Miðbakki við Reykjavíkurhöfn – 17. maí – enginn aðgangseyrir

## 17. maí — 2. júní






1

**NOREGUR** Lögreglumaður notaði sprengjuleitarvélmanni til að kanna innihald tösku sem skilin var eftir við opinbera byggingu í Ósló í Noregi í gær. NORDICPHOTOS/AFP



ÁSTAND HEIMSINS



2

**BANGLADESS** Gervihnattamynd af fellibylnum Mahasen í gær þar sem hann stefndi í norðurátt til Bangladess og Mjanmar. Hundruðum þúsunda í löndunum var gert að rýma strandhéruð af ótta við flóð og veðurofsa. NORDICPHOTOS/AFP



3

**HOLLAND** Vilhjálmur Alexander, konungur Hollands, og Jeanine Hennis-Plasschaert, varnarmálaráðherra landsins, stinga saman nefjum við opnun varnarmálaráðuneytisins eftir endurbætur í gær. NORDICPHOTOS/AFP



4

**ÚKRAÍNA** Á meðan Viktor Janúkovitsj, forseti Úkraínu, hélt ræðu í úkraínska þinginu í gær mótmæltu stjórnarandstöðupingmenn. Þeir hrópuðu slagorðið „Frelsi handa Júlíu!“ og héldu á loft flaggi með mynd af Júlíu Tímosjenkó, fyrrverandi forsætisráðherra landsins, sem situr í fangelsi. NORDICPHOTOS/AFP



5

**SVÍPJÓÐ** Höfnin í Stokkhólmi þykir með þeim fallegustu í heimi. Hin 92 metra langa snekkja Mayan Queen liggur þar við bryggju. NORDICPHOTOS/AFP



6

**PALESTÍNA** Palestínskur unglingur á flóttu frá gröfu Ísraels hers í átökum sem út brutust í gær milli Palestínumanna og Ísraelskra hermannanna fyrir utan Ofer-fangelsið á Vesturbakkanum nærri Ramallah. Átökin brutust út eftir göngu til minningar um „Dag hamfaranna“ (Nakba) fyrir 65 árum þegar Ísraelsríki var stofnað árið 1948. NORDICPHOTOS/AFP

Brandenburg

**VIGNIR SVERRISSON**  
ÞRÍÞRAUT

**VIÐ VEITUM ÍSLENSKU AFREKSFÓLKI VILJASTYRK**

**SAFFERAN**  
viljastyrkur.is





**wise**  
- snjallar lausnir





**nýtt nafn**

## Maritech hefur nú breytt nafni sínu í Wise

Wise nafnið hefur verið notað um árabíl á mörgum af okkar lausnum.

Með breytingunni erum við fyrst og fremst að styrkja vörumerkið Wise og samræma markaðsstefnu okkar.

Við hlökkum til ánægjulegs samstarfs.



Wise lausnir ehf.  
Borgartún 26, 105 Reykjavík » Hafnarstræti 102, 600 Akureyri  
sími: 545 3200 » [wise@wise.is](mailto:wise@wise.is) » [www.wise.is](http://www.wise.is)



Microsoft  
Dynamics™ NAV

Microsoft Partner

Gold Enterprise Resource Planning  
Silver Independent Software Vendor (ISV)

# Sjö þúsund Íslendingar bera í sér banvænt krabbameinsgen

Um 80% líkur eru á því að um 7.000 Íslendingar á skrá Íslenskrar erfðagreiningar fái banvænt krabbamein. Kári Stefánsson vill gera fólkinu viðvart en hefur ekki lagaheimild. Landlæknir segir um álitamál að ræða sem þurfi að ræða. Persónuvernd hefur ekki fjallað um málið.

**HEILBRIGÐISMÁL** Um 7.000 Íslendingar af báðum kynjum bera í sér stökkbreytt krabbameinsgen sem auka líkur á sjúkdómnum um 80 prósent. Íslensk erfðagreining (ÍE) hefur þessar upplýsingar dulkóðaðar en getur ekki gert fólkinu viðvart sökum persónuverndarsjónarmiða og laga.

Kári Stefánsson, stofnandi og forstjóri ÍE, segist hafa gengið á milli stjórnmalamanna undanfarin ár og reynt að fá heimild til að upplýsa fólk um að það hafi þessi gen. Honum hafi þó ekki orðið ágengt.

„Það eru um sjö þúsund manns í íslensku samfélagi sem hægt væri að sinna með því að nýta þá getu sem við höfum ef Persónuvernd gæfi lagalega heimild,“ segir hann. „Stökkbreytingunni fylgja um 80 prósent líkur á því að viðkomandi fái banvænt krabbamein og með því að ná til þessa fólks í tíma er hægt að minnka líkurnar á því að fólkið deyi úr sjúkdómnum.“

Um er að ræða sex erfðavísa sem valda hinum ýmsu krabbameinum. Einn þeirra, BRCA 2, sem veldur brjóstakrabbameini, styttir líftíma þeirra kvenna sem það fá um tólf ár að meðaltali.

„En það getur styst um marga áratugi,“ segir Kári. „Mér finnst þetta vera brátt mál og ekki hægt að réttlæta það með því að yppa öxlum og hugsa þetta.“

Fregnir bárust á þriðjudag af bandarísku leikkonunni Angelinu Jolie sem lét fjarlægja bæði brjóst sín til að minnka líkurnar á brjóstakrabbameini, en hún greindist með BRCA-stökkbreytingu sem dró móður hennar til dauða 56 ára að aldri.

„Ég hef labbað á milli Pontíusar og Pílatúsar í fjögur ár en ekki náð að vekja áhuga neins og stjórnmalamennirnir vilja ekki hlusta,“ segir Kári. „Það er ekki fyrr en einhver snoppufríð og fræg leikkona úti í heimi kemur fram, þá er allt í einu hægt að fá fólk til að ræða þetta. Og kannski skilar það meira að segja árangri í þetta sinn.“

Kári segir Ísland vera í einstakri aðstöðu til að bjarga lífi þessa fólks. „Með því að ýta á einn takka, að fengnu samþykki samfélagsins, getum við fundið þetta fólk.“ Áætlað er að um 1.200 konur á Íslandi beri BRCA 2 stökkbreytingu. sunna@frettabladid.is



**GEYMT Í GEN-UNUM**

Íslensk erfðagreining hefur upplýsingar um 7.000 Íslendinga sem bera stökkbreytt krabbameinsgen. Þar af eru um 2.400 með brjóstakrabbameinsgenið BRCA 2.

NORDICPHOTOS/GETTY



„Það er ekki fyrr en einhver snoppufríð og fræg leikkona úti í heimi kemur fram, þá er allt í einu hægt að fá fólk til að ræða þetta. Og kannski skilar það meira að segja árangri í þetta sinn.“

Kári Stefánsson  
forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar

## → Holskefla símtala vegna stökkbreytinga

Íslensk erfðagreining og erfðaráðgjöf Landspítalans höfðu vart undan í gær við að svara fyrirspurnum fólks um stökkbreyttu krabbameinsgenin. ÍE vísaði þó öllum símtölum á Landspítalann þar sem engar lagaheimildir eru fyrir því að veita fólki upplýsingar um mögulega stökkbreytingu, sé það á skrá hjá fyrirtækinu.

„Við getum ekki gert neitt annað, því við þurfum leyfi Persónuverndar og erum að bíða eftir því að menn taki sínar ákvarðanir um hvað þeir vilji gera,“ segir Kári. Erfðaráðgjöf Landspítalans getur þó engar upplýsingar veitt, þar sem stofnunin hefur ekki aðgang að upplýsingum ÍE.

„Það er brjáláð að gera,“ segir Vigdís Stefánsdóttir, hjá erfðaráðgjöf LSH. „En við höfum engar upplýsingar um hvað er á skrá hjá ÍE, við veitum einungis ráðgjöf og framkvæmum erfðarannsóknir, að öðru leyti höfum við engan möguleika á að nálgast þessar upplýsingar.“

**2.400** eru sagðir bera í sér brjóstakrabbameinsgenið BRCA 2.



„En munum að um er að ræða upplýsingar sem eru byggðar á tilreiknuðum líkindum.“

Geir Gunnlaugsson  
landlæknir

## → Byggir einungis á tilreiknuðum líkindum

„Þetta er klárt álitamál sem þarf að ræða,“ segir Geir Gunnlaugsson landlæknir. „En munum að um er að ræða upplýsingar sem eru byggðar á tilreiknuðum líkindum og er alls ekki þannig að þetta fullyrði að viðkomandi manneskja fái sjúkdóminn.“

Árið 2010 var settur saman hópur til að fara yfir verkefnið árið 2010 en niðurstaðan var sú að á þeim tímapunkti voru ekki forsendur til að senda bréf heim til fólks með upplýsingum um líkindi á áhættu þess hvað varðar krabbamein, samkvæmt Geir.

„Samtímis kemur líka fram í því áliti að við erum opin fyrir að skoða hvernig hægt sé að bjóða einstaklingum upp á þessa vitneskju og það er mál sem við stöndum enn frammi fyrir,“ segir hann. „Það er gríðarlega mikilvægt að það sé góð sátt í samfélaginu um að aðgangur verði leyfður að slíkum upplýsingum.“ Hann bendir einnig á að allir þessir einstaklingar muni þurfa að fara í erfðaráðgjöf og það þurfi þá að skipuleggja sérstaklega.

**12** ár eru sá tími sem BRCA 2 getur stytt líf þeirra kvenna sem fá brjóstakrabba.



„Almennt viðhorf hefur verið að erfðapróf eigi að byggjast á samþykki þannig að fólk geti nálgast þetta sjálft frekar en að þær séu sendar viðkomandi einstaklingi að honum forspurðum.“

Þórður Sveinsson  
lögfræðingur hjá Persónuvernd

## → Persónuvernd ekki með málið á borðinu

Þórður Sveinsson, staðgengill forstjóra hjá Persónuvernd, segir engin mál þessu tengd hafa komið inn á borð stofnunarinnar, en vissulega sé mikið álitaefni hvernig fara eigi með svona upplýsingar.

„Almennt viðhorf hefur verið að erfðapróf eigi að byggjast á samþykki þannig að fólk geti nálgast þetta sjálft frekar en að upplýsingar séu sendar viðkomandi einstaklingi að honum forspurðum,“ segir hann. „En við höfum ekki fengið svona erindi, en ef við fáum slíkt þá verðum við að fjalla um það.“ Lífsýni hjá ÍE hafa verið fengin með samþykki viðkomandi einstaklinga.

**80%** líkur eru á að manneskja sem ber hið stökkbreytta gen fái banvænt krabbamein.



## Bjarta hlið heilans -hvernig virkar hvíta svæðið?

Fimmtudaginn 16. maí kl. 16:10-17:10  
á Hótel Plaza, Aðalstræti 4, Reykjavík

Dr. Ragnhildur Þóra Káradóttir frá Háskólanum í Cambridge heldur áhugavert erindi um upplýsingahraðbraut heilans og hvernig hægt er að lagfæra skemmdir af völdum ýmissa sjúkdóma.

Erindið, sem fer fram á ensku, er í boði Rannís og NEURON verkefnisins sem er samstarf 14 Evrópulanda á sviði taugalíffræðirannsókna.

Fyrirlesturinn er ætlaður almenningi. Allir velkomnir á meðan húsrúm leyfir!



## Kona dæmd fyrir fjárdrátt: Braut trúnað og traust í starfi

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjaness hefur dæmt fyrrverandi gjaldkera félags kennara og starfsmanna Lækjarskóla í Hafnarfirði í þriggja mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir fjárdrátt. Gjaldkerinn, sem er kona á fimmtugsaldri, dró sér tæpar þrjár milljónir króna á árunum 2006 til 2010.

Konan játaði sök við en krafðist þess að henni yrði ekki gerð refsing í málinu þar sem rannsókn málsins hefði dregist og það væri ekki sér að kenna. Hún væri einnig búin að greiða til baka 1.500.000 krónur og hefði gert sátt um eftirstöðvarnar. Dómurinn leit hins vegar til þess að brotin stóðu yfir í mörg ár og að konan naut trúnaðar og trausts sem gjaldkeri félags kennara og starfsmanna skólans, sem hún brást.

# Pottormarnir mættir



Garðkarfa 65L  
**1.990**



Garðkarfa 25L  
**990**



Jarðvegsdúkur 10x1,2 m  
**1.350**



Strákústur  
30cm breiður  
**695**

Tréolia 30, 3 lítrar á pallinn og annað tréverk

**2.690**

## Portúgalskir leirpottar í úrvali - Gæðavara

Undirdiskar fánlegir

Verð frá kr. 145



Ø=50cm  
**1.890**

**2.690**

**890**

**995**

**545**

Ø=18cm  
**145**

Laufhrifa  
**690**



**1.990**

**1.970**  
110 cm

**1.390**

**1.390**



Mako sterkir ruslapokar  
120 lítrar 10stk  
**390**



Garðverkfæra hirsla  
52x32x20 cm  
**1.390**



Flúðamold 20 l  
**590**



Turbokalk 12,5 kg  
**2.590**



Kalkkorn 5 kg  
**798**



Bláskorn 5 kg  
**1.490**



**29.990**

**GAS GRILL**  
4 brennarar  
14 kw/h. (12.000Btu)  
Kveikja í stillihnapp  
- hitamælir  
Grillgrind er postulins-  
húðuð. 43x37 cm  
Hitaplata er postulins-  
húðuð. 43x39 cm  
Prýstjafnari og  
slanga fylgir.



WZ-9006 Greinaklippur  
**690**



WZ-9008 Hekk klippur 8"  
**1.690**



WZ-9019 Greinaklippur  
**1.490**



MIKIÐ ÚRVAL AF  
RISAPOTTUM



Moltutankur grænn 350 l  
**8.900**



Framúrskarandi  
fyrirtæki 2012



12 lítra fata  
**298**



Meiri gæði  
Lægra verð  
**MÚRBÚÐIN**

**MÚRBÚÐIN**

- Afslátt eða gott verð?

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Reykjavík	Kletthálsi 7	Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16
Reykjanesbær	Fuglavík 18	Opið virka daga kl. 8-18
Akureyri	Furuvöllum 15	Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-14
Vestmannaeyjar	Flötum 29	Opið virka daga kl. 8-18

Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!

# BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS

NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL



**198**  
KR. 4 STK

**BIRKIKUBBAR 4 STK**



**198**  
KR. 120 GR

**OSTASLAUFA 1 STK**



**359**  
KR. 420 GR

**MÖNDLUKAKA 420 GR**



**198**  
KR. 4 STK

**KORNKUBBAR 4 STK**



**129**  
KR. 500 GR

**BÓNUS SAMLOKUBRAUÐ**



**BÓNUS 200 GR BRAUÐSALÖT**

**198**  
KR 200gr




**198**  
KR. STK

**BÓNUS SAMLOKUR**  
Alltaf NÝJAR á fimmtudögum



**398**  
KR. 340 GR

SOLLU - LÍFRÆNT  
**HNETUSMJÖR**  
FINT-GROFT 340 gr



**398**  
KR. 1 KG

SOLLU - LÍFRÆNT  
**SPELTHVEITI**  
FINT-GROFT 1 kg.



**SPÁNSKAR APPELSÍNUR**

**198**  
KR. kg



**NÝ UPPSKERA**

**345**  
KR. KG



**AMERÍSKAR SÆTAR KARTÖFLUR**

**279**  
KR. kg



**1498**  
KR. 60 STK

Nr. 3 fyrir 4-9 kg. 60



**1498**  
KR. 52 STK

Nr. 4 fyrir 7-14 kg. 52 stk.



**1498**  
KR. 48 STK

Nr. 4+ fyrir 9-16 kg. 48 stk.



**1498**  
KR. 44 STK


Nr. 5 fyrir 11-19 kg. 44 stk.

**BONUS EKKERT BRUÐL**

Hér færðu veltutengda  
**VILDARPUNKTA**  
VISA Vildarklöbbur

# BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS

NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL



**KJARNAFÆÐIS GRILL  
LAMBALÆRISNEIÐAR**  
SNEIÐAR ÚR MIÐLÆRI 1.FLOKKUR



EINGÖNGU  
MIÐLÆRIS-  
SNEIÐAR

**2298**  
KR. KG

**KJARNAFÆÐIS ÚRBEINAD  
KOFAREYKT HANGIKJÖT**



HANGILÆRI **2598** KR.KG  
HANGI FRAMP. **1798** KR.KG

**ÍSLANDSNAUT 120 GR  
100% ÍSLENSKIR  
UNGNAUTAHAMBORGARAR**



**2X  
120 GR**

**398**  
KR. 2 STK



**198**  
KR. 200gr

GÓU BITAR  
HRAUN / ÆÐI 200 GR.



**179**  
KR. 165g

BÓNUS IDÝFUR  
KRYDD/PAPRIKA 200 ML.



**198**  
KR. 165g

DORRITOS SNAKK  
165 GR.



**149**  
KR. 200gr

STICK  
SALTSTENGUR 200 GR.



**259**  
KR. 200gr

EUROSHOPPER SALTHNETUR  
500 GR.



**198**  
KR. 200 gr

BÓNUS PIZZABLANDA  
200 GR.



**179**  
KR. 2 ltr.



**198**  
KR. 2 ltr.



**79**  
KR. 33cl

**BONUS EKKERT BRUÐL**

Hér færðu veltutengda  
VILDARPUNKTA  
VISA Vildarklöbbur



**SVÆTA SEKT** Hagkaup hefur verið dæmt til greiðslu 500 þúsund króna vegna auglýsinga sem birtust í gluggum verslunarinnar.

## Hagkaup sektað og synjað um sýknu

Hagkaup verður að greiða 500 þúsund króna stjórnvaldssekt fyrir brot á eldri ákvörðun Neytendastofu. Málið snýr að Tax Free-auglýsingum Hagkaups á síðasta ári, en Neytendastofa kvað þá á um að prósentuhlutfall afsláttarins yrði að koma fram á þeim. Auglýsingarnar voru meðal annars birtar í gluggum verslunarinnar í Skeifunni og Smáralind og því var Hagkaup sektað.

Fyrirtækið kærdi ákvörðunina til áfrýjunarnefndar neytendamála og taldi Neytendastofu hafa brotið gegn meðalhófsreglu stjórn-sýslulaga og tjáningarfrelsi sínu. Áfrýjunarnefnd neytendamála hefur þó úrskurðað að brotið hafi verið gegn fyrri ákvörðun og að fjárhæð sektarinnar skuli standa. Þá fellst nefndin ekki á að með ákvörðuninni hafi verið brotið á tjáningarfrelsi Hagkaup. Frá þessu er greint á vef Neytendastofu.

# Ekki hika við að nota bjölluna

Hjólreiðar hafa tvö- til þrefaldast á fáum árum. Landssamtök hjólreiðamanna hafa gefið út leiðbeiningar fyrir hjólandi vegfarendur. Þáttur hjólamenningar í öryggi hjólandi er vanmetinn, segir formaður samtakanna.

„Þáttur hjólamenningar í öryggi hjólandi er vanmetinn. Í þeim löndum þar sem öryggi hjólandi er mest er ekki bara góður aðbúnaður fyrir hjólandi, heldur er þar líka rík hjólamenning,“ segir Árni Davíðsson, formaður Landssamtaka hjólreiðamanna.

Samtökin hafa útbúið leiðbeiningar fyrir umferð hjólandi á stígum og götum. Markmiðið er að auka öryggi hjólandi í umferðinni og draga úr núningi við aðra vegfarendur.

Árni segir að umferð hjólandi hafi riflega tvö- til þrefaldast á fáum árum samtímis því sem gangandi vegfarendum hafi fjölgað. „Þetta eru jákvæðar fréttir en aukinni umferð hefur fylgt meiri núningur milli þessara vegfarendahópa. Sveitarfélögin og ríkisvaldið þurfa að bregðast við og ráðast í gerð sérstakra stíga og reina fyrir hjólandi til að tryggja þeim greiða og örugga leið. Þar sem umferð réttlætir ekki slíkt er mikilvægt að lagfæra núverandi stíga.“

Hjólamenninguna á Íslandi þarf að bæta, að sögn Árna. „Við sem hjólum ættum að reyna að tileinka okkur góða hjólamenningu. Stilla þarf hraðanum í hóf á stígum því að þeir eru oftast hannaðir fyrir hæga gangandi umferð með blindhornum og kröppum beygjum.“

Brögð eru að því að hjólreiðamenn noti ekki bjölluna til að láta gangandi vegfarendur vita að þeir séu á ferð fyrir aftan þá. „Ég hef heyrt þá skýringu að margir séu ragir við að nota bjölluna þar sem þeim finnst þeir vera að hrekja gangandi vegfarendur frá. Þetta er misskilningur. Það er nauðsynlegt að nota bjölluna og það á að gera með góðum fyrirvara eða í 50 m fjarlægð frá gangandi vegfarendum,“ segir Árni.

ibs@frettabladid.is



**OFT Á HJÓLINU** Árni Davíðsson, formaður Landssamtaka hjólreiðamanna, hjólar tvisvar til þrisvar í viku í vinnuna allan ársins hring.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## → Hafði hjólið í lagi

**Dekkin** Hjólið rúllar betur ef réttur loftþrýstingur er í dekkjunum og það springur síður. Ef dekkið er orðið gamalt og morkið er rétt að skipta um.

**Bremsurnar** Í upphafi hverrar ferðar ætti að taka í bremsurnar. Þegar þúðar slitna er gjarnan hert á þeim með því að skrúfa sérstakar stilliskrúfur við bremsuhandföngin þar sem barkinn kemur úr þeim. Ef þúðarnir eru orðnir slitnir og/eða mikið misslit í þeim ætti að skipta um þá.

**Gírnarnir** Gírar eiga að skipta auðveldlega og greiðlega á milli. Slitin keðja og tannhjól að aftan geta valdið lélegri skiptingu eða að keðjan hrökkvi úr sumum gírum. Þá ættu menn að láta skipta um keðju og tannhjólakrans.

**Smurning** Hjólið endist betur og það verður léttara að hjóla ef það er vel smurt. Gott er að nota léttu smurólíu sem fæst í hjólabúðum. Keðjan er það sem smyrja þarf oftast. Þá er gott að smyrja gírskiptana fram og aftur og í bremsurnar.

Fleiri upplýsingar er að finna á fjallahjólaklubburinn.is, lhm.is, hjolreidar.is og hjolafaerni.is. Leiðbeiningar Landssamtaka hjólreiðamanna má sjá á lhm.is.



*Sérstök brúðkaupsgjöf*

# KitchenAid

Öll brúðhjón fá glæsilega svuntu með nöfnum sínum og brúðkaupsdegi ísaumuðum.



Íslensk kennslubók í matreiðslu fylgir! Gildir um KitchenAid hrærivélur.



## Brúðarleikur

Þau brúðhjón sem koma við í verslun okkar og skrá sig á brúðargjafalista fá nöfnin sín sjálfkrafa skráð í pott. Í lok sumars verða heppin brúðhjón dregin út og hljóta þau að launum nýju KitchenAid matvinnsluvélina, nýju KitchenAid brauðristina, nýja KitchenAid blandarann og nýja KitchenAid töfrasprotann, samtals að verðmæti um 200 þúsund krónur.



Nýjar  
**KitchenAid**  
vörur

**KitchenAid**  
FOR THE WAY IT'S MADE



**Einar Farestveit & Co.hf.**  
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

# Bílafjör

á Kletthálsi



Opið til kl. 20.00 í kvöld  
hjá bílasöllum og fyrirtækjum á Kletthálsi.  
Tilboðsverð á völdum ökutækjum og vörum.  
Pylsur og gos í boði á milli 17:00 og 20:00.  
Glæsivagnar frá Krúser klúbbnum (ef veður leyfir).

 Arion banki  
Bíla og tækjafjármögnun



Notaðir bílar  
Kletthálsi

Sjö þúsund með banvænt krabbameinsgen:

## Staðlað svar: „The computer says no“

Talið er að tólf hundruð íslenskar konur beri með sér BRCA 2 genastökkbreytingu eins og Angelina Jolie. Hún komst í heimsfréttirnar í fyrradag þegar hún sagði frá því að hún hefði látið fjarlægja bæði brjóst sín. Með því minnkaði hún líkurnar á að hún fengi brjóstakrabbamein úr 87 prósentum í fimm.

Í Fréttablaðinu í dag segir Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar, um sjö þúsund Íslendinga bera með sér stökkbreytt krabbameinsgen sem auki líkurnar á krabbameini um 80 prósent. Upplýsingar um hverjir þessir einstaklingar eru liggja í dulkóðuðum gagnagrunni fyrirtækisins. Kári segir miður að hann hafi enga heimild til að veita fólki þessar upplýsingar. Hann hefur gengið á milli ráðamanna og stungið upp á lausnum svo að almenningur geti fengið aðgang að upplýsingunum en honum hefur verið tekið fálega.

Mikael Torfason

mikael@frettabladid.is



„Það er ekki fyrr en einhver snoppufríð og fræg leikkona úti í heimi kemur fram, þá er allt í einu hægt að fá fólk til að ræða þetta,“ segir Kári.

Í október í fyrra birti Fréttablaðið viðtal við Valdís Konráðsdóttur, sem fór í svipaða aðgerð og leikkonan fræga. Valdís sá ekki eftir að taka málin í sínar hendur eftir að blóðprufa sýndi að hún bæri stökkbreytt gen. Móðir hennar hafði þá fengið brjóstakrabbamein tvisvar sinnum.

Við ættum öll að hafa rétt á að vita hvort við berum stökkbreytt krabbameinsgen eða ekki. Í dag er ekki hægt að hringja í Íslenska erfðagreiningu og óska eftir þessum upplýsingum úr gagnagrunninum þeirra. Þar er vísað á Landspítalann og þar var brjálað að gera í gær að sögn Vigdísar Stefánsdóttur hjá erfðaráðgjöf spítalans. Þar er hægt að fá ráðgjöf og komast í erfðarannsóknir en starfsmennirnir hafa ekki aðgang að gagnagrunni Íslenskrar erfðagreiningar.

Hér er á ferðinni einstakt tækifæri til að bjarga fjölmörgum mannslífum. Við ættum að hafa rétt á að vita hvað gæti verið í vændum. Kári Stefánsson segir að við þurfum einungis að ýta á einn takka og þá eru upplýsingarnar aðgengilegar.

Fyrir þremur árum komst hópur á vegum Landlæknis að þeirri niðurstöðu að ekki væru forsendur til að senda fólki bréf með upplýsingum um líkur á krabbameini. Geir Gunnlaugsson landlæknir segir samt að þar á bæ sé fólk opið fyrir því að skoða hvernig hægt væri að bjóða einstaklingum upp á þessa vitneskju.

Hér er um að ræða flókið álitamál og umdeilt meðal þjóðarinnar. Mikið var deilt um gagnagrunn Íslenskrar erfðagreiningar á sínum tíma. Það verður samt erfitt að réttlæta það út frá persónuverndarsjónarmiðum að fólk fái ekki að vita hvort það beri með sér banvænt krabbameinsgen eða ekki. Við megum ekki sætta okkur við að fá í sífellu staðlað svar kerfisins: „The computer says no.“ Það er kominn tími á já.

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Ofstæki eða frekja?

Brynjar Níelsson er umdeildur maður, eins og áður hefur verið rætt á þessum stað. Hann er beinskeyttur í skoðunum og setur þær fram á tæpitungulausan hátt. Það stuðar eðlilega marga. Það er hins vegar eitt að vera móðgaður eða ósam-mála og annað hvernig því er komið á framfæri. Á þetta bendir Brynjar í nýjasta pistli sínum á Pressunni þar sem hann segir viðbrögð margra þeirra sem hann hefur gagnrýnt einkennast af mikilli reiði og jafnvel hatrí. „Getur verið að ég sé að glíma við ofstækisfullt trúarfólk eða er þetta fólk bara stíflað af frekju?“ spyr Brynjar og vonar að skýringin sé frekja. Rétt er að taka undir með

Brynjari, þótt hann tali ekki mjög skýrt um það við hverja hann á. Það að vera ósam-mála einhverjum gefur manni hins vegar ekki rétt til að úthúða þeim.

#### Oft er gott það er gamlir kveða

Fátt fólk er leiðinlegra en það sem stráir um sig tilvitnunum og allra verst er þó það sem gerir það á frummálinu. Íslensk umræðuhéð kveikir þó hugrenningatengsl við tilvitnun, sem oft er ranglega eignuð Voltaire, en er í raun eftir Evelyn Beatrice Hall: „Ég er ósam-mála því sem þú segir, en ég mun fram í rauðan dauðann verja rétt þinn til þess að halda skoðun þinni fram.“



#### Hefði átt að hlusta

Mikið hefur verið rætt og ritað um þau orð Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar að staða ríkisfjármála hafi verið fegruð fyrir kosningar. Sigmundi hefði verið nær að hlusta á Tryggva Þór Herbertsson í umræðum um fjárlög á þingi í desember í fyrra. Þar sagði Tryggvi Þór nákvæmlega það sama, að ríkisstjórnin væri að fegra stöðu ríkisfjármála. Sjálfur hefur Sigmundur ekki alltaf gefið fráfarandi ríkisstjórn hæstu einkunn í bókhaldsmálum. Einhver gæti því sagt að hann hefði betur látið kanna stöðuna sjálfur, áður en Framsókn fór í loforð um ríkisútgjöld, nú eða bara hlustað á Tryggva. kolbeinn@frettabladid.is

### HALLDÓR



### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRAR: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is, Mikael Torfason mikael@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



## Láttu draumagarðinn verða að veruleika

Pantaðu landslagsráðgjöf í dag!

Halla Hruud Pétursdóttir, landslagsarkitekt FÍLA, hjálpar þér við að skipuleggja draumagarðinn þinn.

4 400 400

Hafðu samband og láttu sérfræðinga okkar aðstoða þig við að finna réttu lausnina.



Hringhellu 2 221 Hafnarfjörður | Hrísmýri 8 800 Selfoss | Malarhófa 10 110 Reykjavík | Berghólabraut 9 230 Reykjanesbær | Sími 4 400 400 www.steypustodin.is

## Borgarstjórn hrósað

### STJÓRNSÝSLA



Dagur B. Eggertsson formaður borgarráðs

Þórey Vilhjálmsdóttir, framkvæmdastjóri borgarstjórnarflokks Sjálfstæðisflokksins, skrifar dregilega grein í Fréttablaðið þar sem hún rekur jákvæðar einkunnir sem borgarstjórn fær í nýrri úttektarskýrslu um stjórnsýslu Reykjavíkurborgar. Það er rétt og mikilvert. Til viðbótar þeim dæmum sem Þórey nefnir þótti mér sérstaklega vænt um tvennt. Annars vegar dregur nefndin fram að kostnaður við miðlæga stjórnsýslu, öðru nafni ráðhúsið, hefur lækkað ár frá ári síðan 2008, úr um tveimur milljörðum í um 1,6 milljarða, eða um hálfan milljarð króna. Þetta hefur verið aðalsmerki núverandi meirihluta. Að standa vörð um grunnþjónustuna en spara í yfirstjórn.

Í öðru lagi er ein meginniðurstæða úttektarnefndarinnar að borgarráð hafi „sinnt vel því hlutverki sem snýr að fjármálum og framkvæmd fjárhagsáætlunar innan ársins, einkum á seinni hluta þess tímabils sem til skoðunar er“. Þetta er mjög mikilvæg niðurstaða. Stærstu og mikilvægustu verkefni á sviði fjármála-stjórnar hafa verið björgunaraðgerðir vegna alvarlegrar stöðu Orkuveitunnar og það risaverkefni að tryggja góða og örugga þjónustu við borgarbúa þrátt fyrir minni tekjur en áður. Hversu mikið

→ Stóra verkefni borgarstjórnar er því ekki eitthvað eitt, heldur nákvæmlega það, að endurvinna traust og trúnað við borgarbúa.

minni eru tekjurnar? Skatttekjur borgarinnar 2012 voru tæplega 7 milljörðum lægri að raunvirði en borgin naut árið 2008. Það eru 9%. Alls eru útgjöld borgarinnar um 9,3 milljörðum lægri (13%) að raunvirði á síðasta ári en árið 2008. Fyrir mismuninum hefur þurft að spara.

Ýmsu fleiru er hrósað en annað í niðurstöðum úttektarnefndarinnar er ekki eins jákvætt. Í skýrslunni er fjöldi ábendinga um atriði sem betur mega fara og þarf nú að ræða skipulega og nýta til umbóta. Til þess var líka ráðist í úttektina. Við þurfum að bæta um betur í skipulagsmálum, utanumhaldi um fyrirtæki borgarinnar og eftirfylgni í stjórnsýslunni, svo nokkuð sé nefnt. Líkt og fram kemur í úttektinni hrundi traust á borgarstjórn á síðasta kjörtímabili. Stóra verkefni borgarstjórnar er því ekki eitthvað eitt, heldur nákvæmlega það, að endurvinna traust og trúnað við borgarbúa.



# Margt er skrítið í kýrhausnum

## STJÓRN MÁL



Reynir Vilhjálmsson eðlisfræðingur og kennari á eftirlaunum

En hvað gerist? Formenn þessara flokka, trúlega í fylgd einhverra aðstoðarmanna, setjast niður í einhverju sumarhúsi einhvers staðar á landinu og ræða stefnumálin. Fréttamenn fá af og til einhverjar ábendingar um hvað sé rætt en allt virðist þetta á léttu nótnum.

## Örlögin ráðin

Mér er spurn: er ekki verið að tala um framtíð íslensku þjóðarinnar, er ekki verið að tala um hvernig þjóðin eigi að forðast gjaldþrot næstu fjögur árin? Hvað vorum við að kjósa? Kusum við ekki stjórnmalaflokka eða kusum við bara formennina? Hafa flokkarnir ekki samninganefndir sem koma að stjórnarmyndun?

Ég veit ekki betur en samninganefndir atvinnurekenda og verkafélaga búi til kjarasamning að loknu verkfalli og að allir viti hverjir sitji í þessum samninganefndum. Fundir þeirra geta verið langir og harðir og tekið heilu næturnar enda er gert ráð fyrir að farið verði eftir þessum samningum. Með stjórnarmyndun á Íslandi virðist þessu allt öðruvísi farið. Hér setjast einhverjir höfðingjar saman á afviknum stað, hvort sem er úti í Viðey, í Þingvallabænum eða í sumarhúsi einhvers staðar í vorblíðunni og gera samning sem skiptir engu máli því að það ætlar hvort sem er enginn að fara eftir honum.

Aðalatriðið er að foringjarnir setji upp sitt fallegasta bros fyrir myndavélarnar þegar þeir standa úti á einhverjum tröppum og tilkynna þjóðinni að örlög hennar séu nú ráðin næstu fjögur árin. Flokkarnir sem að stjórninni eiga að standa muna svo samþykkja sáttmálann án þess að segja múkk því að það er ekki siður á Íslandi að gagnrýna það sem höfðingjarnir segja. Hnípin þjóð í vanda mun svo halda út næstu árin. Í mesta lagi verður eitthvað bankað á tunnur á Austurvelli en það er aldrei tekið mark á slíku enda ekki ástæða til.

## Stjórnmalaflokkur er stefna

Alþingi Íslendinga virðist vera furðulegur vinnustaður. Í einfaldni minni hélt ég að þar sætu fulltrúar fólksins sem væru kosnir til að fylgja þeirri stefnuskrá sem flokkur þeirra lagði fyrir kjósendur. Ég sem kjósendi hef engan áhuga á að kjósa einhverja sérstaka persónu, það eina sem ég get gert með krossinn minn er að setja hann við þá stefnu sem mér er mest að skapi. En stjórnmalaflokkur er fyrir mig ígildi ákveðinnar stefnu. En nú gerist það að alþingismaður skiptir um flokk á miðju kjörtímabili. Hver kaus hann til þess? Á hann ekki frekar að segja af sér ef hann getur ekki fylgt stefnunni lengur? Það er kannski ekki furða að margir Íslendingar treysta ekki Alþingi.

→ Hér setjast einhverjir höfðingjar saman á afviknum stað, hvort sem er úti í Viðey, í Þingvallabænum eða í sumarhúsi einhvers staðar í vorblíðunni og gera samning sem skiptir engu máli því að það ætlar hvort sem er enginn að fara eftir honum.

# Þvingur, lím og stærðfræðijöfnur

## Í DAG

Porbjörg Helga Vigfúsdóttir borgarfulltrúi



Ein mesta meinsemd menntakerfis Íslendinga er hversu fáir nemendur velja starfs- og iðnnám. Félög atvinnurekenda hafa svo oft kallað á umbætur án þess að því hafi verið svarað að skömm er að. Ríki og sveitarfélög hafa ekki margar afsakanir fyrir skorti á umbótum því raunin er að í kreppu sem góðæri hefur einmitt verið skorið við nögl í þeim fögum grunnskóla sem kynna iðngreinar fyrir nemendum. Alltaf virðist samt hægt að bæta við bóknámsfögum.

Í mörg ár hefur atvinnulífið þurft á að halda miklu fleira iðn- og starfsmenntuðu fólki en menntakerfið skilar frá sér. Samkvæmt nýrri menntakönnun Samtaka atvinnulífisins og aðildarfélaga má áætla að fyrirtæki landsins þurfi 4.500-7.000 starfsmenn með iðn- og starfsmenntun á næstu þremur árum. Alls hyggjast 46% fyrirtækja bæta við sig starfsmanni með iðn- eða starfsmenntun á næstu tólf mánuðum. Um 1.000-1.500 einstaklingar útskrifast árlega með sveinspróf og/eða starfsmenntun. Sá fjöldi sem útskrifast árlega stemmir engan veginn við þann fjölda sem iðn- og

tæknifyrirtæki þarfnast. Í ofanálag hefur hlutfall þeirra sem fara í iðn- og starfsnám lækkað talsvert undanfarin ár. Á sama tíma hefja mun fleiri nám við bóknámsbrautir framhaldsskóla heldur en ljúka. Meðalaldur er mun hærri hjá þeim nemum sem fara í iðn- og starfsnám heldur en bóknám sem bendir til þess að iðn- og starfsnám sé ekki fyrsta val nemenda.

## Bóknám fyrst?

Vandinn er margþættur en okkur ber fyrst og fremst að horfa til þess að rannsóknir hafa sýnt að viðhorf foreldra og samfélagsins er einn mikilvægasti þátturinn í ákvörðun um námsval. Mun meiri líkur eru á því að nemandi hrekist frá skóla ef foreldrarir styðja hann ekki í námi og námsvali. Við foreldrar verðum að líta í eigin barm. Getur verið að viðhorf okkar foreldra sé að það sé betra að reyna fyrst við bóknám því það megi alltaf fara í annað nám að loknu stúdentsprófi? Viðhorf foreldra til starfa í iðnaði hefur bein áhrif á hvaða framtíðarnám börnin sjá fyrir sér. Foreldrar þurfa að átta sig á því að það getur verið dýrkeypt að hlusta ekki vel á val og óskir unglingsins þegar starfs- og námsval er annars vegar. Það getur kostað brotthvarf úr námi og neikvæða reynslu af skólakerfinu.

## Margar leiðir

Tengingar á milli bóknáms- og iðnnámsfaga strax á miðstigi

grunnskóla eru mikilvægar. Dæmi um þetta væri textilkennari og stærðfræðikennari sem settust niður og byggju til verkefni fyrir nemendur sem krefðist þess að þeir notuðu þær aðferðir sem unnið væri með á miðstigi í báðum fögum. Börnin kynnast á þennan hátt að það er ekkert annað hvort eða í list- og verkgreinum. Þekking og kunnátta í báðum fögum nýtist þeim best til þess að skila góðri vinnu.

Náms- og starfsráðgjöf verður að efla. Ef hún er kynnt til leiks nægilega snemma, t.d. við lok miðstigs grunnskóla, með áhugasviðskönnunum og greiningu á styrkleikum nemenda, er hægt að kynna þá þegar fyrir nemendum spennandi leiðir í náms- og starfsvali. Mikilvægt er að foreldrar fái líka aðkomu að þeirri vinnu, bæði til að heyrna um væntingar og styrkleika barnsins og til að veita skólanum stuðning við kynningu á ólíkum störfum.

## Samræmd próf í iðngreinum

Margar hugmyndir eru til um umbætur og sumar hafa verið prófaðar. Lítil myndbönd um störf í ólíkum fyrirtækjum geta kynnt fjölbreytt störf á skemmtilegan hátt. Verkfæra-kistur fyrir iðn- og starfsgreinar á yngstu stigum gætu gert börnum kleift að kynnast ólíkum störfum. Samstarf grunnskóla og framhaldsskóla um að sýna nemendum á unglingsstigi þær fjölmörgu brautir sem eru í boði hefur reynst vel hjá

“ Sá fjöldi sem útskrifast árlega stemmir engan veginn við þann fjölda sem iðn- og tæknifyrirtæki þarfnast.

Reykjavíkurborg. Skólastofur „á ferð“ fyrir iðngreinar sem erfitt er að kynna í grunnskólum er gömul og góð hugmynd sem þarf að ýta úr vör.

Þrátt fyrir góðan vilja og fjölmargar hugmyndir er því miður minna um efndir. Eitt það mikilvægasta væri að yfirvöld menntamála viðurkenndu iðnnám sem jafn mikilvæga menntun og bóknámsfögin og prófuðu samræmt í iðnnámi. Það þarf ekki að vera flókið að hanna samræmt könnunarpróf í fagi sem krefst þess af nemendum að prófstykki sé skilað. Líkur eru á að samræming á slíku verkefni á landsvísu krefðist mikillar og góðrar þekkingar í nær öllum fögum. Með slíku prófstykki sæju allir að bóknám og iðnnám eru ekki andstæðir pólar.

Að endingu snýst þetta um viðhorf. Viðhorf stjórnmalamanna til að fjármagna fjölbreyttari námstækifæri. Viðhorf foreldra til að sjá þau spennandi, kröfuhörðu og fjölbreyttu störf sem finnast í iðnaði. Og viðhorf kennara til að tengja saman verkefni með skrifum, gráðuboga, lími og Íslandssögu.



## SKAPAÐU ÞÉR SÉRSTÖÐU Á VINNUMARKAÐI

**Kynningarfundur um lengri námskeið Opna háskólans í HR á haustönn föstudaginn 17. maí kl. 9–10.**

Hvar: Opni háskólinn í HR, Menntavegi 1, 2. hæð.



**OPNI HÁSKÓLINN**  
Í HÁSKÓLANUM Í REYKJAVÍK

**LENGRI NÁMSKEIÐ HAUSTIÐ 2013:**

- Ábyrgð og árangur stjórnarmanna
- Markþjálfun
- Rekstrar- og fjármálanám
- PMD-stjórnendanám
- Stjórnun aðfangakeðjunnar **NÝTT**
- Stafræn markaðssetning **NÝTT**
- Verðbréfamiðlu
- Verkefnastjórnun
- Viðurkenndir bókarar
- Þróun viðskiptaferla

**Opið fyrir umsóknir til 5. júní**



[opnihaskolinn.is](http://opnihaskolinn.is)  
[opnihaskolinn@opnihaskolinn.is](mailto:opnihaskolinn@opnihaskolinn.is)  
Sími 599 6200

# Hernaðurinn gegn undrum Mývatnssveitar

NÁTTÚRU-VERND

Árið 1992 undirrituðu Íslendingar Ríó-sáttmálann um að sjálfbær þróun yrði höfð í hávegum, rányrkja lögð af og náttúran látin njóta vafans. Undirritun okkar hefur reynt marklaus og ekki pappírins virði, og er saga gufuafsvirkjananna eitt versta dæmið um það.



Ómar P. Ragnarsson  
formaður Íslands-hreyfingarinnar – lífandi lands

en ætlunin er að reisa og loftmyndir af sístækkandi vatni í 10 kílómetra fjarlægð frá Kröfluvirkjun.

Á íbúafundi í fyrra var samt sagt að vandamálið hefði þegar verið leyst! Svipað svar fékkst þegar ég birti myndir af affallsvatni virkjana hér syðra og lét fylgja með að grafa yrði skurð fyrir 1,5 milljarða króna frá Svartsengi til sjávar til að leysa það vandamál.

Sagt var að þetta væri forkastanlegur þvættingur og upplagnar ásanir. Ári síðar var viðurkennt opinberlega að svona væri í pottinn búíð.

## Með ólíkindum

Nýlega sá ég vandaða og ítarlega vísindalega umfjöllun um hið viðkvæma og flókna neðanjarðarstreymi vatns fyrir austan Mývatn, sem er forsenda lífríkisins í vatninu. Í mati á umhverfisáhrifum Bjarnarflagsvirkjunar blasir við stórkostlegur vafi á því hvaða áhrif gufuafsvirkjun þarna muni hafa á þessa forsendu frægðar Mývatns, sem dregur að sér sívaxandi fjölda ferðamanna. Samt á að drífa í að virkja – sjálf Mývatn fær ekki að njóta vafans. Ástæðan er einföld: Það er hægt að byrja fyrr á að afhenda orkuna þaðan til Bakka en frá Þeistareykjum. Þeir sem hafa efasemdir eða andæfa eru kallaðir öfgamenn en hinir sem vilja virkja allt talsmenn skynsemi og hófsemdar.

Í umhverfismatinu koma fram þrjú möguleikar áhrifa virkjunarinnar á Hveraröndina – eina hverasvæðið af sínu tagi sem er alveg við hringveginn: 1. Engin áhrif verða á hverasvæðið. 2. Hverirnir munu minnka eða hverfa. 3. Hveravirknin mun aukast. Það er með ólíkindum að jafnvel þótt svona gríðarleg óvissa komi fram skuli virkjunin eiga að njóta vafans en Mývatn ekki, enda búíð að afnema lögin um friðlýsingu Laxár og Mývatns.

## Engir lærdómar dregnir

Nú er lofað að rannsaka jafnóðum hvaða áhrif virkjunin hafi og að

→ Í mati á umhverfisáhrifum er beitt blekkingum. Auk þess liggja helstu náttúruperlur nyrðra og um allt land undir skemmdum vegna hinnar íslensku blöndu af nisku, græðgi og sérhagsmunum.

bregðast þá við. Svona loforð hafa verið gefin áður, ekki bara á Hellisheiði, heldur var reynt að rannsaka hvaða áhrif Kísiliðjan hefði á Mývatn, en yfirleitt taka svona rannsóknir áratugi og þá er það oftast of seint. Sams konar loforðalisti er nú settur fram við Bjarnarflagsvirkjun og við virkjanir syðra. Hvers vegna ætti hann að verða marktækari en loforðin hér syðra? Hvers vegna má ekki að minnsta kosti bíða og sjá hvernig gengur að vinna úr vandamálinum hér syðra áður en menn æða af stað fyrir norðan?

## Blekkungum beitt

Fyrir 43 árum átti að virkja við Laxá og Mývatn og Nóbelskáldið reit greinina „Hernaðurinn gegn landinu“. Hún er enn í fullu gildi. Fyrir dyrum standa virkjanaframkvæmdir við Kröflu sem munu eyðileggja ásynnd hins einstæða svæðis „Leirhnjúkur-Gjástykki“. Í mati á umhverfisáhrifum er beitt blekkingum. Auk þess liggja helstu náttúruperlur nyrðra og um allt land undir skemmdum vegna hinnar íslensku blöndu af nisku, græðgi og sérhagsmunum. Engir lærdómar eru dregnir af meira en 100 ára reynslu í „landi frelsisins“, Bandaríkjum, sem ég sýndi í sjónvarpi fyrir fjórtán árum.

Mývatn er komið á valista vegna hnignunar lífríkisins. Vatnið var ekki látið njóta vafans þegar kísilnám stóð þar yfir. Þingvallavatn er að falla úr a-flokki í b-flokk vegna mengunar. Við bæði þessi einstæðu vötn gerist þetta vegna kæruleysis, græðgi og rányrkju á kostnað komandi kynslóða. Ætlum við að halda svona áfram endalaust, þjóðin, sem á að vera vörslumenn einhverra einstæðustu náttúruverðmæta heimsins fyrir komandi kynslóðir og mannkyn allt?

# Kæfum ekki hjarta miðbæjarins

SKIPULAG

Nú er í kynningu nýtt deiliskipulag á dýrmætum reit í hjarta borgarinnar, Landsímareitnum í Kvosinni. Ég skora á fólk að kynna sér það vel og senda inn athugasemdir á skipulag@reykjavik.is fyrir 23.maí. Það telst annars samþykkt, þótt það hafi mótmælt áformum um hótellekstur á þessum reit á www.ekkihotel.is ásamt 17.000 öðrum.



Þóra Andrésdóttir íbúi í miðbæ Reykjavíkur

→ Framtíð dýrmætustu almenningsvæða Reykjavíkur er í húfi. Eiga hagsmunir lóðareiganda sem þarna hefur keypt upp eignir að vege þyngra en hagsmunir almennings? Er borgin ekki fyrir okkur borgarbúa?

ofan á það. Þetta mun algjörlega breyta ásynnd hússins og auka skuggavarp inn á Austurvöll. Vart telst það að standa vörð um hagsmuni almennings sem hlýtur að vera frumskylda borgaryfirvalda. Viðbyggingin verður reist á bilaplaninu, alveg út við Kirkjustrætið. Hún mun þregja mjög að gömlu uppgerðu húsunum hinum megin götunnar, sem og Alþingi. Hótel- eða gistihúsa-rekstri fylgir mikil umferð. Ekki bara rútur, heldur einnig leigubílar, jeppar, sorpbílar og sendibílar að koma með birgðir af ýmsum toga. Hvar á eiginlega sú aðkoma að vera?

Það eina góða sem kemur út úr nýju deiliskipulagi er að Fógetagardurinn, elsti kirkjugardur Reykjavíkinga, fær svokallaða hverfisvernd.

## Sýnum borginni virðing

Annað gildir um hinn lífandi og sögufræga sal í gamla Sjálfstæðishúsinu, Nasa, þar sem tónlistarmenn hafa lengi átt athvarf. Hann verður rifinn og endurgerður sem fjölnota salur innan veggja hótels með útgang út í þröngt Vallarstrætið. Af hverju er Nasasalurinn ekki verndaður, eins og húsafríðunarnefnd hafði lagt til á sínum tíma?

Kæfum ekki hjarta bæjarins. Miðbærinn iðar af lífi og sál í þessari fállegu og hlýju borg sem við eigum. Glötum ekki þeim sjarma sem fylgir gömlum húsum og gömlum götmyndum. Leyfum þeim að njóta sín.

Sýnum borginni okkar virðing og verndum okkar sögulegu byggð. Það er komið nóg af hótelum á þessum litla reit sem við eigum öll.

www.volkswagen.is



Passat Comfortline Plus 1.6 TDI  
dísil beinskiptur kostar aðeins

4.550.000 kr.

Passat dísil  
eyðir frá 4,31/100km



Das Auto.

Volkswagen Passat dísil

# Rúmgóður og sparneytinn fjölskyldubíll

Til viðbótar við ríkulegan staðalbúnað í Volkswagen Passat Comfortline Plus er nú fullkomið leiðsögukerfi með Íslandskorti ásamt bakkmyndavél.

Komdu og reynsluaktu Volkswagen Passat

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is · umboðsmenn um land allt: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílák Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklasalurinn Ísafirði

# FYRIR SUMARIÐ

**MOSAÍK**

**BORÐ**  
FRÁ 14.900  
Áður 23.900

**BORÐ**  
29.900  
Áður 39.900

**STÓLL**  
15.900  
Áður 17.900

STÓLL m/örmum  
13.900  
Áður 16.900

**BORÐ**  
29.900  
Áður 34.900

**POLIR -15°C**

**BÚDDA**  
FRÁ 4.990

**PICADILLY**

**LEÐUR**  
59.900

**EFNI** 49.900  
Áður 59.900

**GLÖS**

**3 FYRIR 2**

49.900  
Áður 89.900  
Einnig til rauður

**SKILRÚM**  
FRÁ 14.900

**TILBOÐ**  
89.900  
Áður 99.900  
Gildir til og með 22. maí

**DAYS SVEFNSÓFI**  
Svartur/Grár

**PÚÐAR**  
3 FYRIR 2

**the PIER**

## Að gefnu tilefni

Á síðustu dögum hafa birst í fjölmiðlum greinar frá foreldrum þroskahamlaðra barna varðandi inntökureglur í Klettaskóla, fyrrum Öskjuhlíðarskóla. Í þessum greinum hafa ýmsar fullyrðingar verið settar fram. Af því tilefni er rétt að eftirfarandi komi fram:

### MENNTUN



Ragnar Þorsteinnsson sviðsstjóri skóla- og frístundaráðs

Í grein sem Ágúst Kristmann skrifar á visir.is 16. apríl segir Ágúst að samkvæmt lögum sé það réttur fatlaðra barna að ganga í sinn heimaskóla en í tilvikum þroska-kertra barna sé það skylda. Samkvæmt lögum um grunnskóla er öllum börnum skylt að sækja grunnskóla, fötluðum og ófötluðum. Á heimasíðu skóla- og frístundasviðs (www.skolarogfristund.is) kemur fram að lögheimili nemenda ráði því í hvaða hverfissskóla þau eiga námsvist en engu að síður eigi allir foreldra kost á að sækja um skóla fyrir börn sín hvar sem er í borginni.

Í sömu grein Ágúst Kristmanns kemur einnig fram að val foreldra um sérskóla hafi verið tekið frá þeim árið 2010. Ekki er alveg ljóst hvað Ágúst á við en væntanlega hefur það með inntökureglur Öskjuhlíðarskóla að gera og sameiningu Safamýrarskóla og Öskjuhlíðarskóla í nýjan sérskóla, Klettaskóla árið 2011. Haldið hefur verið fram að settar hafi verið nýjar inntökureglur við Öskjuhlíðarskóla árið 2010. Hið rétta er að í stefnu fræðslu-

ráðs frá 2002 (www.skolarogfristund.is) er kveðið á um að Öskjuhlíðar- og Safamýrarskóli verði sameinaðir og að þeir þjóni fjölfötluðum og mikið þroskahömluðum nemendum. Þróunin hafði þá verið um skeið sú að flestir nemendur með væga þroskahömlun, sérstaklega á yngri stigum, voru í almennum grunnskólum.

### Nýr sérskóli

Sú þróun hélt áfram á komandi árum og setti starfshópur um kennslu þroskahamlaðra nemenda fram nánari viðmið um nemendahópinn árið 2008 sem fræðslustjóri lagði til grundvallar í bréfi til skólastjóra í borginni varðandi nánari skilgreiningu innritunarreglna. Sama ár var sveitarfélögum gert að setja reglur um innritun og útskrift nemenda úr sérskólum og sérúræðum með reglugerð.

Í grein Ástu Krístrúnar Ólafsdóttur á visir.is 18. apríl sl. segir Ásta að Öskjuhlíðarskóli hafi verið lagður niður árið 2008 og síðan þá hafi sá hópur sem átti inni í Öskjuhlíðarskóla verið þvingaður í almenna skóla. Hið rétta er að þegar Öskjuhlíðarskóli og Safamýrarskóli voru lagðir niður 2011 héldu allir nemendur skólanna áfram námi í nýjum sérskóla, Klettaskóla.

### Ráðgjafarhlutverk

Klettaskóli er grunnskóli og sérskóli fyrir þroskahamlaða

→ Við Klettaskóla starfar fagråd sem metur umsókn sérhvers nemanda um skólavist eins og var í Öskjuhlíðarskóla áður.

nemendur. Hann þjónar öllu landinu, starfar samkvæmt lögum og setur sér reglur um innritun og útskrift nemenda eins og reglugerð um nemendur með sérþarfir kveður á um. Skólinn hefur auk þess ráðgjafarhlutverk við almenna grunnskóla um nám og kennslu þroskahamlaðra nemenda.

Við Klettaskóla starfar fagråd sem metur umsókn sérhvers nemanda um skólavist eins og var í Öskjuhlíðarskóla áður. Tillögur fagráðs taka m.a. mið af fötlun nemandans, stöðu hans í námi og hvort aðstæður og möguleikar í skólanum og námshópnum séu líklegar til að stuðla að framförum hans í námi, félagslega og í almennum þroska. Í einstaka tilvikum getur mat fagráðs verið að aðstæður sérskólans séu ekki líklegar til að veita viðkomandi nemanda þá námslegu og félagslegu örvun sem hann þarf og meiri möguleikar séu til að mæta þeim í öðrum aðstæðum. Hvort sem um er að ræða samþykki eða synjun á umsókn um skólavist eru tillögur fagráðs ávallt settar fram innan þeirra reglna sem gilda um innritun nemenda og með hagsmuni hans, þroska og námslegrar þarfir að leiðarljósi.

## Hið meinta matvælaöryggi

Því hefur verið haldið á lofti á undanförunum árum, undir forystu forsetans, að við yrðum að tryggja matvælaöryggi. Og með hverju? Jú, með því að borga með sauðfjár- og kúabændum. Takið eftir; ekki kjúklinga-, svína- eða grænmetisræktendum. Bara með meme og mumu.

Munið! Rollubeit stuðlar að ofbeiti og gróður- og jarðvegseyðingu. Mjólkin virðist viðriðin krabbamein og ofnæmi, svo ekki sé meira sagt.

Og hvað kostar þetta þjóðina? Jú, marga milljarða á ári og tollvernd á innfluttar matvörur. Hvað annað? Jú, styrki alls konar, ár eftir ár. Snjóþyngsli, kal, of þurr sumur, of blaut sumur, ónýtar girðingar, sölutregða á kindakjöti, of hátt áburðarverð og svo framvegis. Munið, ríkið borgar jú í Bjargráðasjóð.

Væri nú ekki skynsamlegra að nota þessa peninga í annað, t.d. í landgræðslu, skógrækt og græna geirann? Og væri það ekki líka skynsamlegra að stuðla að aukinni kjúklinga- og svínakjötsframleiðslu? Að selja kjötið úr landi er „út úr kú“. Að borga með framleiðslu á kindakjöti, stuðla þar með að ofbeiti, gróður og jarðvegseyðingu og flytja það svo síðan úr landi er bara heimskaga og ekkert annað.

Það þarf að fækka kindum svo mikið að nægi bara á innanlandsmarkað og síðan ætti að velja

### LANDBÚNAÐUR



Margrét Jónsdóttir eftirlaunapegi í Norðvesturkjörðæmi

→ Það þarf að fækka kindum svo mikið að nægi bara á innanlandsmarkað og síðan ætti að velja bestu hérað landsins undir rollurnar og hafa þær allar í fjárhöldum girðingum, beitarhólfum.

bestu hérað landsins undir rollurnar og hafa þær allar í fjárhöldum girðingum, beitarhólfum. Ef þessi búskapur viðhelst úti um allar jarðir, og ekki í beitarhólfum, er hætt við að sundagssteikin týnist á fjöllum. Það sýnir sig að sauðfjárbúskapur er auðsjáanlega mjög óarðbær búgrein og óhagstæður gróðri landsins. Hvers vegna í ósköpunum eigum við þá að halda áfram að borga með honum?

Þar fyrir utan fylgir þessum styrktu búgreinum alveg hroðaleg sjónmengun um allt land, haugar af snjóhvítu, glampandi plasti úti um tún og engi, meðfram þjóðveginum eða upp á bæjrammum. Þarf ekkert leyfi fyrir svona plastbyggingum? Hefur fyrirbærið farið í umhverfismat? Ég er reyndar mjög sátt við græna plastið sem þeir eru farnir að nota hér í nærsveitum mínum. Hjá hvíta plastinu vildi ég óska að væru manir í kring með gróðri efst sem neðst. Það væri flott. Stokkum upp í landbúnaðinum!

# STINGDU ÞÉR

## 20% AF ÖLLU FYRIR SUNDIÐ TIL MÁNUDAGS

SEAFOLLY  
australia



ROXY

speedo

# Sjálfbær umbreyting til aukinna atvinnutækifæra

Á tímum óstöðugleika í efnahagsmálum verða Norðurlandarákin að fjárfesta til framtíðar. Þetta er skoðun norræna verkalýðssambandsins (NFS). Samstarfshefð norrænu ríkjanna er traust og nýtur alþjóðlegrar virðingar, en það dugir ekki til. Norrænar ríkisstjórnir verða að þróa áfram þessa samstarfshefð og auka aðlögunarhæfni vinnumarkaðarins. Til að styrkja samkeppnishæfni sína þurfa Norðurlandarákin að leggja áherslu á sjálfbærnan hagvöxt og fulla atvinnu. Sammælast þarf um framtíðarstefnumótun um innviði samfélagsins, vísindi og menntun og okkar miklu náttúruauðlindir. Þessar framtíðarfjárfestingar er brýnt að forsætis- og atvinnuáráðgjafar Norðurlandarákjanna ræði þegar þeir hittast á vinnumarkaðsfundi í Stokkhólmi í dag, 16. maí.

## Lykillinn er aðlögunarhæfni

Lykillinn að velgengni Norðurlandarákjanna er aðlögunarhæfni vinnumarkaðarins. Hugmyndafræðin byggir á öflugri verkalýðshreyfingu og víðtækri samvinnu við breytingar sem tryggir að einstaklingurinn verður ekki fórnarlamb þeirra. Skipulagið útheimtir velferðarkerfi sem veitir efnahagslegt öryggi í atvinnuleysi og stuðning til atvinnuleitar, mannsæmandi framfærslu, möguleika á að sækja nýja færni til að auðvelda hreyfanleika á vinnumarkaði, bæði milli atvinnurekenda og milli landa. Hér eiga ríkisstjórnir okkar mikið verk óunnið til að auka öryggi og minnka atvinnuleysi, sem hefur reyndar náð sögulegum hæðum á sumum svæðum.

Tækifæri gefst á vinnumarkaðsfundinum. Atvinnuleysi ungs fólks er í brennidepli og norræna verkalýðshreyfingin leggur til ýmsar lausnir til að virkja atvinnulausungumenni. Einnig er þörf á sameiginlegum norrænum fjárfestingum til sjálfbærrar framtíðar. Kominn er tími til að taka stefnumarkandi frumkvæði til að auka atvinnu og samkeppnishæfni bæði til skemmri og lengri tíma.



Virkt samgöngukerfi er forsenda þróunar á Norðurlöndum. Í öllum norrænu ríkjum eru innviðir samfélagsins í fjárfsvæði. Hér eru miklir möguleikar til samvinnu og sameiginlega eigna norrænu ríkisstjórnirnar að leggja áherslu á að efla lestarsamgöngur, sem eru nauðsynlegar vegna sameiginlegs vinnumarkaðar þar sem þær stuðla að aukinni framleiðni og minnka atvinnuleysi á svæðinu auk þess sem þær tryggja umhverfissvæna vöruflutninga.

Samfélagslegur ávinningur af sameiginlegum vinnumarkaði getur fyrst orðið að veruleika þegar innviðir landanna eru nægilega samtvinnaðir. Sjálfbærir innviðir munu einnig í sjálfu sér skapa störf þar sem fjármagnskostnaður er lítill og nægt starfsfólk er fyrir hendi. Vætanleg fjárfestingarþörf gæti skapað um 100.000 ný störf á Norðurlöndunum. Til mikils er að vinna.

## Dýrmætasti auðurinn

Vel menntað og hæft starfsfólk er dýrmætasti auðurinn og ýtir undir nýsköpun og þróun. Hvert Norðurlandarákin fyrir sig er of smátt til að geta eitt og sér verið í forystu menntunar og vísinda, meiri samvinna eiga að leggja áherslu á:

- Sameiginlega norræna áætlun um vísindasamvinnu, sem einfaldar og eykur samstarfsmöguleika milli vísindamanna í fremstu röð.
- Aukna möguleika vísindamanna til að sækja um styrki í öllum Norðurlandarákjum. Til að auka hreyfanleika meðal þeirra ber að skilyrða að styrkir séu nýttir í því landi sem þeir eru veittir.
- Að auka flæði milli vísindasamfélagsins, atvinnulífsins og hins opinbera. Tryggja að opinberir starfsmenn geti einnig samtvinnað starf á vinnumarkaði og rannsóknarvinnu.

→ Ekki þarf að óttast að tækni sem dregur úr losun hamli sköpun nýrra starfa, þvert á móti.

Náttúruauðlindir og nýtingu þeirra til framtíðar þarf einnig að ræða. Umhverfisáhrif í einu landi hafa áhrif um allt svæðið. Aukið eftirlit þarf með námugreftri, tryggja þarf að þungmálmur eitri ekki umhverfið, þ.m.t. ferskvatn og sjó. Draga verður úr köfnunarefnis- og fosförmengun frá landbúnaði og auka stuðning við vistvænna landbúnað. Umhverfið verður að vera í forgangi.

Ekki þarf að óttast að tækni sem dregur úr losun hamli sköpun nýrra starfa, þvert á móti. Vistvænar, hagkvæmar og sjálfbærar fjárfestingar eru framtíðin.

Gylfi Arnbjörnsson, ASÍ  
Erik Jylling, AC  
Elin Björg Jónsdóttir, BSRB  
Bente Sorgenfrey, FTB  
Lizette Risgaard, LO Danmark  
Gerd Kristiansen, LO Norge  
Sture Fjäder, AKAVA  
Anders Folkestad, Unio  
Lauri Lyly, SAK  
Jorunn Berland, YS  
Mikko Mäenpää, STTK  
Karl-Petter Thorwaldsson, LO Sverige  
Jess Berthelsen, SIK Grönland  
Göran Arrius, Saco  
Eva Nordmark, TCO  
Lóa Brynjúlfssdóttir, NFS

NFS – Norræna verkalýðssambandið er samvinnuvettvangur norrænu verkalýðshreyfingarinnar. Í NFS eru sextán heildarsamtök launafólks á Norðurlöndum sem eru fulltrúar nærri 9 milljóna launamanna. [www.nfs.net](http://www.nfs.net)

Þessi grein birtist samtímis í dagblöðum á öllum Norðurlöndunum.



FRÍTT Í SUND  
HJÁ ÍTR MEÐ ÖLLUM  
SUNDFÖTUM  
MEÐAN  
BIRGÐIR  
ENDAST



ÚTILÍF

# Skólaheilsugæslan: Réttir aðilar á réttum stað

Allar ákvarðanir eða ráðstafanir yfirvalda er varða börn skulu byggðar á því sem er börnum fyrir bestu (úr 3. grein Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna).

Ég á mér draum. Draum um samfélag sem býður öllum tækifæri til farsældar og hefur rými fyrir alla. Þar sem byggt er á fyrirhyggju við sköpun raunverulegra úrræða sem hafa að markmiði

## HEILBRIGÐISMÁL



Aðalbjörg Stefania Helgadóttir skólahjúkrunarfræðingur Langholtsskóla

að mæta veikindum og vanlíðan. Börnin eru fjársjóður framtíðarinnar og ber okkur sem nú berum ábyrgð á velferð samfélagsins að hafa framtíðarsýn og sjá fyrir okkur hvaða eiginleikum við viljum að þau búi yfir. Það kennur við þeim með okkar eigin lífsviðhorfum, samskiptaháttum og gildum og með því að skapa samfélag mannréttinda sem grundvallast

á virðingu, hluttekningu og umhyggju.

Þess konar samfélag leggur megináherslu á bæði framúrskarandi og öruggt alhliða heilbrigðiskerfi sem hefur fagmennsku að leiðarljósi, og menntakerfi sem byggir á þeirri meginstefnu að það sé raunverulega rými fyrir alla. Samfélaginu er stjórnað af hugrökkum og um leið auðmjúkum leiðtogum, sem hafa yfirsýn yfir þarfir samfélagsþegnanna og búa yfir hæfni til að forgangsraða þeim. Þeir efla styrkleika þjónustunnar, sjá fram

á veginn og setja sér raunhæf markmið í ljósi þarfa þjónustuþegnanna, kostnaðar og innan fjárheimilda.

## Eigum langt í land

Það eru því miður mýmörg dæmi um að við eigum langt í land með að hafa rými fyrir alla í samfélagi okkar. Nægir þar að nefna úrræðaleysi gagnvart veikindum barna með geðraskanir, þar sem skortur á fjármagni og biðlisti eftir víðeigandi meðferð leiðir til þess að börnin bíða of oft og lengi. Það getur haft alvarlegar

→ Börnum sem þurfa á þjónustu að halda er vísað á teymið og þörfum þeirra mætt með samstarfi allra teymisaðila, sem hafa þau skýru markmið að búa börnunum aðstæður sem leiða til velferðar.

afleiðingar með tilheyrandi vanlíðan fyrir barnið sjálft, fjölskyldu þess, skólafélaga og aðra sem að barninu standa.

Fyrstu skrefin í átt að betra samfélagi felast í að auka þekkingu á aðstæðum og þörfum samfélagsþegna, og vilja og löngun til að bæta hag þeirra. Í nýútkominni skýrslu UNICEF: Réttindi barna á Íslandi: ofbeldi og forvarnir, er sýnt fram á að ofbeldi er helsta ógnin sem steðjar að íslenskum börnum. Ofbeldi hefur gríðarleg áhrif á líf og velferð barna og í ljósi þess eru lagðar fram tillögur að margþættum forvörnum í skýrslunni, sem byggja á því að samfélag okkar líði ekki ofbeldi. Þó að í þessu sambandi sem öðru varðandi umönnun barna gildi að meginábyrgðin hvílir á herðum foreldra, eru það skóla- og heilbrigðiskerfið sem eiga að vera fyrirmynd og leggja línurnar um hvernig skuli takast á við ofbeldi gegn börnum, því það þarf sannarlega heilt þorp til að ala upp barn.

Til að takast á við aðsteðjandi vanda barna, hvort sem um er að ræða ofbeldi eða geðraskanir, er brýnt að nýta þekkingu og færni þeirra fagaðila sem nú þegar starfa að bættum hag barna í nærumhverfi þeirra og auka samstarf milli heilbrigðis- og menntakerfis. Grundvallaratriðið er að þjónustan byggji á styrkleikum fjölskyldna, sé veitt af færum fagaðilum og hafi að markmiði að stuðla að velferð barna og fjölskyldna þeirra. Mikilvægast er að viðhorf allra sem að þessum málum koma grundvallast á virðingu og samhyggð gagnvart þjónustuþegnum.

## Fjölskylduteymi

Eitt af þeim úrræðum sem eru þegar til staðar í nærumhverfi barna er Fjölskylduteymi Heilsugæslunnar í Glæsibæ sem var sett á laggirnar árið 2008. Í teyminu eru fagaðilar frá Barna- og unglingageðdeild Landspítalans, Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis, heimilislæknar, yfirhjúkrunarfræðingur og sálfræðingur Heilsugæslunnar í Glæsibæ og skólahjúkrunarfræðingar Langholts- og Vogaskóla. Börnum sem þurfa á þjónustu að halda er vísað á teymið og þörfum þeirra mætt með samstarfi allra teymisaðila, sem hafa þau skýru markmið að búa börnunum aðstæður sem leiða til velferðar. Lykillinn að árangri þjónustunnar felst í viðveru fagaðila í nærumhverfi barnanna, til dæmis að skólahjúkrunarfræðingar séu aðgengilegir og til staðar fyrir börnin í skólanum: Réttir aðilar, á réttum stað, á réttum tíma.

Skýrslu UNICEF og sláandi fréttum af afleiðingum úrræðaleysis gagnvart börnum með geðraskanir er ætlað að vekja almenning til vitundar um hinn bitra veruleika sem íslensk börn búa við. Það er samfélagsleg ábyrgð okkar að bregðast við, sýna fyrirhyggju og efla þjónustu í nærumhverfi barna og auka samstarf milli heilbrigðis- og menntakerfis. Til þess þarf hæft og ástríðufullt starfsfólk sem er leitt áfram af hugrökkum stjórnendum velferðarkerfisins. Stjórnendum sem eru meðvitaðir um ábyrgð sína sem fyrirmyndir annarra varðandi lífsviðhorf og samskiptahætti, og sem byggja ákvarðanir sínar og forgangsröðun fjármuna á þeirri framtíðarsýn að á Íslandi njóti öll börn mannréttinda.

**Er kagginn kominn með skoðun?**  
Keyrum örugg inn í vorið og látum skoða bílinn þar sem reynslan er mest!

32 SKOÐUNARSTÖÐVAR UM LAND ALLT

MAI 13 345

MARS APRIL MAI

Frummyrkið er metnaður okkar hjá Frumherja að veita góða þjónustu og hagstæð kjör á skoðunum.

Frummyrkið er metnaður okkar hjá Frumherja að veita góða þjónustu og hagstæð kjör á skoðunum.

Frummyrkið er metnaður okkar hjá Frumherja að veita góða þjónustu og hagstæð kjör á skoðunum.

## LUKKULEIKUR

Komdu með bílinn í skoðun og freistaðu gæfunnar í Lukkuleik okkar. Eldsneytisvinningur að upphæð kr. 25.000 dreginn út í hverri viku.

**Frumherji**  
- örugg bifreiðaskoðun um allt land


Fax: 570 9002 · Netfang: frumherji@frumherji.is · www.frumherji.is

PPARYBVAJSA - 131044



# Fýraðu upp fyrir Eurovision!

Ný kynslóð af Char-Broil grillum nú fáanleg á Olís-stöðvum



Þú tekur næsta skrefið í grilleldamennsku með **amerísku Tru-Infrared grilli frá Char-Broil**.  
 Minnkað loftflæði hindrar uppgufun og heldur matnum safaríkari.  
**Þú færð grillið samsett og heimsent á höfuðborgarsvæðinu.**  
 Einnig mikið úrval af grilláhöldum og fylgihlutum.

**Char-Broil Tru-Infrared grill**  
 2 brennarar  
**79.900 kr.**  
 13.317 kr. léttgr. í 6 mánuði

ALLIR SEM KAUPA  
 GRILL HJÁ OLÍS FÁ  
**25%**  
 AFSLÁTT AF  
 INNIHALDI Á GASI



Vinur við veginn





# HÖLLIN – ALLTAF EITTHVAÐ NÝTT OG SPENNANDI!

**OPIÐ**  
LAUGARDAG  
**LOKAÐ**  
Hvítasunudag &  
2. í Hvítasunnu



AÐEINS  
**21.902**  
KRÓNUR

Afb. á mán. m.v.  
12 mán. vaxtalaust lán  
3,5% lántökugj.

**CHARLIETOWN**  
3JA SÆTA SÓFI  
**249.990**

FULLT VERÐ: 299.990

Stærð: B:220 D:85 H: 75 cm. Litur brúnn. Bycast leður. Fæst einnig 2ja sæta.

AÐEINS  
**33.977**  
KRÓNUR

Afb. á mán. m.v.  
12 mán. vaxtalaust lán  
3,5% lántökugj.

**BROMLEY**  
3JA SÆTA SÓFI

**389.990**

FULLT VERÐ: 459.990



Ekta amerískt leður.  
Bromley fæst einnig stóll.  
Stærð 3ja sæta B: 220 D: 95 H: 90 cm.

AÐEINS  
**15.002**  
KRÓNUR

Afb. á mán. m.v.  
12 mán. vaxtalaust lán  
3,5% lántökugj.

**TRAVIS**  
3JA SÆTA SÓFI

**169.990**

FULLT VERÐ: 229.990



Travis fæst einnig 2ja sæta og stóll.

Slitsterkt áklæði.  
3ja sæta B:225 D:95 H:80 cm.

AÐEINS  
**24.489**  
KRÓNUR

Afb. á mán. m.v.  
12 mán. vaxtalaust lán  
3,5% lántökugj.

**HELENA**  
3JA SÆTA SÓFI

**279.990**

FULLT VERÐ: 329.990



Helena fæst einnig 2ja sæta

Slitsterkt áklæði. Stærð: B:253 x D:110 H:105 cm.

AÐEINS  
**28.802**  
KRÓNUR

Afb. á mán. m.v.  
12 mán. vaxtalaust lán  
3,5% lántökugj.

**ETHAN**  
HORNSÓFI

**329.990**

FULLT VERÐ: 419.990



Ethan fæst einnig hornsófi með hvíld og tungusófi.

Slitsterkt áklæði. Stærð: 240x240 H: 96,5 cm.



**89.990**  
VERÐ: 109.990

LA Z BOY

ASPEN La-z-boy stóll. Áklæði í mörgum litum. B:80 D:85 H:102 cm.



**99.990**  
VERÐ: 119.990

LA Z BOY

EDEN La-z-boy stóll. Áklæði í fjölmörgum litum. B:80 D:80 H:102 cm.



**104.990**  
VERÐ: 124.990

LA Z BOY

PINNACLE La-z-boy stóll. Svartur, ljós eða rauðbrúnn. B:80 D:85 H:104 cm.



**129.990**  
VERÐ: 159.990

LA Z BOY

ASPEN La-z-boy stóll. Svart, vínrautt, brúnt eða ljóst leður. B:80 D:85 H:102 cm.

★  
FULL BÚÐ AF  
NÝJUM STÓLUM  
FRÁ LA-Z-BOY  
★

★  
MEST SELDI  
HÆGINDASTÓLL  
Í HEIMI  
★



realflame

ARINN FRISCO  
Expresso  
B:122 D:33 H:104 cm

**99.990**  
VERÐ: 129.990



CHARLIETOWN  
Hægindastóll.  
Brúnt bycast leður.  
B:95 D:75 H:75 cm.

**139.990**  
VERÐ: 159.990



**HÚSGAGNAHÖLLIN**

– fyrir lifandi heimili –

+

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,  
**PÁLÍNA JÓHANNESDÓTTIR**

lést á hjúkrunarheimilinu Droplaugarstöðum mánudaginn 13. maí sl. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 22. maí kl. 13.00.

<b>Jón Haukur Sigurðsson</b>	<b>Ásta Nielsdóttir</b>
<b>Benedikt T. Sigurðsson</b>	<b>Helgi Hauksson</b>
<b>Elín Stella Sigurðardóttir</b>	<b>Soffía Kristjánsdóttir</b>
<b>Jóhannes Ómar Sigurðsson</b>	<b>Sigurveig Guðmundsdóttir</b>
<b>Sólvi Ellert Sigurðsson</b>	<b>Porgrímur Óli Sigurðsson</b>

<b>Helgi G. Sigurðsson</b>	<b>Ellen Baer</b>
<b>Einar Már Sigurðsson</b>	<b>Laurent Nicolas Bonthonneau</b>

**Guðrún Fanney Sigurðardóttir** barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.



# Söng á sveitaböllum með leyfi löggunnar

Sigursteinn Hákonarson, eða Steini í Dúmbó, heldur upp á 50 ára söngafmæli sitt og Dúmbó sextett upp á 50 ára afmæli með tónleikum í Bíóhöllinni á Akranesi á morgun.

„Við ætlum að rifja upp sögu sveitarinnar í tónum og taka vinsælustu lögin hjá okkur á árunum frá 1963 til 1968, meðal annars Angelíu og einnig nokkur Bítalög,“ segir Sigursteinn Hákonarson rafvirki um tónleika Skagahljóm-sveitarinnar Dúmbó og Steina annað kvöld. Hann var á sínum tíma þekktur sem söngvarinn Steini með þeirri hljómsveit og átti sinn þátt í miklum vinsældum hennar. Nú eru fimmtíu ár frá því hann steig á svið með sveitinni og líka fimmtíu ár frá því Dúmbó var endurvakin eftir nokkurra vikna svefn og þá sem sextett, en áður hafði hún verið kvartett. Upp á það skal haldið í Bíóhöllinni.



**SÖNGVARINN** „Við ætlum að rifja upp sögu sveitarinnar í tónum og taka vinsælustu lögin hjá okkur á árunum frá 1963 til 1968,“ segir Steini. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Sigursteinn var bara fimmtán ára þegar hann hóf söngferilinn með Dúmbó og hafði því ekki aldur til að vera á böllumum sem hann var að syngja á, heldur þurfti leyfi frá löggunni fyrsta árið. „Við vorum tveir á sama aldri í sveitinni, bara fimmtán ára unglingar,“ rifjar hann upp og segir strax hafa verið fullt að gera. „Hljómsveitin var ráðin til að spila á böllum í Borgarfirðinum og á Snæfellsnesinu allt sumarið 1963 og fljótlega komumst við inn í Glaumbæ sem varð vinsæll unglingsstaður á þeim tíma. Næstu sumur lékum við og sungum á sveitaböllum vítt um landið og leystum Hljómsveit Svavars Gestis af í Súlnasal Hótel Sögu í einn mánuð, það var fínasta veitingahús landsins á þeim tíma. Við vorum með þannig hljóðfæraskipan að við gátum spilað dinnermúsík undir borðhaldi og svo danstónlist á

eftir. Við kappkostuðum líka að vera vel klæddir og létum sauma á okkur hljómsveitarbúninga.“

Árið 1967 kom út fjögurra laga plata með Dúmbó og Steina sem seldist fljótt upp, lagið Angelía sló í gegn og var á vinsældarlistunum vikum saman. Þótt Steini hafi hætt að koma fram með Dúmbó á sjöunda áratugnum kveðst

hann hafa haldið söngnum við í kórnum gegnum tíðina og hafa sungið bæði með Kirkjukór Akraness og ýmsum söngsveitum.

Færri komast að en vilja á tónleikana annað kvöld í Bíóhöllinni en þeir verða endurteknir 24. þessa mánaðar og enn eru nokkrir miðar lausir á þá þegar þetta er ritað. gun@frettabladid.is

+

Innilegar þakkar fyrir auðsýnda hlýju og vinarhug við andlát og útför  
**SKAFTA ÞÓRODDSSONAR** frá Sigtúni, Fáskrúðsfirði.

Sérstakar þakkar fær starfsfólk Dvalar- og hjúkrunarheimilisins Uppsala fyrir að annast hann af einstakri umhyggju og hlýju síðustu ár.

**Fyrir hönd aðstandenda, systkinin frá Sigtúni.**



+

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,  
**GUNNAR SKAGFJÖRÐ SÆMUNDSSON** Hlíðarhúsum 7, 112 Reykjavík,

sem lést föstudaginn 10. maí verður jarðsönginn frá Árbæjarkirkju föstudaginn 17. maí klukkan 15.00.

<b>William S. Gunnarsson</b>	<b>Sigrún G. Jónsdóttir</b>
<b>Sæmundur S. Gunnarsson</b>	<b>Inga Ásgeirsdóttir</b>
<b>Margrét Gunnarsdóttir</b>	<b>Halldór Kjartansson</b>
<b>Gunnar Skagfjörð Gunnarsson</b>	<b>Guðrún Jóhanna Rafnsdóttir</b>
<b>Anna Skagfjörð Gunnarsdóttir</b>	<b>Sigurður Daniel Gunnarsson</b>

barnabörn og barnabarnabörn.



+

Bálför elskelegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,  
**HULDU INGVARSDÓTTUR** Bræðratungu 22, Kópavogi,

sem andaðist á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð miðvikudaginn 8. maí, verður í Hjallakirkju föstudaginn 17. maí kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnst hennar er bent á Minningargjafarsjóð Sunnuhlíðar.

**Fyrir hönd aðstandenda, Kristbjörg Sigurnýasdóttir** Frímánn Sigurnýasson Hrefna S. Sigurnýasdóttir Birgir Páll Hjartarson

**Jóhannes R. Jóhannesson** Ásgeir Torfason Sylwia Lichy



**Fjölbreytt úrval legsteina Frí áletrun og uppsetning**

Sjá nánar á granithollin.is sími 555 38 88 Bæjarhrauni 26 (á móti Fjarðarkaupum)

**Graníthöllin**  
Bæjarhrauni 26 - 220 Hafnarfirði  
www.granithollin.is  
Sími 555 38 88



Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið [timamot@frettabladid.is](mailto:timamot@frettabladid.is).

Auglýsingar á að senda á [auglysingar@frettabladid.is](mailto:auglysingar@frettabladid.is) eða hringja í síma 512 5000.

+

Elskulegur eiginmaður minn, faðir, afi og langafi,  
**RÚDÓLF SÆVAR INGÓLFSSON**

varð bráðkvaddur á heimili sínu 12. maí sl. Útförin verður auglýst síðar.

**Ruth Jóhanna Arelíusdóttir**  
**Annadís Greta Rúdólfsdóttir**  
**Sandra Björk Rúdólfsdóttir**  
**Daniel Ari Maksimov og Gabriel Rúdólf Maksimov.**



+

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,  
**ARNDÍS SIGURÐARDÓTTIR** Brunnum 11, Patreksfirði,

lést 10. maí á Hjúkrunarheimilinu Ísafold í Garðabæ. Útför hennar fer fram frá Patreksfjarðarkirkju laugardaginn 18. maí klukkan 14. Þeim sem vildu minnst hennar er bent á Slysavarnadeildina Unni Patreksfirði.

<b>Bjarni Valur Ólafsson</b>	<b>Anna Sigmarsdóttir</b>
<b>Sigurður Ólafsson</b>	<b>Gróa Lárusdóttir</b>
<b>Ólafur Örn Ólafsson</b>	<b>María Beatriz Fernandes</b>
<b>Sigurveig J. Ólafsdóttir</b>	<b>Árni Long</b>
<b>Páll Ólafsson</b>	<b>Nili Ben-Ezra</b>

barnabörn og barnabarnabörn.



+

Elskuleg móðir okkar, dóttir, tengdamóðir, systir og amma,  
**INGIBJÖRG ÓLÖF ANDRÉSDÓTTIR (INGA LÓA)** hjúkrunarfræðingur, Birkíasi 13, Garðabæ,

verður jarðsönginn frá Hallgrímskirkju miðvikudaginn 22. maí kl. 15.00.

**Fyrir hönd aðstandenda, Kristín Logadóttir** Andrés Már Logason Kristín Magnúsdóttir Örn Andrésson Guðbjörg Erla Andrésdóttir Magnús Andrésson Hrafn, Lóa og Már Hallgrímsbörn.

**Hallgrímur Þór Sigurðsson**



+

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,  
**HELGA TRYGGVADÓTTIR**

lést á dvalarheimilinu Grund mánudaginn 13. maí. Útför hennar fer fram frá Háteigskirkju föstudaginn 24. maí kl. 13.00.

<b>Ragnheiður Bragadóttir</b>	<b>Auður Gróa Kristjánsdóttir</b>
<b>Guðmundur Bragason</b>	<b>Guðrún Björk Bjarnadóttir</b>
<b>Dagur Bragason</b>	
<b>Unnur Bragadóttir</b>	
<b>Ingvar Stefánsson</b>	



+

Elskuleg móðir okkar og tengdamóðir, amma og langamma,  
**STEFANÍA RUNÓLFSDÓTTIR**

lést á hjúkrunarheimilinu Skjólí 8. maí síðastliðinn. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni í dag, fimmtudaginn 16. maí, kl. 15.00.

<b>Simon Hallsson</b>	<b>Anna Eyjólfsdóttir</b>
<b>Valgarður Ómar Hallsson</b>	<b>Lori Hallsson</b>
<b>Hallur Hallsson</b>	
<b>Ásta Hallsdóttir</b>	<b>Benedikt Ólafsson</b>
<b>Heba Hallsdóttir</b>	
<b>Hulda Guðrún Hallsdóttir</b>	

barnabörn og barnabarnabörn.



+

Innilegar þakkar fyrir auðsýnda samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför okkar ástkæru eiginkonu, dóttur, móður, tengdamóður og ömmu,  
**MARGRÉTAR BJÖRNSDÓTTUR** sérkennara, Logafold 65.

Sérstakar þakkar viljum við færa starfsfólki kvennadeildar Landspítalans, Heimahlygningar og líknardeildar Landspítalans.

<b>Brynjúlfur Erlingsson</b>	<b>Hildur Björk Kristjánsdóttir</b>
<b>Ársól Margrét Árnadóttir</b>	<b>Anna Lilja Oddsdóttir</b>
<b>Björn Brynjúlfsson</b>	
<b>Erlingur Brynjúlfsson</b>	
<b>Árni Brynjúlfsson</b>	

barnabörn og aðrir ættingjar.



# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



**50 ÁRA AFMÆLI DÚMBÓ OG STEINA**  
Hljómsveitin Dúmbó sextett heldur upp á 50 ára söngafmæli Steina, Sigursteins Hákonarsonar, og sömuleiðis 50 ára afmæli Dúmbó sextetts með tónleikum í Bíóhöllinni á Akranesi annað kvöld kl. 21. Hljómsveitin hefur alla tíð notið mikilla vinsælda.

GLÆSILEGUR !

*Misty* - fyrir allar konur

Laugavegi 178 - Sími: 551 3366  
Þú mætir - við mælum og aðstoðum  
www.misty.is  
Opíð frá 10-18 virka daga.  
Laugardaga frá kl. 10-14  
Vertu vinur

Teg 23451 - mjúkur í  
80-95 C,D,E skálum  
á kr. 5.800,- buxur  
við á kr. 1.995,-



## BIÐUKOLLUR OG ÁLFASTEINAR

**FATAHÖNNUN** Ásdís Loftsdóttir sýnir nýtt merki, Black Sand, á sýningu Handverks og hönnunar í Ráðhúsi Reykjavíkur í dag. Munstrin sækir hún í íslenska náttúru, blóm og steina. Sýningin verður opnuð klukkan 16 í dag.

Ég sýni flíkurnar fyrst opinberlega núna en ég stofnaði Black Sand í vetur," segir Ásdís Loftsdóttir fatahönnuður. Frá því Ásdís lauk námi í fatahönnun árið 1986 hefur hún unnið ullarvörur undir merkinu Diza og hannað munstur fyrir handprjón. Í nýju línunni hanna hún munstur og lætur prenta fyrir sig á náttúruleg efni og sækir innblástur til íslenskrar náttúru.

„Ég geri fót fyrir konur á öllum aldri og hef að leiðarljósi að fötin séu þægileg og að konum líði vel í þeim. Fötin eiga jafnframt að vera þægileg í umhirðu og úr góðum efnum og ég nota mikið náttúruleg efni, jersey, hör, bómull og silki," útskýrir Ásdís. „Ég þrykki bæði sjálf og læt prenta stafrænt fyrir mig munstur með biðukollum og myndir af álfasteinum og fleiru. Þá þrykki ég á boli sem ég hanna og sauma sjálf," segir Ásdís en framleiðslan er að mestu í hennar eigin höndum enn þá.

„Enn sem komið er sé ég um framleiðsluna sjálf á vinnustofunni minni í Vestmannaeyjum. Ég kalla hana Stúdíó 7 og þar er ég líka með verslun. Ég er mjög spennt að sjá hvernig viðtökurnar verða við línunni í Ráðhúsinu og hvert framhaldið verður.“

Ásdís er fædd og uppalin í Vestmannaeyjum en fluttist þangað aftur fyrir ári og kann vel við sig á heimaslóðum. „Ég nýt þess að vera hérna og fæ innblástur í hverju spori. Samgöngurnar mættu auðvitað vera betri, það er það eina," segir hún hlæjandi.



**BLACK SAND** Nýtt merki Ásdísar Loftsdóttur samanstendur af blússum, toppum, kjólum, peysum og slæðum með munstrum úr náttúrunni. MYND/ÁSDÍS LOFTSDÓTTIR



**BIÐUR SPENNT** Ásdís Loftsdóttir fatahönnuður er spennt að sjá hvernig viðtökurnar nýja línán fær. Sýningin verður opnuð klukkan 16 í dag í Ráðhúsinu og stendur fram á mánudag.

### OPNUN Í DAG

Sýning Handverks og hönnunar verður opnuð klukkan 16 í dag í Ráðhúsi Reykjavíkur. Sýningin verður opin milli klukkan 10 og 18 föstudag, laugardag og henni lýkur á mánudaginn.

## TÆKIFÆRISGJAFIR

IV handunnið frá Ítalíu



MUNNBLÁSIÐ - HANDUNNIÐ  
Fæst eingöngu hjá

*Tækk* www.tk.is  
**KRISTALL**

Laugavegi 178 - Sími: 568 9955

**20%** afsláttur  
af öllum skóm



Vertu vinur okkar á Facebook

*hjá Grafhildi*

• Engjateigur 5  
• Sími 581 2141  
• www.hjahrafnhildi.is

Opíð virka daga frá kl. 10-18

laugardaga frá kl. 10-16

Haltu alvöru Eurovisionpartý...  
**EUROVISION** tilboð

**20.000.-**  
Afsláttur af öllum hæginda-sófum



HÆGINDA-STÓLAR MED  
LEÐRI Á SLITFLÖTUM  
VERÐ FRÁ KR.  
**69.900.-** M/AFSLÆTTI

Fimm stjörnu verslun

**Svefn & heilsa**  
★★★★★

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233  
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150  
Opíð virka daga kl. 10:00 - 18:00  
Laugardaga 12:00 - 16:00

www.svefn.is

**12** mán.  
vaxtalaussar  
greiðslur\*

\*3.5% lántökugjald



Baldursnesi 6 - Akureyri



Listhúsið - Reykjavík



HÆGINDA-SÓFI VERÐ KR.  
**159.000.-**  
M/AFSLÆTTI

RAFDRIFINN HÆGINDA-SÓFI VERÐ KR.  
**199.000.-**  
M/AFSLÆTTI

**10.000.-**  
Afsláttur af öllum hæginda-stólum

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**  
Sölu menn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is**, s. 512 5473 | **Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is**, s. 512 5432 | **Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is**, s. 512-5427

## SUMARDAGAR

**15% afsláttur**  
af sumarvörum

**B/A/S/L/E/R Parisar**  
TÍZKAN

Skipholti 29b • S. 551 0770



**Flott fót fyrir flottar konur**

Stærðir 38-58



Belladonna á Facebook

**belladonna**

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is

**Afsláttur**  
**50-80%**



Jana



Tamaris

## LAGERSALA

Skóhöllin Euroskó verður með  
**RISA LAGERHREINSUN**  
á skóm fyrir sumarið í  
Verslunarmiðstöðinni Firði 2 hæð  
við hlið verslunarinnar.

Opið frá 13 til 18  
frá föstudeginum 10 maí  
til laugardagins  
19 maí fyrir hvítasunnu.

Á sömu dögum verður  
TaxFree af öllum  
barnaskóm í versluninni



Fjarðagötu 13 • Í Firðinum Hafnarfirði • S. 555 4420



Vissir þú að...  
börn eiga rétt á læknisástoð  
og heilbrigðisþjónustu.



**ATVINNUPRJÓNARI**  
Ragnheiður segir margar hugmyndir fæðast á handavinnusiglingunni því innblásturinn sé mikill. Á myndinni hér fyrir ofan er skemmtiferðaskipið MS Eurodam sem Ragnheiður ferðast nú á með prjónana.

# PRJÓNAÐ FRÁ RÓM

**LOPAFLEY** Ragnheiður Eiríksdóttir tók með sér fulla ferðatösku af íslenskum lopa í handavinnuferð á skemmtiferðaskipi frá Róm til Kaupmannahafnar.

**Þ**etta er gasalega mikill lúxusbátur og endalaust dekrað við okkur," segir Ragnheiður þar sem hún nýtur sólar á huggulegum svölum lúxuskáetu sinnar á siglingu um Miðjarðarhafið.

„Maturinn um borð er fáránlega góður og þjónustan afbragð. Á skipinu eru sundlaugar, spa og fullkomin líkamsræktaraðstaða, alls konar barir, veitingastaðir og bíó, leikhús og spilavíti, ásamt búðum sem selja gull, demanta og aðrar nauðsynjavörur," segir Ragnheiður í sæluvímu og getur sannarlega hugsað sér handavinnusiglingu aftur. „Þetta er svo miklu, miklu skemmtilegra en ég bjóst við," segir hún og brosir út að eyrum.

Ragnheiður og vinur hennar, bandaríski prjónahönnuðurinn Stephen West, voru fengin sem gestakennarar í skemmtisiglingu með ferðaskrifstofunni Craft Cruises sem sérhæfir sig í handavinnuferðum víða um heim.

„Við Stephen kennum hvort um sig fimn námskeið í ellefu daga siglingu. Við lögðum frá bryggju í Róm og siglum til Kaupmannahafnar með stoppi í höfnum á Spáni, í Lissabon, Brussel og St. Peters

Port á Ermarsundseyjunni Guernsey," útskýrir Ragnheiður á glæsifleyinu MS Eurodam í eigu Holland America Lines.

„Prjónahópurinn samanstendur af fjórutíu manns en um borð eru hundruð ferðalanga sem ekki eru á kafi í prjóni. Við sem erum hér prjónandi vekjum mikla athygli og svörum stöðugt spurningum áhugasamra um handavinnuna.“

Námskeið Ragnheiðar á siglingunni tengjast lopapeysunni og öðru íslensku prjóni og þau Stephen kenna eitt námskeið saman. „Það er mikill áhugi á íslensku prjóni og íslenskri ull svo vitaskuld hafði ég meðferðis stútfulla ferðatösku af lopa," segir Ragnheiður sem setur nú íslenskan blæ á prjónasiglingarnar sem notið hafa mikilla vinsælda í meira en áratug.

„Í handavinnuferðunum er mikið í boði fyrir prjónara sem hér eru allir frá Bandaríkjunum eða Kanada og djúpt sokknir í áhugamálið. Flestir hafa áður farið í prjónasiglingu eða ferðalög tengd prjóni og aðeins örfáir urðu sjóveikir fyrsta sól- arhringinn. Sjálf slapp ég alveg og finnst ruggið í sjónum voðalega þægilegt.“

## GÓÐ SAMAN

Ragnheiður og Stephen vinna mikið saman og kenndu í apríl á námskeiðum í Ameríku. Í sumar verður Stephen gestakennari í einni af prjónaferðum Knitting Iceland, fyrirtækis Ragnheiðar. Í haust kemur svo út bók sem þau vinna að saman og margt fleira er í bígerð.

# Föndur



Allt í skartgripagerðina  
- Frábært verð

**Stærsta  
föndurverslun  
landsins**

Glerperlur crackle - 1 lengja  
ca 110 perlur kr. 990

**Glæsilegt úrval af skartgripaefni**



Náttúrusteinar - 1 lengjan  
kr. 1.490 - 40 steinar

Víðarperlur - 1 lengja  
kr. 395 - 40 perlur

*Föndurlist*

Holtgördum, s. 553-1800  
Opið virka daga 11-18, laugardaga 11-15  
www.facebook.com/fondurlist

# FÖTIN SKIPTA MÁLI Í EUROVISION

**GLAMÚR** Það eru ekki bara lögin sem vekja athygli í Eurovision-keppninni. Mikið er rætt og ritað um fatastíl keppenda ár hvert og sitt sýnist hverjum. Kvenkeppendur virðast mun léttklæddari síðustu ár en tíðkaðist áður fyrir.

Valdir eru bestu og verstu búningarnir og tískulöggur hika ekki við að gagnrýna eða hrósa. Sumir búninganna eru eftirminnilegir en aðrir og margir þykja hryllilegir. Oftast leggja keppendur mikið upp úr því að vekja athygli á sviði, bæði hvað varðar klæðnað og sviðsframkomu þótt lögin skipti auðvitað öllu máli.

Það má þó með sanni segja að keppnin speglar yfirleitt tísku þess tíma þegar lögin eru flutt. Þannig má glöggst skoða fatastíl keppenda fyrir á árum með það fyrir augum að forvitnast um tískustíl þess árs sem keppnin fór fram.

Hér má sjá nokkur dæmi valin af handahófi frá keppninni undanfarin ár en það virðist færaast í aukana að kvenkeppendur klæði sig á kynþokkafullan hátt til að vekja athygli. Sumir eru þó í efnismeiri fótum en aðrir en Jóhanna Guðrún var einmitt gagnrýnd fyrir bláa kjólinn sem hún klæddist. Hann þótti minna á kjóla sem skrautbrúður klæðast.



**ÖFGAFULL** Svetlana Lobodato keppti í Eurovision árið 2009 í Moskvu. Hún þótti í djörfum búningi og kynþokkafull á sviðinu. Öfgafull sviðsframkoma virðist hafa vakið nokkra athygli á laginu í Moskvu sem dugði þó ekki til sigurs.



**YFIRGENGILEGT** Jóhanna Guðrún þótti standa sig afar vel á sviðinu en blái kjóllinn þótti ekki mjög smart og var hún gagnrýnd fyrir hann. Kjóllinn þótti vera of „yfirþyrmandi“. Jóhanna keppti í Moskvu árið 2009.



**PÚKÓ** Flytjendur Póllands í keppninni 2007 í Helsinki í Finnlandi vöktu athygli fyrir búninga sem þóttu hneykslanlegir.



**SENJÓRÍTUR** Þessar fáklæddu spænsku stúlkur kepptu í Úkraínu í maí árið 2005. Þær þóttu djarflega klæddar og frekar eins og magadansmejar en spænskar senjórítur.

## BABÚSKUR

Rússnesku ömmurnar þóttu krúttlegar á sviðinu í sínum hræðilegu búningum þótt ekki næðu þær árangri í keppninni í Bakú í Aserbaidsjan árið 2012.

## TÍSKAN 2013

Vel er fylgst með fatastíl keppenda þessa árs en á einni aðdáendasíðunni mátti lesa að keppnin væri óvenju svört og hvít hvað fötin varðaði að þessu sinni.

## Eurovisionpartý í Flash

**30% AFSLÁTTUR  
AF ÖLLUM VÖRUM  
FIMM-LAUGARD**



Laugaveg 54,  
sími: 552 5201

Vertu vinur



Vissir þú að...

borngeliga rétt á  
vernd gegn einelti

# NIP + FAB



Breska húðvörulínan NIP+FAB frá Rodial er náttúruleg og **án allra parabena**. Varan er bæði vönduð og ódýr og hentar öllum húðgerðum. NIP+FAB hefur algjörlega slegið í gegn og er sem dæmi notað af mörgum helstu stjörnum Hollywood um þessar mundir meðal annars leikkonunum Kristen Stewart, Kelly Brook, Angelu Jolie og Charlize Theron.

Náttúrulegar húðvörur án parabena bæði fyrir andlit og líkama sem gefa frábæran árangur

## NIP + FAB KYNNING

16. og 17. maí,

í Lyfju Lág múla, Laugavegi,  
Smáratorgi og Smáralind.

**20%**  
kynningarafsláttur





# KRAKKAR

FIMMTUDAGUR 16. MAÍ 2013



## Allt fyrir börnin

Varðan selur barnarúm, barnavagna og barnastóla í úrvali. Þar fást meðal annars marglitir Hókuspókus-stólar og margt fleira. **SÍÐA 2**

## Sauðburður

Systurnar Svanhildur Marín og Matt-hildur Eir Valdimarsdætur hjálpa til við sauðburðinn sem nú er í fullum gangi hjá ömmu þeirra og afa í Bárðardal.

## Barnasirkus

Boðið verður upp á sirkus-leikjanám-skeið í samstarfi við stærsta barnsirkus Norðurlanda í sumarþáttum KFUM og KFUK í sumar. **SÍÐA 4**



Pebble-rúmin fást í þremur litum.



Hayworth-rúmið vex með barninu og getur dugað fram á skólaaldur.



Nú er hægt að fá Mondial-vagn frá Emmaljunga í dökkbrúnu. Vagninn er alger senubjófur.

# Rúm sem vex með barninu

Í barnavörversluninni **Vörðunni** má finna barnarúm, barnavagna og barnastóla í úrvali ásamt öðru sem þarf við umönnun barna. Þar fást meðal annars Hayworth-barnarúm, sem vex með barninu, og marglitir Hókuspókus-stólar.

**V**arðan býður upp á tvær frábærar gerðir af barnarúmunum frá Mamas & Papas. Annars vegar Pebble-rúm sem er 60x120 sentimetrar og fáanlegt í þremur litum; hvítu, glærlökkuðu og gullinni eik, og hægt er að kaupa skiptiborð sem passar ofan á rúmið. Hins vegar Hayworth-rúm sem er 70x140 sentimetrar. Þar er sömuleiðis hægt að velja um þrjá liti; hvítt, gullna furu og hnotu. Rúmið fæst eitt og sér eða í pakka með rúmfataskúffu og skiptiborði sem lagt er ofan á rúmið. Þá er hægt að breyta rúminu þegar barnið stækkar en þá eru hliðarnar og neðri hlutarnir af göflunum fjarlægðir og úr verður barnarúm sem hentar barninu fram á skólaaldur.

## Regnbogalitur Hókuspókus-stólar

Um síðustu jól ákvað Varðan að prófa að bjóða upp á Hókuspókus-stóla þar sem hver flötur hefur sinn lit. Hver stóll hefur því sjö liti. Stólararnir eru mjög líflægir og skemmti-

legir og tilvaldir fyrir þá sem vilja poppa aðeins upp þessa frábæru klassík. Til þess að gera þetta mögulegt var sjö stólum púslað saman sem gerir það að verkum að ekki er boðið upp á slíka stóla nema það séu að minnsta kosti fjórir ákveðnir í að kaupa þá hverju sinni. Fyrsta settið seldist upp og er hægt að skrá sig á lista fyrir næsta sett. Nánari upplýsingar er að finna á Facebook-síðu Vörðunnar ([www.facebook.com/varдан.barnavorur](http://www.facebook.com/varдан.barnavorur)).

## Emmaljunga súkkulaðisætur Mondial

Emmaljunga býður upp á vandaða vagna og kerrur sem byggja á gömlum grunni enda var fyrirtækið stofnað árið 1925. Hvítu Mondial-vagnarnir frá Emmaljunga eru senubjófur sem henta einstaklega vel þeim sem kjósa dekkri liti. Í ár er hægt að fá Mondial í dökkbrúnu og er hann engu síðri senubjófur en sá hvítu. Þá eru líka til Edge-vagnar

í mjög mörgum fallegum litasamsetningum. Sem dæmi má nefna Black Carbon, sem er svartur með svörtu einlitu mynstri og svörtum endurskinsröndum og gerast vagnar varla meira töff.

Varðan er barnavörverslun sem byggir á þekkingu þriggja kynslóða sömu fjölskyldu. Markmið verslunarinnar er að veita góða þjónustu og gæðavörur. Í Vörðunni er mikið úrval af flestu því sem þarf við umönnun lítilla gullmola. Þó er ekki lögð mikil áhersla á fatnað en engu að síður fást ullarsamfellur, leggings, heilgallar, sundgallar, kuldagallar og húfur frá Dilling, Kivat og Trespass.

Sem dæmi um önnur vörumerki en þau sem hér hefur verið fjallað um má nefna, Chicco, Clippasafe, Dreambaby, Nuby, Lamaze og Weleda.

Varðan er til húsa í Bæjarlind 14-16 í Kópavogi.



Hayworth-rúmið fæst eitt og sér eða í pakka með rúmfataskúffu og skiptiborði.

**Við erum 3 ára**

**20% afmælisafsláttur af öllum vörum fram á laugardag.**

Barnafataverslunin Róló Glæsibæ.  
Sími 8948060 • [www.rollo.is](http://www.rollo.is) • Facebook

## Hlustaðu á Dísu ljósálf og Alfinn álfakóng á Vísi

Á Vísi er hægt að horfa á myndskreyttan upplestur úr þessum sígildu ævintýrum.



Ævintýrið um Dísu ljósálf kom fyrst út á íslensku árið 1928 í þýðingu Árna Óla og hefur margsinnis verið endurprentað. Dísu ljósálfur er ein klassískra sagna hollenska meistarans G.T. Rotman, sem fylgt hafa íslenskum börnum í tugir ára.

**vísir**

## Auðvelt fyrir upprennandi bakara

Krakkar hafa margir gaman af því að baka og er um að gera að byrja snemma að hvetja þau til dáða í eldhúsinu. Hins vegar er ekki ráðlegt að þau kveiki á ofni eða hellum nema undir eftirliti. Það er því gott að leyfa þeim að spreya sig á kókoskúlum fyrst um sinn. Reyndar þarf að hita smjórið en fleira þarf ekki að aðstoða þau við. Ekki spillir fyrir að kúlurnar eru sætar og bragðgóðar og flestum krökkum finnst þær algert lostæti. Þeir geta sömuleiðis leikið sér að því að velja þeim upp úr ólíku skrauti og þannig fengið útrás fyrir sköpunarkraftinn.

### Einföld uppskrift

- 1 ½ dl kókosmjöl
- 3 dl haframjöl
- 1 tsk. vanillusykur (eða vanilludropar)
- 1 ½ dl flórsykur
- 2 msk. kakó
- 2 msk. kalt vatn (eða kaffi ef mamma og pabbi eiga það til kalt)
- 100 g smjör

Blandið þurfrunnum saman. Hitið smjör (í potti eða örbylgjuofni) og blandið öllu saman ásamt vatni. Látið deigið stífna í ísskáp í 30 mínútur. Mótið kúlur. Hellið kókosmjöli í skál eða poka. Setjið kúlurnar út í og hristið vel þar til þær eru þaktar skrauti. Með sama hætti má skreyta þær með kakódufti, hnetukurlu eða kókuskrauti.

Kúlurnar geymast best í lokuðu íláti í ísskáp.





# EUROVISION

FIMMTUDAGUR 16. MAÍ 2013

## Ísland fer áfram

Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir er yfirlýst Eurovision-nörd. Hún hefur trú á Eyþóri. **SÍÐA 4**

## Dagurinn hjá Eyþóri

Í kvöld mætir Eyþór Ingi örlögum sínum í Malmö. Dagurinn verður strembinn og eru generalprufurnar tvær. **SÍÐA 2**

## Semja þemalagið

Björn og Benny úr ABBA endurnýja kynnin við Eurovision í ár. **SÍÐA 6**

# Stór dagur í lífi Eyþórs og þjóðar

Í kvöld kemur í ljós hvort Eyþór Ingi syngur sig inn í hjörtu Evrópubúa og áfram í aðalkeppnina á laugardag með hjartnæmu framlagi Íslands í Malmö. Að baki eru skemmtilegir dagar, þrotlausar æfingar og dagskrá en dagurinn í dag verður öðruvísi.

## Fimmtudagurinn 16. maí í lífi Eyþórs Inga Eurovision-stjörnu í Malmö, Svíþjóð

- Ég fer á fætur upp úr níu til að ná morgunmatnum á hótelinu. Eftir morgunmat fer ég yfir dagskrá dagsins með Valla umboðsmanni og því næst upp á herbergi til að gera mig kláran fyrir daginn og myndatökur.
- Dagurinn í dag verður frábrugðinn þeim sem á undan eru gengnir og fá ef nokkur viðtöl sem annars hafa verið stanslaust frá klukkan 11 til 14. Eftir viðtölin hefur mér þótt gott að nærast og melta hvað ég var að segja.
- Í gær voru tvær generalprufur með áhorfendum og dómnefndin notaði seinni umferðina til að gefa sínar einkunnir. Í dag verða einnig tvær generalprufur með áhorfendum og svo seinni undanúrslit í kvöld. Dagurinn fer því meira og minna í æfingar á sviði, bið, hvíld og enn meiri æfingar og bið, inn og út af sviðinu.
- Hvíld og kvöldmat verður frá klukkan 17.15 til 19.45, að sænskum tíma. Þá þykir mér gott að leggast út af með heyrnartól, hlusta á tónlist og einhverja aðra en sjálfan mig.
- Klukkan 21 að sænskum tíma hefst söngvakeppnin í Malmö Arena og ég verð áttundi í röðinni á sviði. Eftir flutninginn förum við í Græna herbergið til að biða og sjá hvort Ísland verði eitt af tíu löndum sem komast áfram í aðalkeppnina á laugardag. Ef Ég á líf kemst áfram verður lagið tekið í Euro-klúbbnum á eftir en svo fer ég í háttinn, rotaður eftir daginn.



Eyþór Ingi að syngja Ég á líf í gleðskap Norðurlandanna í Malmö.

MYNDRVALGEIR MAGNÚSSON



Eyþór Ingi og Valgeir Magnússon umboðsmaður, honum á vinstri hönd, á blaðamannafundi. Fjölmíðlar ytra hafa sýnt Eyþóri Inga mikinn áhuga í Malmö.



## KVENFÓLK FÆR Í HNÉN

„Ég hef talsverða trú á því að Ísland komist áfram, miðað við viðbrögðin hér og sölu lagsins á iTunes,“ segir Valgeir Magnússon, umboðsmaður Eyþórs Inga. „Við erum nú í mun líklegri stöðu en áður þegar veðbankar og íslenskir fjölmíðlar voru neikvæðir. Það hefur nú breyst og í augnablikinu finnum við meðbyr,“ segir Valgeir sem fylgir Eyþóri Inga hvert fótmál í Malmö.

„Eyþór Ingi vekur hvarvetna athygli enda heimsklassa-söngvari og raddlega séð einn af sterkustu keppendum söngvakeppninnar. Útlitslega er hann auðþekjanlegur og fólk tengir sig hratt við hann því margir keppenda líta eins út. Eyþór Ingi er einstakur og hefur sitt eigið vörumerki og kvenfólk fær í hnén þegar það sér hann. Þá er lagið með mjög grípanði melódíu, Eyþór Ingi syngur það vel og allt leggst þetta á eitt.“

Valgeir segir að á tímabili hafi verið í tísku meðal Íslendinga að segja íslenska lagið leiðinlegt.

„Það hefur snúist hjá ansi mörgum og meira að segja hörðustu andstæðingum. Ef það gengur svo ekki vel í kvöld munu þeir eftir sem áður segja: „Já, hvað sagði ég ekki.““

Að sögn Valgeirs mun Eyþór Ingi undirbúa sig í góðu næði áður en hann stígur á svið frammi fyrir Evrópu og löndum sínum heima.

„Þá fer Eyþór Ingi inn í sjálfan sig eins og flestir listamenn gera; þeir verða eins og dofnir því líkami og hugur undirbýr átökin. Þetta eru líffræðileg viðbrögð þegar líkaminn lokar sig inni og hugurinn til að hugsa um aðeins eitt en eftir það mun stjarna hans skína.“

## KYNNING – AUGLÝSING

# Ekta Eurovision-partí með Ostakexi

Kexin frá Frón eru fyrir löngu orðin heimilissvinur íslenskra fjölskyldna. Nýlega setti fyrirtækið á markað Ostakex sem hentar sérstaklega vel sem létt snakk. Hægt er að setja mikið úrval af áleggi ofan á það.

Það má svo sannarlega segja að kexið frá Frón komið við sögu Íslendinga á hverjum degi. Árið 1926 var fyrirtækið stofnað

árið 1926 og er fyrir löngu orðið heimilissvinur íslenskra fjölskyldna.

Undanfarin ár hefur fyrirtækið staðið fyrir mikill vörubrúun og er ein afurð hennar Ostakexið sem kom nýlega á markað.

Ostakexið hefur slegið algjörlega í gegn að sögn Jóhannesar Baldurssonar, framleiðslustjóra Fróns, og fæst núna í tveimur bragðtegundum, með chili- og hvítlauchsbragði. „Við hjá Fróni erum miklir áhugamenn um Eurovision enda maula landsmenn mikið af kexi frá okkur í Eurovision-partíum. Ostakexið okkar hentar þar frábærlega vel enda hægt að nýta á fjölbreyttan hátt með ýmsu áleggi. Ég læt hér fylgja nokkrar einfaldar uppástungur en möguleikarnir eru endalausir og takmarkast í raun bara við smekk hvers og eins. Þetta skýrir sig nokkurn veginn sjálft. Ef það eru ostar, pestó eða sýrður rjómi fer hráefnið beint á kexið og

svo annað álegg þar ofan á. Fólk getur notað báðar tegundirnar af kexinu að vild.“ Tillögur Jóhannesar má sjá í boxinu hér til hliðar.

Frón heldur úti lauffléttum Eurovision-leik á Facebook-síðu sinni, bæði fyrir undankeppnina og aðalkeppnina. „Við ætlum að gefa veglega gjafakörfu sem er

hlaðin Ostakexinu okkar, sultum, ostum og ýmsu fleira góðgæti sem er alveg dæmigert nasl í góðu partíi. Það er hægt að taka þátt á Facebook og þeir sem verða dregnir úr í undankeppninni fá þá ostakörfu í tæka tíð fyrir aðalkeppnina sem er náttúrulega snilld. Ég hvet alla til að taka þátt í leiknum.“

Hann bendir einnig á vef fyrirtækisins, [www.fronkex.is](http://www.fronkex.is), þar sem finna má ýmsan skemmtilegan fróðleik og uppskriftir. „Þar má finna mikið af uppskriftum, til dæmis hvernig hægt er að búa til gómsætan ostakökubotn úr hafrakexinu okkar.“



Jóhannes Baldursson, framleiðslustjóri Fróns, heldur hér á ljúffengum bakka með ostakexi.

MYND/GVA

## Tillögur að áleggi

1. Mygluostur og pepperóní
2. Rjómaostur, graflax og sítrónupipar
3. Kastali, St. Dalfour-sulta að eigin vali og vínber
4. Tómatar, laukur, basilíka, ólífuolífa og parmesanostur
5. Sýrður rjómi 18% og rækjur sem eru marineraðar í tamarísósu
6. Súkkulaði, þeyttur rjómi og jarðarber. Passar vel með Chili Ostakexinu
7. Ora rautt pestó og kjúklingaskinka
8. Mascarpone, parmaskinka og ólífur

# Castello

PIZZERIA

Áfram Ísland !



Ekta eldbakaðar  
pizzur eins og  
þær eiga  
að vera



Alltaf ferskasta  
hræfnið sem  
völ er á

## Fjölskyldutilboð

Stór pizza m/2 áleggsteg. 12" **3790 kr**  
hvítlauksbrauð/margaritu,  
stór brauðstandgir og 2L coke  
(SÓTT)

Stór pizza  
m/2 **1890 kr**  
áleggsteg. (SÓTT)

## Hádegis Tilboð

Lítill pizza m/3 áleggsteg. og Coke í dós 1090 kr

## Heimsendingar Tilboð

Stór pizza m/2 áleggstegundum, 3490 kr  
stór brauðstangir og 2L gos

Mið pizza m/2 áleggstegundum, 2700 kr  
lítill brauðstangir og 1L gos

**20%**  
**Afsláttur**  
af sóttum  
pizzum

## Opnunartímar

Dalvegur 2 Kóp  
Opið alla daga  
11-01

Dalshraun 13, Hafn  
Sun-Fim: 11-23  
Fös-Lau: 11-23:30

[www.castello.is](http://www.castello.is)  
**S:577 3333**

## VANDRÆÐALEGT!

Ýmislegt getur komið upp á í jafn stórr og fjölmennri keppni og Eurovision er. Í raun er ótrúlegt að mistökin séu ekki fleiri en þau reynast vera. Hér fyrir neðan er að finna nokkrar sköndnar upptökur úr sögu keppinnar.

### PILSIÐ BURT

Eurovision 1985

Sænski kynirinn Lill Lindfors vakti óskipta athygli áhorfenda þegar hún steig á pilsíð sitt á leið upp á sviðið og hún stóð eftir á nærklæðunum. Eftir augnabliks hik kom í ljós að um grín var að ræða og annar kjóll leyndist undir bolnum. Þegar Lill kom að hljóðnemanum sagði hún glaðlega að hún hefði með þessu ætlað að vekja áhorfendur.



### GLEYPTI FJÖÐUR

Eurovision 2012


Sænska söngkonan Loreen sigraði í keppninni í fyrra. Atriði hennar tókst fullkomlega á aðal kvöldinu en ekki jafn vel á generalprufunni kvöldið áður. Í miðju lagi þeyttust fjaðrir um söngkonuna og ekki vildi betur til en að ein þeirra flaug upp í Loreen sem varð að hósta henni upp áður en hún gat sungið almennilega á ný. Þó að þessi upptökur hafi ekki komið í veg fyrir sigur hennar hefði hún vel getað gert það enda dæma dómnefndir allra landa út frá generalprufunni.



### ÞÖGN Á SVIÐI

Eurovision 2012

Elena, söngkona hljómsveitarinnar Mandinga frá Rúmeníu, gleymdi textanum í lagi sínu og þagnaði í eina til tvær sekúndur á sviðinu.



### GEGNUM GLERIÐ

Eurovision 2011

Í upphafi á atriði Svíþjóðar þetta árið stóð Eric Saade í glerkassa. Hluti af atriðinu fólst í því að Eric braut glerið og kom út úr kassanum. Á generalprufunni mistókst þessi íburðarmikla sýning og Saade varð að opna dyrnar á búrinu hæversklega til að komast út.



Gunnhildur elur börn sín upp í miklum Eurovision-anda.

MYNDVALLI

# Eigum að fylgja laginu alla leið

Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir, upplýsingafulltrúi Símans, er yfirlýst Eurovision-nörd og lengi vel tók hún allar keppnirnar upp á spólu. Í ár heldur hún mest upp á sænska lagið og hefur mikla trú á því að Eyþór komist áfram.

„Ég man fyrst eftir mér horfa á keppnina heima hjá vinkonu minni á Hólmavík árið 1984. Hún á stóran systkinahóp og þar á meðal eldri systur sem var þá með kassettutæki fyrir framan sjónvarpið að taka keppnina upp. Þetta var árið sem Svíþjóð fór með sigur af hólmi með laginu Diggelo Diggeley og við sem sátum í sófanum máttum ekki segja orð á meðan á keppninni stóð. Eftir þetta tók ég keppnirnar alltaf upp á myndband og horfði á þær aftur og aftur.“

Gunnhildur segir að margir hafi farið leynt með Eurovision-áhuga sinn á þessum árum og gert grín að hennar. „Þetta finnst mér hafa breyst síðustu ár og hafa flestir orðið einhvern áhuga á keppninni og vita heilmikið um hana.“ En hvað er það sem heillar þig svona við þessa keppni? „Það er stemningin, tónlistin og menning sem við fáum smjörþefinn af í gegnum keppnina.“

En hefur þú skapað þér einhverjar hefðir í kringum keppnina? „Áður fyrr fór ég í partí en hin síðari ár hef ég verið að byggja upp Eurovision-hefðir heima með börnunum og er að sjálf-sögðu búin að ala þau upp í miklum Eurovision-anda. Við veljum okkar uppáhaldslög og höfum eitthvað gott að maula.“

En hvaða lag er í uppáhaldi í ár? „Það er án efa sænska lagið. Mér finnst söngvarinn Robin Stjernberg flottur og laglínin grípandi.“ Gunnhildur segist þó ekki endilega halda með Norðurlandþjóðunum. „Ég kíkí alltaf eftir Aserbaídsjan og Rúmeníu sem eru yfirleitt með mjög góð lög, þótt svo sé reyndar ekki í ár. Þá fylgdist ég alltaf með baltnesku löndunum, sem dattu út í fyrri forkeppninni á þriðjudag. Eins finnst mér fyrrverandi austantjaldsþjóðirnar yfirleitt gera mjög vel. Núna finnst mér úkraínska lagið virkilega fallegt og Hvít-Rússar hafa aldrei sent betra lag í keppnina.“

Þvílíkt Euro-stuð.“ Gunnhildur viðurkennir þó að hún hafi oftast mjög gaman af Svíunum. „Þeir taka þetta náttúrulega alla leið. Ég er hins vegar ekki jafn hrifin af Dönum og margir Íslendingar og lagið í ár höfðar ekki til mín. Því er spád góðu gengi en ég verð illa svikin ef það vinnur. Mætti ég þá frekar biðja um Anouk frá Hollandi eða Bonnie frá Bretland. Það væri frábært fyrir keppnina.“

En hvað með íslenska lagið? „Ég hef trú á því að það komist áfram. Ég er viss um að það verði vel sungið hjá Eyþóri. Við kustum lagið og eigum að vera stolt af því og fylgja því alla leið. Eins hefur verið komið til móts við flestar óskir okkar. Margir vildu sjá Eyþór fara upp á hærra tóna og var laginu breytt til samræmis við það. Þá var bakröddum, sem ekki voru hluti af atriðinu í upphafi, bætt við. Ef marka má æfingarnar sem ég hef horft á á netinu þá lítur atriðið bara mjög vel út.“

### DATT Á BOSSANN

Eurovision 1999

Dana International frá Ísrael var sigurvegari keppinnar árið 1998.

Ári síðar var hún mætt á ný til að



koma fram og til að afhenda nýjum sigurvegara verðlaunin. Þegar Charlotte Nilsson frá Svíþjóð kom á sviðið greip Dana verðlaunagripinn sem var óvenju fyrirferðarmikill það árið. Ekki vildi betur til en svo að fætur Dönu létu panda og hún ompaði á bossann.



### FRAKKAVANDI

Eurovision 2009

Hjartaknússariinn rússneski Dima Bilan varð í öðru sæti í Eurovision 2006 en mætti á ný tveimur árum síðar og sigraði. Ári síðar kom hann fram í keppninni, nú sem skemmtiatriði. Mikili var í lagt. Bilan sveif á línu yfir salinn og lenti á sviðinu þar sem hann reif sig úr frakkanum og kastaði frá sér. Frakkinn flæktist í línunni sem enn stóð aftan úr Bilán. Söngvarinn var lengi vel að kljást við frakkafétið sem ekki vildi fara. Það tókst þó að lokum.

### ÓVELKOMINN GESTUR

Eurovision 2010

Jaume Marquet Cot eða Jimmy Jump, olli nokkrum usla í keppninni þegar hann stökk á svið meðan Spánn var að flytja sitt atriði. Hann skók sig allan með hljómsveitinni en stökk af sviði áður en öryggisverðir náðu til hans. Þó að fæstir áhorfendur yrðu hans varir fengu Spánverjarnir að flytja atriði sitt á ný í lok keppinnar.



NÝTT ÚTLIT  
NÝJAR BRAGÐTEGUNDIR

NÚ ER DJÆF GÆÐAÍSINN KOMINN Í NÝJAR UMBÚÐIR. HVER ER ÞINN UPPÁHALDS DJÆF?



emmessis

**ÞÚ ERT  
EKKI  
ÞÚ ÞEGAR  
ÞÚ ERT  
SVANGUR**



**ER MÁLIÐ!**

# Naslað yfir Eyþóri

Grillaðir kjúklingavængir eru ljúffengir með kaldri gráðostasósu og tilvalið partísnakk yfir Eurovision. Eins hentar sósan vel með niðurskorðu grænmeti, sellerí og gulrótum.



## BBQ vængir fyrir 6

1 kg af kjúklingavængjum  
1 lítil dós af kóladrykk  
½ bolli heit sósa  
¼ tsk. svartur pipar, mulinn  
¼ tsk. cayenne-pipar  
1 msk. sojasósa

Blandið heitu sósunni, kóladrykknum, kryddinu og sojasósunni saman í stóran pott og bætið kjúklingavængjum um út í. Hitið grillið í meðalhita og setjið pottinn öðrum megin á grillið og látið sósunna malla við óbein-an hita.

Þegar sósan byrjar að malla skal veiða vængina upp úr með töng, skella þeim beint á grillið og elda í 8-10 mínútur. Setjið þá síðan aftur í sósunna og látið malla í smá stund. Skellið þeim þá aftur á grillið og endurtakið þetta á tíu mínútna fresti í allt að klukkutíma þar til sósan verður þykk.

www.bbq.about.com

## Köld gráðostasósa til að dýfa í

1/3 bolli kotasæla  
½ tsk. hvítvinsedik  
2 msk. mjólk  
1 msk. marinn gráðostur  
1/8 tsk. hvítur pipar  
1 hvítlauksgeiri saxaður

Setjið kotasælu, edik, mjólk og helminginn af gráðostinum í matvinnsluvél ásamt piparnum og hvítlauknum. Blandið á hægum hraða þar til sósan er mjúk. Hellið í skál og bætið restinni af gráðostinum út í og hrærið. Kælið áður en borið er fram.

www.telespoon.com



ABBA-flokkurinn náði heimsfrægð eftir sigurinn í Eurovision 6. apríl 1974. Á myndinni eru Agnetha Fältskog og Björn Ulvaeus, Anni-Frid Lyngstad og Benny Andersson.

MYND/GETTY

## Björn og Benny í Eurovision á ný

Svíarnir Björn Ulvaeus og Benny Anderson, sem gerðu garðinn frægan með ABBA í eina tíð, ætla að endurnýja kynnin við Eurovision-söngvakeppnina í ár.

**B**jörn og Benny hafa samið þemalag keppinnar, We Write The Story, sem verður notað sem upphafslag hennar þegar þátttökupjóðirnar keppa til úrslita á laugardagskvöldið kemur. Lagið vinna þeir í samvinnu við sænska plötusnúðinn og upptökustjórnann Avicii, sem aðallega annast útsetningu lagsins.

Ekki fór á milli mála að stjórnendur sænska sjónvarpsins SVT voru ákaflega stoltir þegar þeir tilkynntu fyrir á árinu að Björn og Benny hefðu fallist á að semja þemalag keppinnar í ár. Í tilkynningu frá stofnuninni segir að þegar byrjað var að leggja drög að keppinni í Malmö hafi það einmitt verið ofarlega á óskalistanum að þessir tveir helstu dægurlagahöfundar Svíþjóðar leiddu saman hesta sína á ný og semdu eitthvað bitastætt sem auka mætti gildi keppinnar. Þeim varð að ósk sinni.

### Waterloo 1974

Björn Ulvaeus og Benny Anderson hafa látið lítið fyrir sér fara á hinu alþjóðlega dægurtónlistarsviði undanfarin ár. Þar hefur Avicii, samstarfsmaður þeirra, hins vegar farið mikinn og átt hvern stórsmeilinn á fætur öðrum í samstarfi við þekktu söngvara. Avicii heitir réttu nafni Tim Bergling, 25 ára Svíi sem gerðist snemma plötusnúður og fór að endurhljóðblanda tónlist um 18 ára aldurinn.

Það voru sem sagt enn þá fimmtán ár í að Avicii liti í fyrsta sinn dagsins ljós þegar ABBA sigraði eftirminnilega í Eurovision-keppinni 6. apríl 1974, fyrir hartnær fjórum áratugum. Hljómsveitin þótti koma með ferskan blá í keppnina, þótt samanburðarfræðingar popptónlistarinnar hafi löngu bent á að sigurlagið Waterloo sverji sig rækillega í ætt við breska glitrokkinn sem

var mjög í tísku á fyrri hluta áttunda áratugar síðustu aldar.

Waterloo var þó síður en svo fyrstu afskipti liðsfólks ABBA af Eurovision-keppninni. Benny sendi til dæmis árið 1969 lagið Hej Clown í Melodifestivalen, undankeppni Eurovision, en hafði ekki erindi sem erfiði. Tveimur árum síðar sendu þeir Björn og Benny tvö lög í viðbót í undankeppnina og enn eitt árið 1972, en eitthvað voru Svíar seinir að kveikja á hæfileikum þessara tilvonandi vonarstjarna sinna á dægurflugusviðinu.

### Leiðin til heimsfrægðar

Árið 1973 var kvartettinn ABBA orðinn til og enn einu sinni skyldi reynt við Eurovision-frægðina. Það var einkum Stikkan Anderson, umboðsmaður sveitarinnar, sem hafði á því óbilandi trú að leiðin til heimsfrægðar lægi í gegnum sigur í Eurovision-keppninni. Það ár reyndi ABBA fyrir sér með laginu Ring Ring. Enn voru Svíar seinir að kveikja. Lagið náði einungis þriðja sæti í Melodifestivalen og heimsfrægðin lét biða eftir sér.

Stikkan hóf þegar eftir með ófarnirnar með Ring Ring að leggja drög að þátttöku ABBA í keppninni næsta ár. Síðla árs 1973 bauð sænska sjónvarpið ABBA síðan að verða fulltrúi Svía í keppninni vorið 1974, ef rétt lag myndist. Þeir Björn og Benny sömdu nokkur lög og var ákveðið að Waterloo yrði sent í keppnina. Lagið var útsett í svipuðum anda og Ring Ring og nú var ekki að sökum að spyrja: Waterloo sigraði með glæsibrag. Útgáfufyrirtækið var tilbúið með samninga við erlend fyrirtæki þannig að lagið kom út víða um heim og æddi upp vinsældarlista strax um vorið. Ferill ABBA, helstu „útflutningsvöru“ Svía um árabli, og lagahöfundanna Björns og Bennys var tryggður um alla framtíð.



Á næsta ári eru fjórutíu ár frá því að ABBA-flokkurinn kom, sá og sigraði í Eurovision-söngkeppninni.

MYND/GETTY



## PRO•STAMINUS

ÖFLUGT NÁTTÚRULEGT EFNI FYRIR KARLMENN

Pissar þú oft á nóttunni?  
Er bunan orðin kraftlítill?



**PRO•STAMINUS** er spennandi nýjung sem er fyrst og fremst ætluð karlmönnum sem hafa einkenni góðkynja stækkunar á blöðruhálskirtli sem getur valdið vandræðum við þvaglát.



Pétur Maack Pétursson - 69 ára fyrrum sendibílsstjóri og nú parkinssjúklingur

### Ég er einn þeirra manna sem tóku þátt í að reyna ProStaminus á sínum tíma og sé ekki eftir því.

Ég tók 2 töflur á kvöldmatartíma í einn mánuð. Ég fann smátt og smátt að þvagbunan styrktist til muna og salernisferðum á nóttunni fækkaði verulega. ProStaminus virkaði sem sagt vel á mig en samt sem áður ákvað ég að taka ekki meira inn að sinni.

Eftir að ég tók mér hlé fór bunan versnandi og næturferðum á salernið fjölgaði aftur með tilheyrandi svefntruflunum og orkuleysi og þá ákvað ég að hefja aftur inntöku á ProStaminus og árangurinn lét ekki á sér standa. Bunan styrktist strax og salernisferðum á nóttunni fækkaði og ég hef lofað sjálfum mér því að halda áfram að taka ProStaminus því líðanin er miklu betri og árangurinn framar vonum.



www.gengurvel.is

PRO•STAMINUS fæst í flestum apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum stórmarkaða

**KJARNAFÆÐI**

*Komdu í*

# BRAGÐGOTT FERÐALAG



*...með pylsunum frá Kjarnafæði*



**Leyfðu bragðlaukunum  
að ferðast til fjarlæggra landa!**

Pylsurnar frá Kjarnafæði hafa allar hlotið gullverðlaun og Kielbasa pylsan hlaut verðlaunin besta afurðin úr svínakjöti í fagkeppni Kjötíðnaðar 2012.

CELMSTOFAN



Sarah Dawn Finer í gervi Lyndu Woodruff sem skemmtir áhorfendum Eurovision í ár með skemmtilegum skopatriðum.

#### HIN ÓBORGANLEGA LYNDA WOODRUFF

Þeir sem fylgjast með skemmtiatriðum Eurovision-keppinnar munu ekki komast hjá því að kynnast afar skemmtilegum sjónvarpskarakter. Sá heitir Lynda Woodruff og er leikin af Söruh Dawn Finer.

Finer er fædd og uppalin í Svíþjóð en á enskumælandi foreldra. Hún er söngkona, lagahöfundur og leikari.

Persónu Lyndu Woodruff, sem á að vera bresk og talar með afar breskum og tilgerðarlegum hreim, mótaði Finer fyrir sænska Melodifestivalen árið 2012 en Finer var einmitt kynnir keppinnar. Lynda kom fyrst fram í skopatriði á lokakvöldi keppinnar. Lynda er uppskrúfaður og litríkur persónuleiki, kann lítið fyrir sér og fer ítrekað vitlaust með staðreyndir.

Hin skondna persóna Lyndu er nú tengd Eurovision sterkum böndum, í það minnsta í hugum Svía. Hún kynnti til að mynda niðurstöður sænsku kosninganna í aðalkeppni Eurovision í fyrra. Hún var áberandi á Melodifestivalen í ár og kemur fram í skopatriðum bæði í kvöld og á laugardaginn.

#### SANDRA KIM VERÐUR ALLTAF YNGST

Sandra Kim er enn yngsti keppandinn sem unnið hefur Eurovision en hún var 13 ára þegar hún vann árið 1986. Hún mun halda þeim titli hér eftir þar sem árið 1990 voru settar reglur um aldurstakmark í keppnina, þátttakendur verða að vera orðnir 16 ára. Reglan var sett eftir að tvö börn, 11 og 12 ára, tóku þátt í keppninni árið áður.

Emil Ramsauer er aftur á móti elsti keppandi í sögu Eurovision en hann er 95 ára gamall. Hann leikur á bassa með svissneska keppnisliðinu í ár. Rússnesku ömmurnar sem kepptu á síðasta ári áttu aldursmetið fram að þessu en sú elsta þeirra var 86 ára.



## SÖNGVAKEPPNIN Í SAMFÉLAGSMIÐLUM

Aðdáendur Eurovision-keppinnar þurfa ekki lengur að stóla á sjónvarpsútsendingar og dagblöð til að fylgjast með keppninni og upphaldsflytjendum sínum. Nú geta þeir fylgst með keppninni allan sólarhringinn á flestum stærri samfélagsmiðlum. Opinbera Facebook-síða keppinnar má finna undir EurovisionSongContest þar sem stöðugt er verið að setja inn nýjar fréttir, myndbönd og ljósmyndir. Twitter-notendur geta kíkt á síður keppinnar Eurovision og Eurovisionpress til að sjá skemmtileg tíst. Opinber Instagram-síða keppinnar er undir heitinu Eurovision og þar má finna mikið magn skemmtilegra ljósmynda af keppendum og úr undankeppnum. Myndavefurinn Pinterest býður einnig upp á sérstaka síðu fyrir keppnina undir Eurovision 2013. Auk þess halda ýmsir keppendur úti eigin síðum á ýmsum samfélagsmiðlum. Opinberan vef keppinnar má svo finna á [www.eurovision.tv](http://www.eurovision.tv) en hann fékk metaðsókn á síðasta ári. Nú er búið að uppfæra vefinn og gera hann aðgengilegri snjallsímum og spjaldtölvum. Ríkissjónvarpið heldur einnig úti vefnum [www.ruv.is/eurovision](http://www.ruv.is/eurovision).



## MIDASALAN HEFST Í DAG KL. 10!



### BAYERN VS. DORTMUND ÚRSLITIN RÁÐAST Í ÞRÍVÍDD Í SMÁRABÍÓI LAUGARDAGINN 25. MAÍ KL. 18:45

Miðasala fer fram á [Miði.is](http://Miði.is) og [eMiði.is](http://eMiði.is).

Húsið opnar kl. 16:00 og að sjálfsögðu verður barinn opinn.  
Miðaverð 2.500 kr, 3D gleraugu ekki innifalin.

SPARNAÐUR

VER SICHER KAMMER BAYERN  
Finanzgruppe

betsson

SPORT HD

SMÁRABÍÓ





Matthildur Eir og Svanhildur Marín eiga báðar ær í sveitinni hjá ömmu og afa, þær Svartnefju og Blúndu. Systurnar drifu sig í sauðburðinn að hjálpa til.



Systurnar með Svanhildi ömmu í fjárhúsunum. Sum lambanna fengu smá aukasopa úr pela.



Stelpurnar léku sér í snjónum, sem nóg er af, milli þess sem þær sinntu lömbunum.

# Flekkóttu lömbin fallegust

Svanhildur Marín og Matthildur Eir Valdimarsdætur eru í 4. og 1. bekk í Valsárskóla á Svalbarðsströnd. Þær skelltu sér í sauðburð til afa síns og ömmu á Engi í Bárðardal þar sem allt er á kafi í snjó og langt í að lömbin komist út að leika sér.

Þær Svanhildur Marín og Matthildur Eir eiga báðar ær í sveitinni, Blúndu og Svartnefju. „Blúnda bar einu lambi en það var annað vanið undir hana,“ útskýrir Svanhildur en þær systur hjálpuðu til í sauðburðinum hjá ömmu og afa á dögnum. Hvað fannst þeim skemmtilegast?

„Lömbin,“ segja þær báðar. „Við sáum mörg lömb fæðast og það er gaman þegar allt gengur vel en leiðinlegt ef þau

deyja. Svo gáfum við nokkrum lömbum pela,“ segja þær. Öll lömbin fá mark og merki í eyra en stelpurnar vildu lítið af því verki vita. „Við vildum ekki halda á lömbunum á meðan því það kemur stundum blóð,“ segja þær.

Mislitu lömbin eru í miklu uppáhaldi og spurðar hver þeirra þeim finnst fallegust stendur ekki á svari.

„Mér finnst goltótt og flekkótt lömb fallegust,“ segir Svan-

hildur. „Mér finnst flekkótt og pandalömb fallegust,“ segir Matthildur og útskýrir að „pandalömb“ kalli hún þau sem eru svört kringum augun eins og pandabirnir, eða bíldótt. En gátu lömbin eitthvað leikið sér úti? „Nei, þau fara ekki út nærri strax, það er allt á kafi í snjó,“ segja þær en sjálfar gátu þær nýtt sér snjóinn. „Við gerðum bæði snjókarl og snjóhund.“

-rat

## Spennandi útlífisævintýri -fjör og hópefli

Kassaklifur - GPS ratleikir -  
Bátasiglingar - Vatnaleikir -  
Frumbyggjastörf

Fyrir stráka og stelpur 8-12  
ára -skipt í hópa eftir aldri.  
Upplýsingar og skráning á  
netinu - [www.ulfljotsvatn.is](http://www.ulfljotsvatn.is)

Innritun er hafin!  
Opið virka daga kl 10-16  
sími 550 9800  
[sumarbudir@ulfljotsvatn.is](mailto:sumarbudir@ulfljotsvatn.is)



# Sirkus í Kaldárseli

Spennandi sirkus-leikjanámskeið í samvinnu við Cirkus Flik-Flak, stærsta barnasirkus Norðurlanda, verða í sumarþúðum KFUM og KFUK í sumar.

Sumarið í Kaldárseli verður ævintýri. Við ætlum að spreya okkur á stultum, hjóla á einhjólum og gera hressandi æfingar á fjölbreyttum sirkusleiktækjum,“ upplýsir Hreiðar Stefánsson, formaður stjórnar sumarþúða hjá KFUM og KFUK í Kaldárseli.

Að venju bjóðast vönduð og skemmtileg námskeið og sumarþúðir á vegum KFUM og KFUK í sumar. Hæst ber nýtt sirkusleikjanámskeið sem unnið er í samvinnu við Cirkus Flik-Flak, stærsta barnasirkus Norðurlanda.

„Sirkusnámskeiðin verða haldin í Kaldárseli þar sem foringjar okkar njóta leiðsagnar þjálfara Cirkus Flik-Flak frá Óðinsvéum,“ útskýrir Hreiðar sem árið 1979 kynntist Tommy Harding, stofnanda Cirkus Flik-Flak.

„Þá vorum við Tommy á norrænu KFUM-móti í Noregi þar sem mikill vinskapur myndaðist á milli danskra og íslenskra ungleiðtoga. Síðar, þegar Tommy stofnaði sirkusinn, óskaði hann eftir aðstoð við undirbúning að heimsókn til Íslands og hefur hópurinn tvisvar áður komið til landsins, árin 2003 og 2007.“

Í þriðju heimsókn Cirkus Flik-Flak til Íslands í sumar mun sirkusinn sýna listir sínar víða um land, meðal annars á Húsavík, Akureyri, Sauðárkróki, Snæfellsbæ, Mosfellsbæ og Reykjavík.



Það verður ósvikið fjör og gaman á sirkus-leikjanámskeiðum KFUK og KFUM í Kaldárseli í sumar.

„Í Kaldárseli gefst okkur tækifæri til að læra sirkusfræðin af reyndum þjálfurum og í framhaldi verða haldin sérstök sirkusnámskeið með leikjaformi í sumarþúðunum í Kaldárseli,“ upplýsir Hreiðar um námskeiðin sem haldin verða í júlí til viðbótar við hefðbundna sumarþúðadagskrá.

„Á námskeiðunum leggjum við áherslu á vináttu, kærleika og virðingu barnanna fyrir hvert öðru. Dagskráin er fjölbreytt; leikir, útivist, stuttar ferðir um nágrennið og fræðsla um lífið og tilveruna út frá kristilegu sjónarmiði. Sérstök áhersla verður á leiki og æfingar í sirkusleiktækjum, eins og einhjólum, stultum, jafnvægisleiktækjum, trúðagríni

og öðrum sirkustengdum leikjum,“ segir Hreiðar.

Rúta fyrir námskeiðin leggur upp frá Lækjarskóla í Hafnarfirði klukkan 8 en foreldrar sækja börnin daglega í Kaldársel klukkan 17.

„Í lok námskeiðs höldum við sirkussýningu þar sem börnin sýna fjölskyldum sínum hvað þau hafa lært,“ segir Hreiðar.

Sirkus-leikjanámskeið fyrir sex til níu ára börn hefst 8. júlí og fyrir níu til tólf ára þann 19. júlí.

Skráning í sumarþúðir og námskeið KFUM og KFUK fer fram á [www.kfum.is](http://www.kfum.is) eða í síma 588 8899.

Nánar á [www.kfum.is](http://www.kfum.is)



Krakkarnir munu læra að rata um skóginn í Öskjuhlíð með korti og áttavita.

## Frítt námskeið í rathlaupi

Rathlaupsfélagið Hekla heldur rathlaupsnámskeið fyrir krakka í Öskjuhlíð í sumar. Rathlaup er nýleg íþrótt á Íslandi en hefur lengi verið stunduð í Skandinavíu.

Rathlaup er hlaupaíþrótt sem gengur út á að nota kort og áttavita til að fara á milli stöðva sem merktar eru inn á kort. Málið snýst síðan um að vera sem fljótastur að fara á milli,“ segir Gísli Örn Bragason í Rathlaupsfélaginu Heklu. Félagið mun í sumar bjóða upp á ókeypis námskeið í rathlaupi í Öskjuhlíð.

Námskeiðið er ætlað krökkum á aldrinum 10 til 14 ára. „Við byrjum á að kenna krökkunum hvernig maður les af korti og smáþyngjum síðan verkefni,“ upplýsir Gísli en fyrir utan að skemmta sér í skóginum í Öskjuhlíð læra krakkar að ferðast öruggir og bjarga sér úti í náttúrunni.

Rathlaup á sér ekki langa sögu á Íslandi en það er upprunnið í Skandinavíu. „Þar kallast íþróttin orientering og er afar vinsæl, sérstaklega í Noregi og Svíþjóð,“ segir Gísli og bætir við að keppt sé í íþróttinni og meðal annars haldin heimsmeistaramót.

Rathlaupsfélagið Hekla kynnti Íslendingum sportið árið 2010. „Við höfum verið að byggja upp félagið síðan. Höfum byggt upp kort og þekkingu en ætlum nú að auka



Rathlaup er íþrótt.

starfið og fjölga iðkendum,“ segir Gísli en einn liður í því er að kynna sportið fyrir ungu fólki með fyrgreindum námskeiðum.

Í boði verða þrjú námskeið. Þau standa yfir í fjóra daga í tvo tíma hvern dag, frá klukkan 16.30 til 18.30. Námskeiðið er ókeypis en nauðsynlegt er að skrá sig því 16 til 20 krakkar komast á hvert námskeið.

Nánari upplýsingar og skráningar eru á [www.rathlaup.is](http://www.rathlaup.is). Einnig er hægt að skrá sig gegnum netfangið [gbragason@gmail.com](mailto:gbragason@gmail.com).



Í rathlaupi fá iðkendur kort sem á eru merktir nokkrir staðir. Þegar komið er á vissan stað er klippt í kortið með sérstakri klemmu til að staðfesta að sá staður sé búinn.

## Handhæg smásjá til að kanna egglos og frjósemi út frá munnvatni



### Kostir Donna-frjósemisprófsins

- Án aukaverkana
- Hefur ekki áhrif á kynlíf
- Þarf ekki að nota flóknar líkamshita-töflur
- Auðvelt og snyrtilegt í notkun
- Er fyrirferðarlítið og hægt að nota hvar sem er og hvenær sem er
- Eykur öryggi við að ákvarða frjósamasta tíma konunnar og eykur líkur á þungun
- Einfalt, hraðvirkt og ódýrt
- Gefur möguleikann á að fylgjast með hormónamagninu daglega (estrógenmagni) og hvort egglos á sér stað eða ekki

Donna-frjósemisprófið er auðvelt í notkun og hægt að nota hvar og hvenær sem er. Fæst eingöngu í apótekum. Nánari upplýsingar á [www.icecare.is](http://www.icecare.is) [icecare@icecare.is](mailto:icecare@icecare.is)

**Fellihýsi**

**Tjaldvagnar  
Fellihýsi  
Hjólhýsi  
Hús bílar**

Umboðssala  
Risasýningarsvæði  
Korputorgi

Korputorg 1 112 Reykjavík  
Sími 551 5600 | utilegumadrinn.is

Útilegu  
maðurinn

**Lyftarar**

Til sölu skotbómu lyftarar sjá myndir á netvarlar.is 892-0566

**Bátar**

**Trillukarlar - bátasmiðir**  
99 kW/135 h.ö. SCAM-KUBOTA bátavélar á feið til landsins. Nú er rétti tíminn að panta fyrir voríð.

**ÁSAFL ENF**  
Hjallahraun 2 - 220 Hafnarfj.  
s. 852 8556 - 863 5512  
www.asafl.is - asafl@asafl.is

**STENHÖJ**  
AUTOLIFT A/S

Tveggja pósta bílalyftur Lyftigeta 3 tonn  
**Kr. 658.000**

**VÉLASALAN**  
Til gíva og meta í 70 ár  
stærkir samman

DUGGUVOGI 4 - 104 Reykjavík  
Sími 520 0000 - Fax 520 0020  
www.velasalan.is

**Bíflapjónusta**

**GB**  
**TJÓNVIÐGERÐIR**

Gæðavottað réttingar og málningarverkstæði  
Tjónaskoðun. Bílaíleiga

**GB Tjónaviðgerðir ehf.**  
Dragháls 6-8 - 110 Rvk  
S: 567-0690  
tjon@tjon.is • www.tjon.is

**Varahlutir**

Viðgerðir - Varahlutir í VW Golf, Póló, Yaris, kangoo. Renni diskar og skálar. Óska eftir Toyotu Yaris til viðgerðar eða niðurris. S. 892 7852

**EDAL PARTAR**  
Eigum varahluti í margar tegundir af Mercedes Benz og marga fleiri bíla. Kaupum bíla til uppgerðar og niðurris. Opíð frá kl. 10-18 virka daga. Auðbrekka 4 (bakvið) S. 555 1159.

**SMÁPARTAR.IS**  
Eigum mikið úrval af varahlutum í Subaru árg. ,97 til ,02, Skoda Octavía árg. ,00 til ,07, Honda CR-V árg. ,05.W Polo ,07 Passat ,01, Suzuki Baleno árg. ,00. Smápartar.is Sími 5675040-7785040.

Eigum varahluti í þessa bíla. Kaupum bíla í niðurris. Toyota 96-07, Subaru 95-05, Nissan 96-04, Mitsubishi 96-02, Ford 98-07, Mazda 323 95-99, Kia Sportage 97-02, Peugeot 96-01. Opíð á laugardögum 10-16. Bílar og Partar, lðavellir 9c, 230 Reykjanesbæ 421-7979 www.bilarogpartar.is

Ódýrir varahlutir og dekk í ýmsa bíla s: 896 8568.

**ÞJÓNUSTA**

**Pípulagnir**

**FAGLÆRDIR PÍPARAR**  
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

**PÍPULAGNIR**

Faglærðir pípapar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 663 5315 & 699 6069.

**GAUI PÍP**

Getur bætt við sig verkefnum endurlagnir, viðgerðir, skólpl, dren, snjóbræðsla. Uppl. s. 821 5789

**Hreingerningar**

Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Gluggþvottur. Gerum verðtilboð. www.hreingerningar.is S. 772 1450

**Garðyrkja**

**Sælugarðar.is**

- Garðsláttur
- Beðahreinsun
- Þökulagnir
- Hellulagnir
- Sólpallasmíði
- Öll garðvinna

Mætum og gerum tilboð þér að kostnaðarlausu!  
Kári sími: 824-1238

Tökum að okkur allt sem viðkemur garðinum, auk allrar almennrar smíðavinnu - lög, húsamíðameistari. Vanir menn, snór handtök. S. 824 1238.

**SMÁVÉLAVIÐGERÐIR & UTANBORÐSMÓTORAR**

Viðgerðir Skemmsvegur 34 Brin gata

**SLÁTTUVÉLAÞJÓNUSTA**  
Véla verkstæði JS  
Sími: 554 0661

Smávélaviðgerðir, viðgerðir á utanborðsmótorum: Garðsláttuvélar, sláttuorfl, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, Gokartþjónusta, keðjusagur, rafstöðvar, einnig viðgerðir á fjór hjólum. JS Véla verkstæði. S. 554 0661.

**Alfríða**  
garðþjónusta

Garðþjónusta Íslands ehf  
www.gardathjonustaislands.is  
Vönduð vinnubrögð.  
Róbert S. 866 9767

**ER ÖSPIN TIL AMA ?**

Fellum og fjarlægum tré. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 773 0317.

Mold til sölu. Heimkeyrð á höfuðborgarsvæðið og suðurnes. Uppl. í síma 843 0904.

**ÓDÝR GARÐSLÁTTUR**

Ódýr og mjög vandaður garðsláttur trjáklippingar fyrir húsfélög og einstaklinga. Engi ehf, sími 615-1605

**Hjólhýsi**

Til sölu HOBBY 460 UFE EXCLUSIVE árg. 2005 lítur út sem nýtt. Vel út búið Uppl. í síma 612-2440 eftir kl. 15 - Stella.

**Hjólbarðar**

**VAKA**

**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**  
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

**LITLA** bilasalan  
www.litla.is 587 7777

567 2277 **NÝJA** WWW.NYJA.IS  
**BÍLAHÖLLIN**  
BÍLAKJARNINN VIÐ BREIÐHÖFÐA 110 REYKJAVÍK

**ATH. OPÍÐ Á FIMMTUDÖGUM TIL KLUKKAN 21**



**TOYOTA Yaris sol 1300.** Árgerð 2012, ekinn 24 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.750.000. Rnr.148291.



**TOYOTA Corolla s/d terra.** Árgerð 2007, ekinn 109 Þ.KM, bensín, 5 girar. Verð 1.490.000. Rnr.132738.



**M.BENZ M ml320cdi diesel.** Árgerð 2007, ekinn 85 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.890.000. Rnr.113331.



**BMW X5 3.0d e70 dísel.** Árgerð 2008, ekinn 100 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 6.590.000. 1. eigandi topp bíll Rnr.113320.



**FORD F350 crew 4x4.** Árgerð 2008, ekinn 28 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.980.000. Rnr.111604.



**CHEVROLET Captiva dísel 7 manna.** Árgerð 2010, ekinn 49 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.690.000. Rnr.111540.



**AUDI A6 2.0 t.** Árgerð 2008, ekinn 72 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 4.190.000. Rnr.132214.



**VOLVO V70 2.4.** Árgerð 2006, ekinn 62 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.690.000. aukadekk á felgum Rnr.311255.



**TOYOTA Hilux double cab d/c, sr.** Árgerð 2008, ekinn 82 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur.33" dekk Verð 4.190.000. Rnr.113341.



**PORSCHE Boxster s.blæjubíll** Árgerð 2002, ekinn 21 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.680.000. Rnr.310308.



**VW Touareg v6 dísel.** Árgerð 2005, ekinn 94 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.950.000. Rnr.176872.



**VW Tiguan 2.0 dísel track and sport** 140h. Árgerð 2012, ekinn 34 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.690.000. Rnr.132636.



**TOYOTA Land cruiser 100 vx 35"** bensín. Árgerð 2006, ekinn 154 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 4.980.000. Rnr.111517.



**M.BENZ C150 amg.** Árgerð 2006, ekinn 57 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 5.490.000. gullmóli besta verð í bænum Rnr.216689.



**M.BENZ M ml350 ml 350 (186).** Árgerð 2006, ekinn 122 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. s+v dekk 1 eigandi Verð 3.990.000. Rnr.113013.



**VW Crafter.** Árgerð 2013, nýr bíll, dísel, 21 manna 6 girar. Verð 9.900.000. stgr Kynnigverð Rnr.113310.



**OPÍÐ MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA FRÁ KLUKKAN 10-18  
VANTAR NÝLEGA BÍLA Á STAÐINN**





# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407



**Reiðskólinn** er hafinn. 5 daga námskeið frá mán-fös., allan daginn frá kl. 9-16 með fæði. Aldur 5-12 ára.

Reiðkennari: Lárus Sindri

Uppl. í s. 557 2208 & 895 3588

**TOPP HESTAR**

HESTALEIGA • DREYRAVELLIR 2 • 210 GARÐBÆ

tilboðið gildir gegn framvisun miðans

**XPRENT** stofnað 2010

50% afsláttur af sandblástursfilmum í maí, skoðið úrvalið á: **www.xprent.is**

xprent@xprent.is - s. 777 2700 - Sundaborg 1 - 104 Reykjavík

Full búð af nýjum vörum frá **Vanity Fair**

**Ynja** UNDRIFATAVERSLUN

Erum á Facebook

HAMRABORG 20A • KÓPAVOGI 544-4088 • YNJA.IS

**Gröfu- og vörubílaþjónusta**

Allar stærðir af gröfum, er með fleyg. Útvegum allt fyllingarefni og mold.

- Hellulagnir
- Jöfnun lóðir
- Hleðsluveggir
- Jarðvegsskipti

Hringdu og við gerum þér tilboð, þér að kostnaðarlausu.

**Uppl. S. 892 2257**

**PALLAR.IS**

Ál hjólapallar / veggjapallar

Veðurnet / Öryggisnet

Áltröppur / stigar

SALA LEIGA

**altrex** **KVARNIR** Akralind 8

www.kvarnir.is • Sími: 564 6070

**HANDVERKSHÚSIÐ**

NÝ VERSLUN DALVEGI 10-14

NÁMSKEIÐ

**www.handverkshusid.is**

**BRA**

BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR AÚÐUNS

Nýbýlavegi 10 - Kóp. - S. 554 2510

TOYOTA-þjónusta **www.bilasprautun.is**

**Rafstilling ehf**

startarar - alternatorar - perur

viðgerðir - sala

hröð og góð þjónusta

Dugguvogi 23 - s: 5814991

rafstilling@rafstilling.is

**ER BÍLSÆTID RIFID ?**

Viðgerðir á öllum gerðum af bíla-, mótörhjóra og snjósléasætum. Húsbílaklæðningar og öll almenn bólstrun. Við erum þekktir fyrir fljóta og góða þjónustu.

**Formbólstrun**

Hamraborg 5 kóp, Hamrabrekkumegin S. 544 5750 **www.hsbolstrun.is**

**Iveco**

Viðgerðar- og varahlutaþjónusta

**VelRás**

Sími 555 6670 • www.velras.is • Álhella 4 • Álhella 8

**SPARAÐU BENSÍN!**

Metan uppfærðu bílinn þinn

Þjóðum hátækni búnað frá Bigas International srl, einum þekktasta framleiðanda á gas búnaði fyrir bifreiðar í Evrópu. Leitið tilboða í búnað og ísetningu - sparið með Metan

Lán til allt að 48 mánaða

**VelRás** Velras.is • Sími: 555 6670 • Álhella 4

**VARAHLUTIR**

Iveco • Benz • Man • Renault

Varahlutaþjónusta

**VELANAUST ehf**

Álhella 4 • Símar 555 6670 • 860 1859 • www.velanaust.is

**GRAFARVOGS** TVERKSTÆÐI

- Hjólbarðaviðgerðir
- Smurþjónusta
- Bremsur
- Dempingar
- Rafgeymar
- o. fl.

Gylfahlöt 3 Grafarvogi Sími 567 4468 dekk@gummisteypa.is

**Allt á einum stað**

BREMSUVIÐGERÐIR  
BREMSUKLOSSAR  
SPINDILKÚLLUR  
ALLAR PERUR

HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA  
RAFGEYMAÞJÓNUSTA  
OLÍS SMURSTÖÐ  
BÓN OG ÞVOTTUR

**SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTA**  
SÆTUNI 4 • SÍMI 562 6066

**BIFREIÐAVERKSTÆÐI KÓPAVOGS**

TOYOTA ÞJÓNUSTA ALLAR ALMENNAR BÍLAVIÐGERÐIR

SMÍÐJUVEGUR 2 • KÓPAVOGUR  
WWW.BIFREIÐAVERKSTAEDI.IS

**S. 587 1350**

**BROTAFL** STEINSÖGUN • BORUN • BROT

- Steypusögun
- Kjarnaborun
- Múrbrot
- Hellulagnir
- Jarðvegsvinna
- Öll almenn- verktakavinna

Brotafli ehf Símar 894 8040 894 8044 Fax 565 0050 Netfang: brotafl@simnet.is

**Eftirlitsmyndarvél fyrir sumarbústaði og heimili.**

- Tekur venjulegt GSM SIM kort.
- Hægt að panta mynd eða hlusta svæði.
- SMS og MMS viðvörin í síma og netf.
- Lætur vita ef rafmagn fer af og hiti breytist.
- Hægt er að tengja allt að 15 auka skynjara.
- Vöktun á heitum potti, raka, þrýstingi o.fl.
- Stýring á hita, kveikja ljós, renna í pottinn.

**Uppl. í síma 699-6869 og www.rafeindir.is**

**HÚSAVIÐGERÐIR.IS**

Viðgerðir og viðhald fasteigna!

Alhliða húsa viðgerðir - Flísalagnir  
Veggjakrottsvarnir - Múrverk  
Fyrirbyggjandi varnir

**Sími: 565-7070**


**Alla fimmtudaga og laugardaga**

arnarut@365.is sigrunh@365.is



## Yfirburðir Fréttablaðsins staðfestir!

Fréttablaðið er sem fyrr mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á keppinaut sinn eins og síðasta könnun Capacent Gallup sýnir ótvírætt.



Prentmiðlökun Capacent Gallup. 18-49 ára hófuborgarsvæðinu. Meðalrestur á toluþið, jan.-mars 2013.

**HRAUNHAMAR**  
FASTEIGNASALA  
Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

**Kópaland 4 - Kópavogur - Sérhæð**



**OPIÐ HÚS**

**OPIÐ HÚS Í DAG MILLI KL. 17-18.**  
Nýkomið í einkasölu 4ra herbergja sérlega falleg 123 fm. sérhæð á 2. hæð (götuþæð) í vönduðu sex íbúða húsi. Sérinnangangur, tvennar svalir, gott aðgengi, næg bílastæði. Frábær staðsetning. Útsýni. Verð 34,5 millj.  
Matthías býður ykkur velkomin.  
Magnús Emilsson Löggiltur fasteignasali.

**BÚSETI**  
Öryggi til framtíðar, frelsi þegar þér hentar

**AÐALFUNDUR**

Aðalfundur Búseta verður haldinn þann  
29. maí n.k. kl. 17:30 á Grand Hótel Reykjavík.

Hefðbundin aðalfundarstörf.

**Sveitarfélagið ÁRBORG**

**Auglýsing**  
**Um tillögu að breyttu deiliskipulagi Austurbyggðar á Selfossi.**

Samkvæmt 1.mgr. 43. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010. auglýsir bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar tillögu að breyttu deiliskipulagi Austurbyggðar á Selfossi í Sveitarfélaginu Árborg. Breytingin nær til svæðis sem afmarkast að austan af nýjum vegi er gengur suður frá Langholti, nýjum vegi til suðurs, Suðurhólum, nýju hverfi Gráhellu til vesturs og grænu svæði sunnan Baugstjarnar til norðurs. Íbúðum er fjölgað um 14 íbúðir. Íbúðum í raðhúsum er fjölgað um 24 á móti kemur fækkun einbýlishúsa um 10 heildar fjölgun íbúða er því 14 íbúðir.

Teikningar ásamt greinagerð , vegna tillögunnar mun liggja frammi á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa að Austurvegi 67 Selfossi frá og með 16. maí 2013 til og með 1.júlí 2013.

Öllum er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Frestur til að skila athugasemdum rennur út 1. júlí 2013 og skal þeim skilað skriflega til skipulags og byggingarfulltrúa á skrifstofu hans að Austurvegi 67 , 800 Selfossi.

Á sama tíma er teikning og greinagerð til kynningar á heimasíðu Árborgar <http://www.arborg.is> þar sem hægt er að skoða tillöguna og senda athugasemdir til skipulags og byggingarfulltrúa í netfangið skipulag@arborg.is.

Bárður Guðmundsson  
skipulags- og byggingarfulltrúi

# Greiðsluáskorun

Innheimtumenn ríkissjóðs skora hér með á gjaldendur eftirtalinna gjalda að gera skil nú þegar eða í síðasta lagi innan 15 daga frá dagsetningu áskorunar þessarar:

Gjöldin eru: Staðgreiðsla tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds sem fallið hefur í eindaga til og með 15. maí 2013, virðisaukaskattur sem fallið hefur í eindaga til og með 6. maí 2013 og önnur gjaldfallin álögd gjöld og ógreiddar hækkningar er fallið hafa í eindaga til og með 15. maí 2013, á staðgreiðslu tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds, virðisaukaskatti, virðisaukaskatti í tolli, vanskilum launagreiðenda á gjöldum í og utan staðgreiðslu, fjármagnstekjuskatti á skilaskylda aðila, áfengisgjaldi, launaskatti, bifreiðagjaldi, úrvinnslugjaldi, olíugjaldi, kílómetragjaldi, gistináttaskatti, fjársýsluskatti, viðbótar- og aukaálagningu sösluskatts vegna fyrri tímabila, skráningargjaldi vegna lögskráningar sjómanna, vinnueftirlitsgjaldi, vörugjaldi af innlendra framleiðslu, vörugjaldi af ökutækjum, eftirlitsgjöldum, aðflutningsgjöldum, skilagjaldi á umbúðir, fasteignagjöldum, skipulagsgjaldi, skipagjöldum, fiskisjúkdómagjaldi, jarðarafgjaldi, sektum skattrannsóknarstjóra, ofgreiddri uppbot á eftirlaun, eftirlitsgjaldi Fjármálaeftirlitsins og álögdum þing- og sveitarsjóðsgjöldum, sem eru:

Tekjuskattur og útsvar ásamt verðbótum á ógreiddan tekjuskatt og útsvar, sérstakur tekjuskattur manna, eignarskattur, sérstakur eignarskattur, fjármagnstekjuskattur, slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa, tryggingagjald, búnaðargjald, iðnlánasjóðs- og iðnaðarmálagjald, markaðsgjald, gjald í framkvæmdasjóð aldraðra og skattur af verslunar- og skrifstofuhúsnæði, ofgreiddar barnabætur, ofgreiddar vaxtabætur og útvarpsgjald.

Fjárnáms verður krafist án frekari fyrirvara að þeim tíma liðnum fyrir vangöldnum eftirstöðvum gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og öllum kostnaði, sem af innheimtu skuldarinnar kann að leiða, á kostnað gjaldenda.

Athygli skal vakin á því að auk óþæginda hefur fjárnám í för með sér verulegan kostnað fyrir gjaldanda. Fjárnámsgjald í ríkissjóð er allt að 19.100 kr. fyrir hvert fjárnám. Þinglýsingargjald er 2.000 kr. og stimpilgjald 1,5% af heildarskuldinni, auk útlagðs kostnaðar eftir atvikum. Eru gjaldendur hvattir til að gera full skil sem fyrst til að forðast óþægindi og kostnað.

Þá mega þeir gjaldendur, sem skulda staðgreiðslu, staðgreiðslu tryggingagjalds, vörugjald, afdreginn fjármagnstekjuskatt, áfengisgjald og virðisaukaskatt, búast við því að starfsemi þeirra verði stöðvuð án frekari fyrirvara, þeir gjaldendur er skulda bifreiðagjöld og þungaskatt mega eiga von á að skráningarnúmer verði tekin af ökutækjum þeirra án frekari fyrirvara og þeir gjaldendur sem skulda gjöld þar sem lögveð fylgir mega búast við að send verði út sérstök greiðsluáskorun fyrir gjaldföllum kröfum. Greiðsluáskorunin hefur ekki áhrif á þessi innheimtuúrræði þannig að fyrrgreindur 15 daga frestur frá dagsetningu áskorunar þessarar gildir ekki í þessum tilvikum.

Reykjavík, 16. maí 2013

Tollstjóri Sýslumaðurinn í Kópavogi Sýslumaðurinn í Hafnarfirði Sýslumaðurinn í Keflavík Sýslumaðurinn á Akranesi Sýslumaðurinn í Borgarnesi Sýslumaðurinn í Stykkishólmi Sýslumaðurinn í Búðardal Sýslumaðurinn á Ísafirði Sýslumaðurinn í Bolungarvík Sýslumaðurinn á Patreksfirði Sýslumaðurinn á Hólmavík

Sýslumaðurinn á Siglufirði Sýslumaðurinn á Sauðárkróki Sýslumaðurinn á Blönduósi Sýslumaðurinn á Akureyri Sýslumaðurinn á Húsavík Sýslumaðurinn á Seyðisfirði Sýslumaðurinn á Eskifirði Sýslumaðurinn á Höfn Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum Sýslumaðurinn á Selfossi Sýslumaðurinn í Vík Sýslumaðurinn á Hvalselli

## AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

**Bláskógabyggð, Grímsnes-og Grafningshreppi, Hrunamannahreppi, Skeiða-og Gnúpverjahreppi, Flóahreppi og Ásahreppi**

Samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt niðurstaða sveitarstjórnar varðandi eftirfarandi aðalskipulagsbreytingar.

1. Breyting á Aðalskipulagi Bláskógabyggðar fyrir Þingvallasveit 2004-2016 í landi Heiðarbæjar. Frístundabyggð í stað landbúnaðarsvæðis.
2. Breyting á Aðalskipulagi Biskupstungnahrepps 2000-2012 á spildu úr landi Kjarnholta 1, Bláskógabyggð. Landbúnaðarsvæði í stað frístundabyggðar.

Samkvæmt 2. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar lýsingar vegna deiliskipulags eftirfarandi verkefna.

3. Deiliskipulag friðlands við Gullfoss og næsta nágrennis og matslýsing, í Bláskógabyggð.
4. Deiliskipulag alifuglabús í landi Miklaholtshelli, Flóahreppi. Landbúnaðarsvæði

Samkvæmt 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar tillögur að eftirfarandi deiliskipulagsáætlunum:

5. Tillaga að deiliskipulagi nýrra lögbyla á spildum úr landi Einholts í Bláskógabyggð. Landbúnaðarsvæði.
6. Tillagan að deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Skálabrekku við Þingvallavatn í Bláskógabyggð.
7. Tillaga að deiliskipulagi fyrir 12,5 ha spildu úr landi Hnaus í Flóahreppi. Íbúðarhús og skemma.
8. Tillaga að deiliskipulagi frístundabyggðarinnar Grófarhöfði úr landi Stærri-Bæjar í Grímsnes- og Grafningshreppi.


Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar tillögur að eftirfarandi deiliskipulagsáætlunum:

9. Deiliskipulag 16 ha lands úr jörðinni Liti-Háls í Grímsnes- og Grafningshreppi. Lögbyli/landbúnaður
10. Deiliskipulag 7 íbúðarhúsalóða úr landi Króks í Ásahreppi. Svæði sem kallast Miðmundarholt.
11. Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar úr landi Kjarnholta 1 í Bláskógabyggð. Lögbyli í stað frístundahúsalóða.
12. Deiliskipulag þriggja frístundahúsalóða úr landi Grafar í Bláskógabyggð. Endurauglýsing
13. Deiliskipulag fyrir lögbylið Mörk úr landi Kílhrauns í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.
14. Deiliskipulag frístundabyggðar í landi Heiðarbæjar við Þingvallavatn í Bláskógabyggð. Endurauglýsing.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu viðkomandi sveitarfélags og á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma frá 9-16. Að auki er hægt að nálgast nánari lýsingu á tillögnum og tillögurnar sjálfar á <http://www.granni.is/uppsveitirogloahr/auglysingar.htm>. Skipulagstillögur nr. 9 – 14 eru í kynningu frá 16. maí til 28. júní 2013 en tillögur nr. 3 - 8 frá 16. til 31. maí. Athugasemdir og ábendingar við tillögur 9 - 14 þurfa að berast skipulagsfulltrúa í síðasta lagi 28. júní 2013 en 31. maí fyrir tillögur nr. 3 - 8. Athugasemdir og ábendingar skulu vera skriflegar.

Pétur Ingi Haraldsson  
Skipulagsfulltrúi

**Nýtt app**



## Fáðu okkur í símann þinn!

Sæktu þér nýja appið í snjallsímann þinn og hlustaðu á FM957, Bylgjuna og X977 hvar og hvenær sem er.

Farðu á [visir.is/utvapp](http://visir.is/utvapp) eða skannaðu QR kóðann og sæktu Útvappið fyrir iOS eða Android.

BYLGJAN 957 X977

Egill  
Arnason™

Wenge Elegance  
ásamt 160 öðrum tegundir í boði

# Baltic Wood

EITT MEST SELDA VIÐARPARKETIÐ Á ÍSLANDI Í DAG

NÝJUNG

+35%

## 35% Sterkara lakk

Nú er lakkið frá Baltic Wood 35% sterkara en áður og jafnframt með sterkasta lakki sem þekkist fyrir viðargólf í dag.

Sterkt lakk tryggir betri endingu og minna viðhald.



## 30 ára ábyrgð

Öllu Baltic Wood parketi fylgir 30 ára verksmiðjuábyrgð.



## Viðarlæsing

Einstök viðarlæsing með stórrí smellu er eitt af einkennum hágæða gólfefna.

™  
Baltic Wood

# FYRIRMYNDAR DAGSKRÁ Í BEINNI Í KVÖLD

Með áskrift að Stöð 2 fylgja:



## 23:15

### AMERICAN IDOL

Nú kemur í ljós hver stendur uppi sem sigurvegari í þessum lokabætti af American Idol.



## 20:50

### NCIS

Vinsæl spennuþáttaröð um sérsveit lögreglumanna í Washington sem rannsakar glæpi tengda hernum.



## 21:35

### GRIMM

Spennandi þáttaröð þar sem persónur úr ævintýrum Grimm-bræðra hafa öðlast líf og eru færðar á nútímabúning.



## 22:55

### SVÍNASÚPAN

Frábærir grínþættir sem sýndir voru við miklar vinsældir á Stöð 2 árið 2004. Grínatriði af ýmsu tagi en fátt er heilag.



## 22:00

### BRIDESMAIDS

Fersk, frumleg og hábeitt gamanmynd. Annie skipuleggur brúðkaup vinkonu sinnar og allt sem því fylgir.

Fáðu þér áskrift  
512 5100  
stod2.is



## SUDOKU

LÉTT				
2			7 3	6
	5 4		2 8 3 7	
	4 6			
6		9	8	
			3	6 5
3	9	4		2
	7		4	5
	6		5	7 1
2 3	9			

LÉTT

3 1	6 9	5 7	4 2	8
4 2	7 1	3 8	9 5	6
5 9	8 6	2 4	7 1	3
8 7	3 2	4 6	5 9	1
6 4	1 7	9 5	8 3	2
9 5	2 3	8 1	6 4	7
7 3	4 8	1 9	2 6	5
2 6	5 4	7 3	1 8	9
1 8	9 5	6 2	3 7	4

LÉTT

MIDLUNGS				
3	4 7			1
	5 1		8	
6	7		4	
	7		9	4
		2	3 6 5	
4	6			1
			2 3 9	
2	3 8		1	
5 4				7

MIDLUNGS

4 2 8 5 7 9 6 3 1
1 9 3 4 6 2 5 8 7
5 7 6 1 8 3 4 9 2
9 3 5 6 2 7 1 4 8
6 4 7 8 9 1 2 5 3
2 8 1 3 4 5 7 6 9
7 5 4 9 1 8 3 2 6
3 1 9 2 5 6 8 7 4
8 6 2 7 3 4 9 1 5

MIDLUNGS

PUNG				
3	6 1			
9		2 7		
	2 9	5 7		
4	8			1
		5 6	9 8	
1				4
2 8	7 1		6 3	
	7			5

PUNG


## LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri nýu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Myndasögur

### PONDUS



Eftir Frode Øverli

### HANDAN VIÐ HORNIÐ



Eftir Tony Lopes

### BARNALAN

Eftir Jerry Scott &amp; Rick Kirkman



### SPAKMÆLI DAGSINS

Öfgamaður er sá sem getur ekki skipt um skoðun og vill ekki skipta um umræðuefni.

Winston Churchill

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

### KROSSGÁTA

#### LÁRÉTT

2. óskiptu, 6. frá, 8. sægur, 9. orlof, 11. frú, 12. kál, 14. yndi, 16. í röð, 17. kyrra, 18. keyra, 20. sjúkdómur, 21. rétt.

#### LÓÐRÉTT

1. stagl, 3. 950, 4. tómarúm, 5. dýrahljóð, 7. tungumál, 10. vætla, 13. drulla, 15. þefa, 16. flán, 19. ólát.

LAUSN  
nasa, 16. ras, 19. at.  
5. urf, 7. franská, 10. flá, 13. aur, 15. LÓÐRÉTT: 1. tafs, 3. lm, 4. loftóm, róa, 18. aka, 20. ms, 21. satt.  
LÁRÉTT: 2. öllu, 6. af, 8. mor, 9. frj.

### SKÁK

Gunnar Björnsson

Í fimmtu umferð á ofurmótinu í Sandnesi mætti Sergei Karjakin ofjarli sínum, Magnúsi Carlsen. Karjakin lék síðast 33. Re5-g6.

Svartur á leik



Carlsen svaraði um hæl með 33... Rxf4! Áfram tefldist 34. Hxd6! Rxb6 35. Hxe6 Hxe6 36. Bd4 f5 37. e5? og hér fórnaði Carlsen aftur manni eins og við sjáum í skákdaleki morgundagsins.

skak.is Ofurmótið í Sandnesi.



# NÝR 4BLS BÆKFLINGUR

STÚTFULLUR AF NÝJUM SJÓÐHEITUM TILBOÐUM

**STÆRSTU MERKIN**  
I TÖLVUTEK ERU ÖLL STÆRSTU MERKIN I FARTÖLVUM Á ÖTRÚLEGU TILBOÐI

**SUMAR TILBOÐ**  
STÚTFULLAR VERSLANIR AF NÝJUM TILBOÐUM

**0% VEXTIR**  
ALLAR VÖRUR  
VAXTALAUST I 12 MÁNÁÐUM

**SPJALDTÖLVU TILBOÐ**  
Notaðar og nýtt útlitsgallaðar spjaldtölvur á ótrúlegu tilboði meðan birgðir endast á verði frá **9.990**

**TÖLVUTEK**

ALLT AÐ **30 PÚSUND**  
AFSLÁTTUR AF TOSHIBA FARTÖLVUM



TOSHIBA

ALLT AÐ **40 PÚSUND**  
AFSLÁTTUR AF ACER FARTÖLVUM OG SPJALDTÖLVUM



acer

ALLT AÐ **20 PÚSUND**  
AFSLÁTTUR AF LENOVO FARTÖLVUM



lenovo

**SMELLTU Á KÖRFUNA**  
NETBÆKFLINGUR Á [WWW.TOLVUTEK.IS](http://WWW.TOLVUTEK.IS)  
MEÐ GAGNVIRKUM KÖRFUHNAPP

**ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR**  
I VERSLUNUM OKKAR I REYKJAVÍK OG Á AKUREYRI ER EITT MESTA ÚRVAL LANDSINS AF TÖLVUM OG TÖLVUBÓNADI

**MINIMUS** 1200B SSD 19.900

**PHOTAB26** 34.900

**MOBI P1325** 69.900

**CLUDBOX** 29.900

**DIAMOND** 11.900

**LACIE** 19.900

**VALED** 49.900

**14MP** 19.900

**IP7250** 16.900

**HD7790C** 34.900

**GIGABYTE** **LACIE** **BenQ** **Canon** **SP**

Birt með fyrirvara um breytingar, innstættarvillur og myndabreyngi

**OPNUNARTÍMAR**  
Virka daga  
10:00 - 18:30  
Laugardaga  
11:00 - 16:00



# TÖLVUTEK

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900



## Hvað kom fyrir börnin í Dimmuvík?

Jón Atli Jónasson sendir frá sér bókina Börnin í Dimmuvík, ískyggilega nóvellu sem gerist að mestu árið 1930. Bókin spannst út frá vinnu Jóns Atla með framleiðendum sjónvarpsþáttanna Brúin, sem sýndir voru á Íslandi í fyrra.

**B**örnin í Dimmuvík segir frá aldri aðri konu sem fer á æskuslóðirnar í ónefndu plássi úti á landi til að fylgja bróður sínum til grafar. Um leið reikar hugur hennar aftur til ársins 1930, þegar sultur svarf að heimilinu í miklu harðæri. Voveiflegir atburðir taka að gerast eftir að móðirin fæðir andvana fyrirbura, sem er dysjaður í grennd við smábýli fjölskyldunnar í Dimmuvík.

Jón Atli segir að hugmyndin að bókinni hafi spröttið út frá öðru verkefni, kvikmynd sem hann vinnur að með framleiðendum Brúarinnar.

„Umfjöllunarefnið þar er allt annað en varð engu að síður til þess að ég fékk áhuga á þessu efni, harðindunum og neyðinni sem fólk bjó við. Það var svo móðir vinar míns sem sagði mér frá því hvernig fólk hefði komið hvert öðru til hjálpar þegar hungur eða aðrir erfiðleikar stöðjuðu að, en gætti sín á að gera það á þann hátt að fólk gat haldið áfram reisu sinni. Og þessi fortíð er ekki svo langt undan, innan við mannsaldur. Það er enn á lífi fólk sem fæddist í torfbæjum.“

Til að ljá bókinni trúverðugleika segist Jón Atli hafa leitast við að fanga sér tungutak þess tíma sem bókin gerist á.

„Ég vildi líka ná fram ákveðinni skynjun sem mætir manneskjunni þegar hún hefur takmarkaðar upplýsingar; þegar hún hefur ekki aðgang að veröldinni heldur er heimurinn bundinn við afmarkaðan stað, í þessu tilfelli lítinn fjörð.“

Það er dimmur og ísjárverður andi yfir bókinni. Jón Atli þvertur þó fyrir að þetta sé draugasaga.

„Alls ekki. Veruleikinn getur tekið á sig ýmsar myndir og ég lít á þetta sem hreint og beint raunsæi. Þetta gengur ekki út á einhverjar brellur; baráttan í bókinni er raunveruleg en ekki af öðrum heimi.“

Börnin í Dimmuvík er nóvella, eða stutt skáldsaga. Jón Atli á að baki fleiri bækur en hefur fyrst og fremst gert sig gildandi sem leikskáld og handritshöfundur. Hann segir nóvelluformið henta sér.

„Það liggur mjög nálægt því sem kallað er „treatment“ og eru eins konar drög að kvikmyndahandriti. Enda hafa óteljandi kvikmyndir verið gerðar eftir nóvellum; þær eru að mörgu leyti mjög hentugar til þess.“

bergsteinn@frettabladid.is



**JÓN ATLI**  
Hugmyndin að bókinni börnin í Dimmuvík spratt upp úr öðru verkefni.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**ÚR BRÚNNI**  
Jón Atli vinnur með framleiðendum þáttanna vinsælu.

→ Spurður út í myndina sem hann er að vinna með framleiðendum dansk-sænsku spennuþáttanna Brúin, sem voru sýndir hér á landi í fyrra við miklar vinsældir, verst Jón Atli frekari fréttu. „Þetta er enn á því stigi að það er best að segja sem minnst í bili.“

### → Aðrar bækur Jóns Atla

**Brotinn taktur**  
(smásögur) 2004

**Í frostinu**  
(skáldsaga) 2005

**Ballaðan um Bubba Morthens**  
(svipmynd) 2006

„**Veruleikinn getur tekið á sig ýmsar myndir og ég lít á þetta sem hreint og beint raunsæi. Þetta gengur ekki út á einhverjar brellur; baráttan í bókinni er raunveruleg en ekki af öðrum heimi.**“

**Ray-Ban®**

Ný sending komin af Ray-Ban sólgleraugum

Mikið úrval

Umboðs- og dreifingaraðili Ray Ban á Íslandi

**Optical Studio**  
SMÁRALIND • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK

www.facebook.com/OpticalStudio



**HUGLÆG LANDAKORT/MANNSHVÖRF** Opnun í Listasafni Íslands á föstudag.

### Listamenn smáþjóða sýna

Sýningarnar Huglæg landakort/ mannshvörf og Gersemar verða opnaðar í Listasafni Íslands á föstudag. Sú fyrrnefnda dregur upp mynd af hinni miklu fjölbreytni, sem finna má í tjáningu listamanna frá smárfkjum Evrópu, þjóðum með innan við milljón íbúa, óháð landfræðilegri legu og stærð landa þeirra. „Með blað- og bókklist að vopni takast þessir listamenn á við langa hefð einstæðrar útgáfustarfsemi, sem miðlun skapandi samskipta,“ segir í tilkynningu safnsins en fjörutíu listamenn frá fimmtán löndum eiga verk á sýningunni.

Sú síðarnefnda, Gersemar, er sýning úr safneign sem standa mun í sumar. Undir samheitinu Gersemar verður hægt að sjá íslensk málverk og teikningar frá 19. öld og fyrri hluta 20. aldar – árdögum nútímalistar í landinu.

# Afmælisveisla

Boux  
— AVENUE —

Kringlunni  
**1** árs

**20%**  
afsláttur

af öllum vörum  
í dag og alla helgina

**16.-20. maí**

Boux  
— AVENUE —

Kringlan • Reykjavík • Sími 561 9000



# Sex leikskáld af þremur kynslóðum

Fjórar konur og tveir karlar munu á Listahátíð bjóða áhorfendum á bókasöfn borgarinnar til að kynna verkum sem þau eru að vinna fyrir Útvarpsleikhúsið. Leitast er við að endurspeglu reynsluheim kvenna.

Þessi samvinna Útvarpsleikhússins, Listahátíðar og Borgarbókasafnsins er ákaflega skemmtileg,“ segir Viðar Eggertsson útvarpsleikhússtjóri. „Þetta er á vissan hátt framhald af tilraun sem við gerðum í fyrra. En Borgarbókasöfnin, sem er sex í mismunandi hverfum, komu inn í þetta með okkur núna og það var ákveðið að leyfa áhorfendum og njótendum Útvarpsleikhússins að komast í smíðju leikskáldanna sem eru að vinna verk sem flutt verða í Útvarpsleikhúsinu næsta vetur.“

Verkin sex eru sérþötuð af Útvarpsleikhúsinu og leikskáldin eru af þremur kynslóðum, fjórar konur og tveir karlar. „Við höfum verið í átaki til að örva konur til að skrifa útvarpsleikrit og næsta vetur verða hlutföll kynjanna jöfn hjá okkur, fimm konur og fimm karlar með ný verk,“ segir Viðar. „Þar að auki verða það sex konur og fjórir karlar sem leikstýra þessum tíu verkum. Við höfum leitast við að fá verk sem endurspeglu reynsluheim kvenna, enda hef ég þá trú að við eigum alveg jafngóða höfunda meðal þeirra.“

„Við höfum verið í átaki til að örva konur til að skrifa útvarpsleikrit ...“

Verkin sem sýnd verða á Listahátíð eru öll enn í vinnslu og verða sviðsettir leiklestrar á þeim. „Hver leikstjóri um sig hefur sjálfðæmi um það hvernig hann kemur verkinu fyrir á bókasöfnunum og síðan hafa skáldin í samvinnu við leikstjórana tækifæri til að endurskoða verkin eftir að hafa mátað þau við áhorfendur og fullvinna þau fyrir útvarpsupptöku með öllum þeim möguleikum sem hún býður upp á,“ segir Viðar.

Flutt verður eitt verk á dag frá þriðjudegi til fimmtudags næstu tvær vikur á mismunandi bókasöfnum og á laugardögum verða síðan öll verkin sem flutt hafa verið þá vikuna flutt hvert á eftir öðru. Allar upplýsingar um staðsetningar og tíma eru á heimasíðu Listahátíðar.

fridrikab@frettabladid.is



**JÖFN KYN-JAHLUTFÖLL**  
Viðar Eggertsson útvarpsleikhússtjóri leitast meðvitað við að flytja jafnmörg verk eftir konur og karla.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

## NÝJU ÚTVARPSLEIKRITIN SEX

- **Lán til góðverka** eftir Auði Övu Ólafsdóttur í leikstjórn Kristínar Eysteinsdóttur.
- **Rökrásin** eftir Ingibjörgu Magnadóttur í leikstjórn Hörpu Arnadóttur.
- **Páfuglar heimskautanna** eftir Ragnheiði Hörpu Leifsdóttur í leikstjórn Mörtu Nordal.
- **Gestabókin** eftir Braga Ólafsson í leikstjórn Stefáns Jónssonar.
- **Slysgildran** eftir Steinunni Sigurðardóttur í leikstjórn Hlínar Agnarsdóttur.
- **Blinda konan og þjónninn** eftir Sigurð Pálsson í leikstjórn Kristínar Jóhannesdóttur.

**DÝRÐIN ER ÞÍN**

Tónleikar í Lindakirkju  
annan í hvítasunnu  
20. maí kl. 17 og kl. 20

Kór Lindakirkju ásamt hljómsveit  
Tónlistarstjóri:  
**Óskar Einarsson**

Sérstakur gestur tónleikanna er  
**BUBBI MORTHENS**

MIÐAVERÐ 3.000 kr  
Miðar seldir í Lindakirkju eða  
á [lindakirkja@lindakirkja.is](mailto:lindakirkja@lindakirkja.is)



**FRÆG PERSÓNA** Gagnrýnendur hrifust af túlkun Elfu Óskar á Hallgerði.

## Gestaboð Hallgerðar aftur á svið í Sögusetrinu á Hvolsvelli

Elva Ósk Ólafsdóttir hlaut mikið lof fyrir túlkun sína á Hallgerði í fyrra. Nú er hún aftur á fjölnum.

Sýningar á leikritinu Gestaboð Hallgerðar hefjast að nýju á laugardag í Sögusetrinu á Hvolsvelli. Hlín Agnarsdóttir skrifaði og leikstýrði en Elva Ósk Ólafsdóttir fer með hlutverk Hallgerðar.

Verkið segir frá Hallgerði sem býr á Hlíðarenda og rekur þar menningartengda ferðaþjónustu. Hún og eiginmaður hennar, Gunnar hrossabóndi, hafa innreittað söguskála í gamalli hlöðu og þar taka þau á móti gestum. En í þetta sinn hefur gleymst að bóka gestina, engar veitingar að hafa og Gunnar staddur á hestamannamóti á Þingvöllum. Hallgerður grípur þá til sinna ráða og sendir pólska vinnumanninn sinn Melkó í kaupfélagið á Hvolsvelli og á meðan gestirnir bíða eftir veitingunum segir Hallgerður þeim skrautlega sögu sína.

→ **Fjórar aukasýningar verða á Gestaboði Hallgerðar í Sögusetrinu í maí.**

Gestaboð Hallgerðar var frumsýnt í Njálusetrinu í fyrra. Gagnrýnandi Fréttablaðsins kallaði verkið eftirminnilega kvöldstund þar sem Elva Ósk ljáði „einni frægustu konu bókmenntasögunnar líf af miklum styrk“.

Fjórar aukasýningar verða á Gestaboði Hallgerðar í Sögusetrinu núna í maí. Laugardaginn og sunnudaginn 18. og 19. og 25. og 26. maí kl. 17.

Boðið verður upp á erindi um Njálu og súpu að sýningu lokinni, fyrir þá sem það kjósa.

# nettó

Kræsingar & kostakjör

## **BEBIKO BLEIUR 998 KR.**

### **& BEBIKO BLAUTKLÚTAR FYLGJA FRÍTT MEÐ !**



<b>Bebiko Bleiur Midi 4-9kg</b>	<b>50 stk</b>
<b>Bebiko Bleiur Maxi 8-19kg</b>	<b>44 stk</b>
<b>Bebiko Bleiur Maxi+ 9-20kg</b>	<b>38 stk</b>
<b>Bebiko Bleiur Junior 11-25kg</b>	<b>32 stk</b>

**...& BEBIKO Blautklútar 72 stk**

# Hanaslagur skáldanna

Fjögur skáld munu á föstudagskvöld heyja keppni í alþjóðlegu lestrarröðinni Literary Death Match. Þrjú dómara meta frammistöðu þeirra og velja sigurvegara.

Nýstárlegur bókmenntaviðburður verður haldinn á Dollý á föstudagskvöldið. Þar er um að ræða Literary Death Match, eða Hanaslag á bókmenntasviðinu eins og það útleggst á íslensku, sem er alþjóðleg lestrarröð sem á rætur að rekja til Bandaríkjanna, nánar tiltekið í hugskot Adrians Todd Zuniga, sem stóð fyrir fyrsta slagnum árið 2006. „Hugmyndin er að brjóta upp hefðbundið upplestrarform og gera það skemmtilegra, til dæmis með því að sækja í umgjörð þátta á borð við Idol, án þess þó að fórnarlistrænu gildi,“ að sögn Atla Bollasonar, eins skipuleggjanda keppinnar hérlendis. „Þetta er þó gjörólíkt Idol að því leyti að þátttakendur eru alltaf viðurkennd skáld og skemmtanagildið er meira metið en það að sigra.“

Hanaslagurinn fer þannig fram að fjórir rithöfundar fá sjö mínútur til að flytja spennandi texta frammi fyrir áhorfendum og þremur sérvöldum dómurum. Einn dómari tekur sérstaklega fyrir bókmenntalegt gildi, annar rýnir í flutninginn sem slíkan og sá þriðji dæmir „hið ónefnanlega“ þ.e.a.s. heildarupplifunina; hughrifin sem verða til á milli línanna. Dómarnir velja síðan í sameiningu tvo lesara sem komast áfram í lokaumferðina þar sem þeir heyja baráttu upp á líf og dauða um LDM-krúnuna.

Þátttakendur verða  
Andri Snær Magnason,  
Auður Jónsdóttir, Kári  
Túlinius  
og



ANDRI SNÆR  
MAGNASON

KRISTÍN  
EIRÍKSDÓTTIR

AUÐUR  
JÓNSDÓTTIR

KÁRI  
TÚLINIUS

**SKEMMTANAGILDIÐ Í FYRSTA SÆTI** Atli Bollason segir að þótt umgjörðin sé sött í þætti eins og Idol sé LDM fyrst og fremst hugsað sem aðferð til að setja upplestur fram með nýjum hætti.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Kristín Eiríksdóttir en dómara þau Bergur Ebba Benediktsson, Hugleikur Dagsson og Kristín Ómarsdóttir. Adrian Todd Zuniga mætir sjálfur til landsins og verður kynnr kvöldsins, en Reykjavík verður 48. borgin í röðinni sem stendur fyrir LDM-kvöldi.

-fsb

# Caput í Kína

Hópurinn leikur norræna tónlist á tónleikaferð sinni.

Caput hópurinn heldur tónleika í þremur borgum, Peking, Tian Jin og Xi'an á tónleikaferðalagi sínu um Kína sem hefst stendur frá 18. til 24. maí. Hópurinn skipa átta hljóðfæraleikarar undir stjórn Guðna Franzsonar.

Caput leikur á nútímatónlistarháttfóðinni í Peking, á Maíháttfóðinni í Tian Jin og loks mun hópurinn leika í tónlistarháskólanum í Xi'an þann 23. maí.

Sérstök áhersla verður lögð á tónverk norrænna höfunda á tónleikum hópsins en tvö íslensk tónverk voru pöntuð sérstaklega fyrir ferðina og verða frumflutt í Peking 20. maí. Þetta eru verk in Ásýnd eftir Hauk Tómasson og Ró eftir Önnu Þorvaldsdóttur. Auk þess verða flutt verk eftir Kaiju Saariaho frá Finnlandi, Rolf Wallin frá Noregi og Bent Sørensen frá



**CAPUT-HÓPURINN** Verða á ferð um Kína í næstu viku.

Danmörku en tónskáldin eiga það sameiginlegt að hafa fengið tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs. Jafnframt verða leikin einleiksverk og kammerverk eftir Jón Leifs.

Þá verður frumflutt nýtt verk eftir ungan kínverskan höfund, Chen Dan Bu.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

FIMMTUDAGUR 16. MAÍ 2013

### Tónleikar

**20.00** Útskriftartónleikar Ragnars Jónssonar í Fella- og Hólakirkju. Ragnar útskrifast með diplómagráðu í sellóleik frá tónlistardeild Listaháskólans í vor. Á efnisskrá eru meðal annars verk eftir Schumann, Bach og Prokofiev. Allir velkomnir.

**21.00** Hljómsveitin VOR heldur tónleika á Café Rosenberg 16. maí.

**22.00** Magnús Einarsson og félagar halda tónleika á Ob-La-Dí Ob-La-Da, Frakkastíg 8.

### Sýningar

**16.30** Árleg útskriftarsýning Margmiðunarskólans í Bíó Paradís, Hverfisgötu 54.

### Málþing

Hugarflug, ráðstefna um snertifleti listsköpunar og rannsókna verður haldin 16. og 17. maí. Um 80 listamenn, hönnuðir, sjálfstætt starfandi fræðimenn, háskólakennarar og framhaldsnemar kynna rannsóknarverkefni sín. Ráðstefnan fer fram í húsnæði hönnunar- og arkitektúrdeildar LHÍ að Pverholti 11. Aðgangur er ókeypis. Nánari upplýsingar á lhi.is. Allir velkomnir.

### Tónlist

**22.00** DJ Elvar spilar á Faktory.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.

## FÁÐU GÓÐ RÁÐ VIÐ OFNÆMI NEUTRAL.IS



ÍSLENSKA SÍÐISNÝT 627191.2013



Dönsku astma- og ofnæmissamtökin



Astma- og ofnæmisfélagið á Íslandi mælir með vörum frá **Neutral**

Sumar í  
**BYKO**

Vnr. 89436375-394  
PINOTEX pallaolía, 5 l.



**KLÚBB verð**  
**2.990** kr.\*  
Almennt verð 4.980 kr.

\*TILBOÐ GILDIR 16.-20. MAÍ

**ÓDÝRT PALLAEFNI**

Fura, alheflað pallaefni, gagnvarið, ECO-GR.

Vnr. 0058224 22x95 mm	<b>165</b> kr./lm
Vnr. 0058274 27x95 mm	<b>185</b> kr./lm
Fura, alheflað pallaefni, AB-gagnvarið.	
Vnr. 0058254 22x95 mm	<b>185</b> kr./lm
Vnr. 0058324 27x95 mm	<b>205</b> kr./lm
Vnr. 0058325 27x120 mm	<b>210</b> kr./lm

0  
7 8 9  
4 5 6  
1 2 3  
REIKNIVÉLAR

[www.byko.is](http://www.byko.is)

VERÐVERND BYKO

**LÆGRA  
VERÐ**

**LÁGT VERÐ**  
- ALLA DAGA

**BYKO**

BÚDU BETUR. BORGADU MINNA.

TVÖFALDUR ÁLBRENNARI

NEISTAKVEIKJARI

**OUTBACK**

Vnr. 50630084  
Outback gasgrill.  
2 postulínshúðaðar  
grillgrindur og efri  
hitunargrind. 9,0 kW.



**KLÚBB verð**  
**39.990** kr.  
Almennt verð 49.990 kr.

**ORIENT**  
BIKES

21 GÍR

26"



**KLÚBB verð**  
**36.990** kr.  
Almennt verð 45.990 kr.

Vnr. 49620055  
LUXUS reiðhjól.



25 KG

Vnr. 55095104  
Blá Korn, 25 kg.



**KLÚBB verð**  
**4.990** kr.  
Almennt verð 6.990 kr.



**KLÚBB verð**  
**9.990** kr.  
Almennt verð 16.990 kr.

Vnr. 54905038  
KÄRCHER slönguvagn  
með 20 m slöngu og  
tengi.



**KLÚBB verð**  
**2.990** kr.  
Almennt verð 3.990 kr.

Vnr. 55095013  
CASORON  
illgresiseyðir, 1 kg.



**KLÚBB verð**  
**44.990** kr.  
Almennt verð 59.990 kr.

Vnr. 53323161  
Warrior bensínláttuvél, 5,0 hestöfl, 158cc,  
B&S fjörgengismótur,  
46 cm sláttubreidd,  
53 l safnkassi,  
10 hæðarstillingar.



Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvilla og/ eða myndabrogni. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.

Verðvernd BYKO tryggir þér lægra verð. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á [www.byko.is](http://www.byko.is).

[www.byko.is](http://www.byko.is) / EXPO auglýsingastofa



## TÓNNINN GEFINN

Kjartan Guðmundsson

# Júrónvísa

Jæja, það fer víst ekki framhjá neinum að í dag er haldinn hátíðlegur alþjóðlegur Eurovision-dagur um víða veröld og ósköp fátt sem flest okkar geta gert í því. Sjálfur hef ég farið í gegnum hin sígildu fimm stig sorgarinnar þegar kemur að Söngvakeppninni; að fylgjast með af gríðarlegum, óbeisludum og einlægum áhuga sem krakki, þykjast ekki horfa en gera það samt í laumi sem táningur (rétt eins og með Dallas, eins og Sverrir Stormsker benti á hér um árið), þykja þetta allt saman óskaplega flippað og myndi á kaldhæðinn hátt sem menntaskólanemi, vera gjör-samlega formyrkvaður og skítsama sem nýlega fullorðinn og að lokum klárað hringinn og orðið áhugasamur á ný í gegnum unga dóttur sem

veit fátt skemmtilegra en hamaganginn í kringum Eurovision.

Bláðamaður Guardian hrakti í vikunni algengar goðsagnir um keppnina eins og þær horfa við honum úti í Bretlandi, þar sem tortryggin viðhorf í garð hennar hafa viðgengi-ist lengur en elstu menn muna. Helstu mýturnar telur blaðamaðurinn meðal annars þær að Austur-Evrópa hafi rænt Eurovision (og bendir á að á síðustu árum hafa sigurvegararnir komið frá



Svíþjóð, Pýskalandi, Rússlandi, Grikklandi, Noregi og Úkraínu, svo dæmi séu tekin), að nágrannar kjósi alltaf hverjir aðra (sameiginleg menning en ekki blind hollusta), að alls kyns barbabrellur skipti meiru máli en sjálf tónlistin þegar kemur að líklegum sigurvegum (hvort atriðið byggði fremur á trixum á síðasta ári, Loreen sem vann eða rússnesku ömmurnar sem unnu ekki?) og að ALLIR fyrirfiri Bretland (bull).

Þá halda ótalmargir því fram að öll lögin sem hljómað hafa í Eurovision í tæplega sextíu ára sögu keppinnar séu léleg. Með fullri virðingu fyrir persónulegum skoðunum smekk hvers og eins, þá verður að segjast að slíkar ályktanir anga nánast af þróngsýni og þrjúsku.

Ég skora hér með á hverja sem er að vaða í gegnum þær þúsundir laga sem keppnin hefur alið af sér og segja svo, í fullri einlægni, að ekkert þeirri hreyfi hið minnsta við þeim. Sá sem getur það verður svo krýndur „Nagli ársins“ við hátíðlega athöfn í Eldborgarsal Hörpu.

## Í spilaranum



**Daft Punk** - Random Access Memories  
**Vampire Weekend** - Modern Vampires of the City  
**Eurovision Song Contest 2013** - We Are One



## HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.\*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Hafðu fjölpóstinn þinn inni í Fréttablaðinu.

Það er áhrifarík leið til að koma skilaboðum um vöru eða þjónustu beint inn á heimilin.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448 eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

\*Þentimálgögnun Capacent október-december 2012 - höfuðborgarsvæði 25-54 ára



MEÐ NÝJA PLÖTU Söngvarinn Matt Berninger og bassaleikarinn Scott Devendorf úr The National eru mættir með nýja plötu í farteskinu. NORDICPHOTOS/GETTY

# Skemmtileg lög um tilfinningar og dauða

Sjötta plata The National kemur út eftir helgi. Melankólían enn í aðalhlutverki.

Sjötta plata bandarísku hlóm-sveitarinnar The National, Trouble Will Find Me, kemur út eftir helgi á vegum 4AD.

Þrjú ár eru liðin síðan High Violet kom út, sem margir töldu eina af plötum ársins. Í viðtali tímaritsins Uncut lýsir söngvarinn Matt Berninger mörgum lögum á Trouble Will Find Me sem „skemmtilegum lögum um dauðann“ og bætir við að þau séu beinskeyttari og tilfinningaríkari en fyrri verk hljómsveitarinnar. Í sama viðtali segir gítarleikarinn Aaron Dessner lagið Pink Rabbits vera eins konar blöndu af The Band og frönsku hljómsveitinni Air.

The National var stofnuð í Ohio árið 1999 af Matt Berninger, bræðrunum Aaron og Bryce Dessner, og öðrum bræðrum, Scott og Bryan Devendorf. Hljómsveitin vakti almenna athygli með fjórðu plötu sinni Boxer árið 2007 sem seldist þrefalt meira en Alligator sem kom út tveimur árum áður. High Violet sló svo rækilega í gegn og seldist í yfir 600 þúsund eintökum.

Eftir 22 mánaða tónleikaferð til að fylgja eftir High Violet sneru meðlimir The National heim til sín í Brooklyn í New York. Fljótlega byrjaði Dessner að vinna að nýjum lögum og hreif félagi sína með sér. „Eftir að við vorum búnir að fylgja High Violet eftir fannst mér eins og við værum loksins komnir þangað sem við vildum vera. Núna gátum við slakað á, ekki á metnaði

## Spiluðu Sorrow í sex klukkustundir



■ The National tók þátt í gjörningi listamannsins Ragnars Kjartanssonar í New York í byrjun maí þegar hún spilaði lag sitt Sorrow af plötunni High Violet í sex klukkustundir. Alls spilaði hún lagið 105 sinnum. Ragnar lét liðsmenn sveitarinnar fá vatn, súkkulaði og brennivín upp á svið til að halda þeim gangandi og gekk gjörningurinn eins og í sögu.

okkar, heldur vegna þess að við þurftum ekki að sanna okkur lengur,“ sagði Berninger.

Til að hita upp fyrir plötuna var heimildarmyndin Mistaken For Strangers frumsýnd á kvikmyndahátíðinni Tribeca 17. apríl síðastliðinn. Tom Berninger, yngri bróðir söngvarans Matts, leikstýrði henni. Þar er hljómsveitinni fylgt eftir á stærstu tónleikaferð sinni til þessa og á sama tíma varpað ljósi á samband bræðranna fjögurra.

Trouble Will Find Me hefur fengið flotta dóma, eða 9 af 10 mögulegum hjá Clash og fjórar stjörnur

í tímaritunum Mojo og Uncut. Hið síðastnefnda segir The National enn og aftur leita að upplýfingu í melankólíunni. Tímaritið Q er ekki eins hrifið og gefur henni þrjár af fimm mögulegum og segir að þrátt fyrir að syngja um tilfinningar hljómi stór hluti plötunnar eins og hún sé á sjálfstýringu.

The National ætlar í tónleikaferð um heiminn til að fylgja plötunni eftir. Fyrstu tónleikarnir verða í New York í kvöld. Í sumar spilar hún á fjölda tónlistarhátíða, þar á meðal á Bonnaroo, Rock Werchter, á Hróarskeldu og á Lollapalooza.

freyr@frettabladid.is

## 9.5.2013 → 15.5.2013

### LAGALISTINN

Sæti	Flytjandi	Lag
▶ 1	Daft Punk / Pharrell	Get Lucky
▶ 2	Justin Timberlake	Mirrors
▲ 3	Valdimar	Beðið eftir skömminni
▼ 4	Pink / Nate Ruess	Just Give Me a Reason
▲ 5	Robin Thicke	Blurred Lines
▼ 6	Retro Stefson	She Said
▲ 7	John Grant	GMF
▼ 8	Christina Aguilera/Pitbull	Feel This Moment
▼ 9	Phillip Phillips	Gone, Gone, Gone
▲ 10	Christina Aguil./Blake Shelton	Just a Fool

### TÓNLISTINN

Sæti	Flytjandi	Plata
★ 1	Bubbi Morthens	Stormurinn
▶ 2	Ýmsir	Eurovision Song Contest 2013: Malmö
▲ 3	Ýmsir	Pottþétt 59
▼ 4	Dimma	Mykraverk
▲ 5	Ásgeir Trausti	Dýrð í dauðapögn
▲ 6	Of Monsters and Men	My Head Is an Animal
▼ 7	Ýmsir	Tíminn flýgur áfram
▼ 8	Retro Stefson	Retro Stefson
▼ 9	John Grant	Pale Green Ghosts
▲ 10	Raggi Bjarna	Dúettar

Skýringar ▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku ★ Nýtt á lista Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Vísir.is vísir

Þátttakendur í Lagalistanum Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, K100,5, tonlist.is. Verslanir í Tónlistanum Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elko, tonlist.is.



# Leggðu sumarið að fótum þér



## Göngutaska Lyfju

Göngutaska Lyfju er góður ferðafélagi hvort sem leiðin er löng eða stutt. Festu hana í beltíð eða stingdu henni í bakpokann. Byrjaðu gönguferðina á því að koma við í Lyfju og nýttu ferðina til að fylla á sjúkrakassann í bílnum eða bústaðnum. Göngum inn í sumarið með allt á vísunum stað.



## Vulkan

Vulkan hita- og stuðningshlífar. Mikið úrval fyrir hæla, kálfa, hné, læri, nára og bak. Gott verð.



## Lóritín

Lóritín 10 mg í 10, 30 og 100 stykkja pakkningum. Fæst án lyfseðils.



## Regenovex

Regenovex er skjót og náttúruleg lausn gegn eymslum í liðum. Gel og perlur til að taka inn. Þú finnur árangurinn samstundis.



## Heleen

Gelhlífar fyrir ökkklakúlur og fyrir hæl og rist.  
+ Engar blöðrur  
+ Ekkert lím  
+ Ekkert klístur  
+ Hægt að nota aftur og aftur



## Solaray

**Astaxanthin** hjálpar líkamanum að ná sér eftir æfingar og áreynslu. Örvar litafrumur og verndar húðina. **IbuActin** er náttúrulegur bólgu- og verkjastillir fyrir allan líkamann.



## Dr. Comfort

Vandaðir sokkar í gönguferðirnar í sumar. Hlífa fótunum einstaklega vel. Fást bæði svartir og hvítir.

## Leikur ráðgjafa

Christoph Waltz leikur í nýrri mynd Stephen Gaghan.



**FLEIRI VERKEFNI** Christoph Waltz mun leika samhliða Robert De Niro í kvikmyndinni Candy Store.

NORDICPHOTOS/GETTY

Austurríski leikarinn Christoph Waltz fer með hlutverk í spennu-myndinni Candy Store eftir leikstjórnann Stephen Gaghan. Með önnur hlutverk fara Robert De Niro og Jason Clarke, en íslenskir áhorfendur ættu að þekkja Clarke úr kvikmyndum á borð við Lawless og Zero Dark Thirty. Gaghan leikstýrði síðast pólitísku spennu-myndinni Syria með Matt Damon og George Clooney í aðalhlutverkum.

Waltz mun fara með hlutverk fyrrverandi kaldastríðs-ráðgjafa er þykist vera venjulegur bandarískur ríkisborgari. Aðdáendur leikararans snjalla geta næst barið hann augum, eða eyrum réttara sagt, í teiknimyndinni Epic sem frumsýnd verður vestanhafs þann 24. maí.



**MÆTTUR AFTUR** Vin Diesel er mættur aftur í hlutverk ökuþórsins Doms Toretto í sjöttu myndinni í kvikmyndaröðinni The Fast and the Furious.

## Sjötta myndin um hraðskreiðu þórana

Sjötta myndin í röðinni The Fast and the Furious sýnd.

Kvikmyndin The Fast and the Furious 6 verður frumsýnd um miðja næstu viku. Kvikmyndin er sjötta myndin í myndaröðinni The Fast and the Furious og skartar Vin Diesel, Paul Walker og Dwayne Johnson í aðalhlutverkum.

Þegar hér er komið til sögu eru ökuþórnir hraðskreiðu eftirlýstir og eru í útleð vilt og breitt um heiminn. Lögreglumadurinn Luke Hobbs, sem leikinn er af Johnson, er á höttunum eftir öðrum hópi glæpamanna en til þess að hafa hendur í hári þeirra þarf hann

aðstoð fram Dom Toretto, sem leikinn er af Vin Diesel. Í skiptum fyrir aðstoðina býður Hobbs Dom og öðrum meðlimum hópsins náðun og því gætu ökuþórnir snúið aftur til síns heima og fjölskyldna sinna.

Leikstjóri myndarinnar er Justin Lin, sá sami og leikstýrði Fast & Furious 4 og Fast Five, og miðað við þá reynslu ætti hann að hafa leyst þetta verk vel af hendi.

Myndin hlýtur 86 prósent í einkunn á kvikmyndasíðunni Rotten-tomatoes.com.



**MIKILFENGLEGT VERK** Kvikmyndin The Great Gatsby er frumsýnd í kvikmyndahúsum annað kvöld. Myndin er byggð á skáldsögu F. Scott Fitzgerald.

## Gatsby snýr aftur

The Great Gatsby verður frumsýnd annað kvöld. Myndin er byggð á samnefndri skáldsögu F. Scott Fitzgerald og skartar Leonardo DiCaprio í hlutverki Gatsby.

The Great Gatsby segir frá Nick Carraway, fyrrverandi hermanni sem búsettur er á Long Island. Þegar hann kynnist efnuðum og dularfullum nágranna sínum, Jay Gatsby, flækist hann inn í heim þar sem ekkert er sem sýnist.

Sagan gerist í skáldaða bænum West Egg á Long Island sumarið 1922. Nick Carraway flytur í bæinn að stríði loknu og umgengst frænku sína, Daisy Buchanan, og eiginmann hennar Tom. Í gegnum þau kynnist hann Jordan Baker, efnilegum golfara, og hefja þau ástarsamband. Vinirnir sækja veislur sem hinn dularfulli nágranni Carraways, Jay Gatsby, heldur á heimili sínu. Fáir vita nokkur deili á veisluhaldaranum en í gegnum Baker kemst Carraway að því að Gatsby og Daisy voru eitt sinn ástfangin og með veislunum vill Gatsby reyna að vinna aftur ástir Daisy.

Leonardo DiCaprio fer með hlutverk hins dularfulla Jay Gatsby, Tobey Maguire leikur Nick Carraway og Carey Mulligan fer með hlutverk Daisy Buchanan. Með önnur hlutverk fara Joel Edgerton, Elizabeth Debicki og Isla Fisher sem fer með hlutverk Myrtle Wilson, ástkonu Toms Buchanan.

Leikstjóri myndarinnar er hinn ástralski Mark Anthony „Baz“ Luhrmann, en hann er leikstjóri mynda á borð við Romeo + Juliet, Moulin Rouge og Australia. Kvik-

### Taldi sig vera misheppnaðan höfund

Hinn mikli Gatsby er gjarnan talið öndvegisverk rithöfundarins F. Scott Fitzgerald. Verkið kom út árið 1925 og þykir áhrifamikil lýsing á velmegunartímanum fyrir kreppuna miklu og tekst á við spillingu og hnignun þess tíma, ofgnótt og ídealisma. Í dag er Hinn mikli Gatsby talið til helstu meistarverka heimsbókmenntanna en bókin fékk heldur dræmar móttökur þegar hún kom fyrst út. Fitzgerald lést árið 1940 og stóð þá í þeirri trú að hann væri mislukkaður höfundur og að verk hans yrðu brátt gleymd og grafin. Þetta varð þó ekki raunin því bókin naut mikilla vinsælda eftir seinni heimsstyrjöldina og varð hluti af námskrá bandarískra barna.



myndin Romeo + Juliet frá árinu 1996 skartaði Leonardo DiCaprio og Claire Danes í aðalhlutverkum og vann BAFTA-verðlaunin það ár í flokknum besta leikstjórn, en stórmyndin Titanic var tilnefnd í sama flokki.

The Great Gatsby fær 7,5 í einkunn á vefsíðunni Imdb.com og 50 prósent frá kvikmyndarýnum á Rottentomatoes.com. Áhorfendur eru þó töluvert jákvæðari í garð myndarinnar og gefa henni 84 prósent á Rottentomatoes.com.

- sm

**1926** aðalhlutverk Warner Baxter og Lois Wilson

**1949** aðalhlutverk Alan Ladd og Betty Field

**1974** aðalhlutverk Robert Redford og Mia Farrow

**2000** aðalhlutverk Toby Stephens og Mira Sorvino



### GUÐRÚN BERGMANN

þekkir af eigin reynslu hversu mikilvægt það er að takast á við bólgubáttinn í líkamanum. Á stuttu en skilvirku námskeiði sýnir hún einfaldar en áhrifaríkar leiðir til að takast á við þessa kvilla.



VILTU LOSNA VIÐ BÓLGUR OG LIÐVERKI Á NÁTTÚRULEGAN MÁTA?

FIMMTUDAGINN  
23. MAÍ.



### Á NÁMSKEIÐINU VERÐUR FARIÐ YFIR:

Hvernig þekkja má bólgueinkennin og finna leiðir til bata.

Hvaða fæðutegundir valda bólgueinkennum í líkamanum.

Hvaða fæðu, krydd og bætiefni má nota til að draga úr bólgum.

**STAÐUR OG STUND:**  
HEILSUHÚSIÐ LÁGMÚLA 5, KL. 18:30 - 21:00.

Námsgögn með víðtækum upplýsingum innifalinn.

Nánari upplýsingar og skráning á ung@gudrunbergmann.is og www.ungaollumaldri.is

4.900<sup>KR</sup>

Heilsuhúsið

## Getur vel leikið Ninu

Leikkonan Zoe Saldana blæs á gagnrýnisraddir.



Zoe Saldana fer með hlutverk djasstónlistarkonunnar Ninu Simone í nýrri kvikmynd sem byggð er á ævi Simone og nefnist einfaldlega Nina. Gagnrýnisraddir hafa verið uppi um hvort Saldana hafi hentað í hlutverkið.

Í viðtali við tímaritið Allure blæs Saldana á gagnrýnisraddirnar. „Ég skal segja ykkur það, ef Elizabeth Taylor gat leikið Kleópötru, þá get ég leikið Ninu. Gagnrýnin skiptir mig engu. Ég mun heiðra uppruna minn, hann er hluti af þeirri manneskju sem ég er,“ sagði leikkonan.

Saldana fer með hlutverk Nyota Uhura í kvikmyndinni Star Trek: Into Darkness sem frumsýnd var hér á landi í síðustu viku.

**LEIKUR NINU** Zoe Saldana segist vel geta leikið Ninu Simone.

NORDICPHOTOS/GETTY

# Grillað með Jóa Fel

Ný og glæsileg grillbók  
frá eldsnögga bakaranum.

Í bókinni er fjöldi uppskrifta af ómótstæðilega góðum grillmat fyrir alla grillara.  
Bókin er í stóru broti, ríkulega myndskreytt og á fjórðahundrað blaðsíður.



Jói Fel mælir með gæðakjúklingi  
frá Holta á grillið í sumar!





**HEIÐMÖRK** Skógræktar- og friðlandið við Elliðavatn er góður staður til að fara með fjölskylduna á sunnudegi. Þar er hægt að fara í gönguferðir, bæði auðveldar og erfiðari, og njóta náttúrunnar. Þar er einnig að finna níu svæði þar sem hægt er að leika sér í alls kyns leikjum og grilla á þar til gerðum steypum útigrillum.



**ÚLFARSFELL** Fyrir þá sem eru í stuði fyrir léttu fjallgöngu er Úlfarsfellið kjörinn áfangastaður. Fjallið er á landamörkum Reykjavíkur og Mosfellsbæjar og því stutt að fara. Gangan frá bílastæðinu við skógræktarsvæðið í Hamrahlíðarskógi er 4,6 kílómetrar og tekur um einn og hálfan tíma í þægilegri göngu. Hægt er að fylgja vegslóða upp á hæsta tindinn sem er 295 metra hár.

## Göngum sumarið inn

Með hækkandi sól eykst löngun landans til útiveru og þægilegra gönguferða.

Nú þegar farið er að birta til og voranganin liggur í loftinu fá sífellt fleiri löngun til að skella sér í góðan göngutúr til að njóta blíðunnar og birtunnar sem sífellt stendur lengur.

Fréttablaðið tók saman fimm góða staði á höfuðborgarsvæðinu þar sem fólk getur skellt sér í göngutúr.



**ÆGISÍÐAN/GRÓTTA** Ægisíðan hefur lengi verið þekkt sem einn rómantískasti staður landsins og þeir eru ófáir elskendurnir sem verja fallegum kvöldstundum á röltinu þar. Ef sjávarföllin leyfa er svo hægt að kíkja yfir á Gróttu og virða fyrir sér vitann sem þar hefur staðið frá árinu 1947. Umhverfisnefnd Seltjarnarness hefur gefið út göngukort með gönguleiðum á Ægisíðunni og víðar um nesið sem er vel þess virði að kíkja á.



**KLEIFARVATN** Það verður sífellt vinsælla meðal manna að ganga hringinn í kringum Kleifarvatn og þykir það víst hin ágætasta ganga. Vatnið er það stærsta á Reykjanesskaga og liggur á milli Sveifluháls og Vatnshlíðar. Það er 9,1 ferkílómetri að stærð og 97 metrar að dýpt, sem gerir það að einu dýpsta vatni landsins. Gangan tekur rúma þrjá tíma í þægilegri göngu.



**ESJAN** Auðvitað er aldrei hægt að taka saman svona lista án þess að minnst á klassíkina Esjuna, sem er eitt helsta einkenni höfuðborgarsvæðisins. Það eru nokkrar gönguleiðir upp á fjallið, sem er líklegast vinsælasta gönguleið landsins. Hæsti tindur þess er 914 metra yfir sjávarmáli og gangan þangað upp þægileg og fljótleg.



## Tvær frjálsar hendur, slef og tunga

**?** Ég er í sambandi með stelpu og bara mjög hamingjusamur og kynlífið okkar er yfirleitt frekar gott. Um daginn vorum við að kela og hún fer að totta mig. Mér finnst allt í lagi en ég næ ekki að fá fullnægingu og það pirrar okkur bæði. Hún tekur þetta ótrúlega nærri sér og finnst þetta leiðinlegt og mér líka. Ég veit bara ekki hvað ég á að gera því þetta er alveg gott en ég bara kemst ekki alla leið, er til einhver ákveðin tækni sem virkar fyrir alla eða eigum við bara að sleppa þessu?

...

**SVAR** Mér hafa borist óvenju margar fyrirspurnir um munnmök undanfarið og þá sérstaklega um tott. Það er kannski ekki skrítíð í ljósi þess hvernig munnmök eru stunduð í klámi og fólk svo reynir að leika slíkt eftir heima hjá sér. Eins og ég hef oft sagt er klám ekki leiðarvísir að kynlífi og ætti alls ekki að nota það sem slíkt. Í klámi virðist markmiðið vera að gleypa liminn eins og sá sem veiti mökin sé slanga sem gæti skotið sér úr kjálkalið. Þá las ég um daginn pistil sem gekk manna á milli á vefnum um að typpið væri eins og maísstöngull og ekki ætti að óttast að nota tennurnar og narta í það. Nú veit ég um þó nokkra limi sem hefðu engan áhuga á narti og óttast það jafnvel. Það er engin ein tækni sem á við um alla limi því við erum öll einstaklingar með mismunandi smekk og langanir. Hins vegar er hægt að vita

hvernig líffræði typpisins er og grunnverkferlar við örvun þess.

Næmasti staður limsins er fremsti hluti hans, þar sem kóngurinn er. Í munnmökum er ekki markmiðið að gleypa og kyngja heldur einmitt að nýta tvær frjálsar hendur og samhæfa hreyfingar þeirra við munn, slef og tungu. Svo er það einstaklingsbundið hvað hverjum þykir gott. Sumir vilja láta toga í punginn en aðrir vilja alls ekki láta snerta hann. Í munnmökum, sem og öðru í lífinu, er mikilvægt að tala saman um hvað þér þykir gott. Þú þarft að geta gefið leiðbeiningar, og tekið við þeim, svo að þetta verði sem ánægjulegast fyrir ykkur bæði. Að því sögðu þykir ekkert öllum munnmök vera heillandi eða frábær og það má alveg. Fólk fílar mismunandi hluti og það er algjörlega leyfilegt en þú þarft að láta kærustu þína vita og útskýra að þetta sé ekki spurning um tæknilega útfærslu. Kynlíf má líka bara vera gott þótt það leiði ekki til fullnægingar og á það vel við um tott því margar dómur óttast einmitt að fá upp í sig milljónir syndandi frumna svo þetta gæti verið lán í óláni fyrir ykkur bæði. Talið hreinskilnislega saman og þá komist þið að niðurstöðu um hvað hentar ykkur.

### KYNLÍF TAKTU ÞÁTT

Sendu Sigu Dögg póst segðu henni frá vandan úr bólinu. Lausnin gæti birst í Fréttablaðinu.

kynlif@frettabladid.is



## Servíettur, dúkar, kerti og kertastjakar



Tilboð  
**1.190 kr.**  
~~1.937~~

**Borðdúkur** - 40x2400 cm, verð **1.190 kr.**

**Kerti** - 12 cm, verð frá **369 kr.**

**Kertavasi** - egglega, verð frá **890 kr.**

**Servíettur** - 40x40, 3ja laga, verð frá **199 kr.**

**REKSTRARLAND**

Rekstrarland | Skeifunni 11 | 108 Reykjavík | Sími 515 1100

[www.rekstrarland.is](http://www.rekstrarland.is)



**LÍKAMINN OF HEITUR** Óholt að æfa of seint á kvöldin.

NORDICPHOTOS/GETTY

## Óholt að æfa á kvöldin

Samkvæmt rannsóknum skemmirðu nætursvefninn með því að æfa of seint.

Fólk sem æfir seint á kvöldin sefur verr á nóttunni. Þetta kemur fram í dagblaðinu Huffington Post sem vísar í rannsóknir stofnunarinnar Sleep to Live. Ástæðan fyrir þessu er að líkamshitinn hækkar meðan á æfingu stendur og þarf líkaminn að kæla sig niður á kvöldin fyrir nóttina til að ná sem bestri hvíld. „Það að stunda

líkamsrækt gerir það að verkum að maður á erfiðara með að sofna vegna þess að líkaminn er of heitur,” segir dr. Robert Oexman hjá stofnuninni og bætur við að best sé að æfa um fjórum tímum áður en lagst sé til hvílu. Henti það ekki er gott að enda sturtuna eftir æfingu á kaldri gusu til að kæla líkamann.

TOSHIBA acer ASUS Apple

# FARTÖLVURÝMING VERÐFALL Á 50 GERÐUM



ASUS S200E-CT158H

**109.990**

Fullt verð 129.990



ASU-X401AWX350H

**79.990**

Fullt verð 99.990



ASU-UX31AR4004H

**239.990**

Fullt verð 279.990

## AÐEINS NOKKRIR DAGAR!



TOS-L83013G

**89.990**

Fullt verð 119.990



TOS-U940104

**109.990**

Fullt verð 129.990



TOS-U920T109

**179.990**

Fullt verð 219.990

**TAKMARKAÐ MAGN!**  
SÝNINGAREINTÖK, YFIRFARNAR  
OG UMBÚÐARLAUSAR  
Á GEGGJUÐU VERÐI!

**OPIÐ  
10-18**

ALLT  
ÚRVALIÐ  
Á TL.IS

tl.is

**TÖLVU  
LISTINN**



REYKJAVÍK  
SUÐURLANDSBRÁUT 26  
Sími 414 1700

AKUREYRI  
GLERÁRGÖTU 30  
Sími 414 1730

EGILSSTAÐIR  
KAUPVANGI 6  
Sími 414 1735

KEFLAVÍK  
HAFNARGÖTU 90  
Sími 414 1740

SELFOS  
AUSTURVEGI 34  
Sími 414 1745

HAFNARFJÖRÐUR  
REYKJAVÍKURVEGI 66  
Sími 414 1750



DEEP PURPLE Frá vinstri: Steve Morse, Ian Paice, Ian Gillan, Roger Glover og Don Airey úr rokk sveitinni Deep Purple.

NORDICPHOTOS/GETTY

# Svefnleysi og algjör klikkun á Íslandi

Enska rokkhljómsveitin Deep Purple er á leiðinni hingað í fjórða sinn. Söngvarinn Ian Gillan ræddi við Fréttablaðið um Ísland, Vincent Price og látinn vin.

Deep Purple stígur á svið í Nýju Laugardalshöllinni 12. júlí. Þetta verður í fjórða sinn sem þessi heimsfræga enska rokkhljómsveit kemur til Íslands. Fyrst spilaði hún árið 1971 í Laugardalshöllinni og svo aftur 2004 og 2007, bæði skiptin í Höllinni. Samanlagt hefur sveitin selt um þrjátíu þúsund miða hér á landi, sem mun vera met í miðasölu hérlendis þegar um erlendis sveit er að ræða. Árið 2007 hélt Deep Purple tvö tónleika í Höllinni og seldist upp á þá á örskömmum tíma.

„Bandið hefur verið í smá fríi núna þannig að við erum stúf fullir af orku og með nýja plötu í farteskinu. Já, við hlökkum mikið til,“ segir söngvarinn Ian Gillan. „Ég man fyrst þegar við komum til Íslands. Við sváfum ekki neitt, það var algjör klikkun. Þetta var eitt stórt partí. Ég hef aldrei vitað til

þess að partí endist svo lengi, það var ótrúlegt.“

## Fyrsta platan í sjö ár

Nýja platan, Now What?!, er sú nítjándá úr herbúðum Deep Purple og sú fyrsta í sjö ár. „Við ætluðum ekkert að gera plötu strax því það var svo gaman hjá okkur á tónleikaferðalögum. En í Kanada í febrúar í fyrra hittum við upptökustjórn okkar Bob Ezrin og hann hvatti okkur til dáða. Málið er að Deep Purple er eiginlega „instrumental“ hljómsveit. Vissulega er ég söngvarinn en öll lögin okkar verða til þegar við djömmum saman. Ekkert er samið eftir að hljómsveitin kemur í hljóðver. Hann benti okkur á þetta og sagði okkur að hafa ekki áhyggjur af því að semja þriggja eða fjögurra mínútna lög, heldur leyfa tónlistinni að þróast áfram á eðlilegan hátt,“ segir Gillan. „Við fórum í hljóðver og þá hjálpuðu okkur öll þessi ár á milli hljómplatna. Við náum allir mjög vel saman og okkur gekk vel að semja strax frá byrjun.“

## Tileinkuð minningu Jons Lord

Now What?! er tileinkuð stofnmeðlimi Deep Purple, hammondleikaranum Jon Lord, sem lést í fyrra úr krabbameini á meðan á upptökunum stóð. „Við bjuggumst við þessu en það var samt mikið áfall þegar það gerðist. Ég man að þögn sló á hljóðverið í einhvern tíma en eftir það fórum við að segja myndar sögur af Jon,“ segir Gillan. „Þetta var svipað og þegar pabbi minn dó. Líkaminn var farið í burtu en skyndilega var ég uppfullur af andanum. Við fundum fyrir mikilli nærveru Jon í herberginu, sem var magnað. Á þessum tíma samdi ég setninguna „Souls having touched are forever entwined“ [Sálir sem hafa snerst eru samtvinnaðar að eilífu]. Ég las hana í jarðarförinni hans [Lords] en setti hana svo í lag sem var nánast tilbúð sem heitir Above and Beyond. Ég vissi að lagið væri um aðskilnað og þegar ég setti þessi orð um Jon inn þösuðu þau mjög vel. Þetta var í raun Jon að syngja fyrir okkur. Andi hans sveimaði yfir okkur við gerð plötunnar og að sjálfsgöðu er hún tileinkuð minningu Jons Lord.“

## Heitir eftir Vincent Price

Lokalag plötunnar heitir Vincent Price og er nefnt eftir hryllingsmyndaleikaranum sáluga. „Við þekktum hann allir og unnum með honum á einhverjum tímamökum. Við gáfum þessu lagi vinnutílinn Vincent Price því þegar við vorum að djamma hljómaði það eins og tónlist í hryllingsmynd. Þetta virtist góður titill.“

## Sjúkrabörunar aldrei fjarri

Gillan verður 68 ára gamall í ágúst og ljóst að meðlimir Deep Purple eru ekkert að yngjast með árunum. Aðspurður um formið á þeim félögum segir hann: „Af og til heyrir ég eitthvað detta á gangstéttinni fyrir aftan mig og ég tek eftir því að eitthvað nýtt hefur hrúnið af mér. En nei, nei, þetta er allt í lagi, sjúkrabörunar og sjúkrabíllinn eru aldrei langt undan,“ segir hann og hlær.

## Rokk og ról í fjórum hlutum

Hvernig tónleikum mega Íslendingar búast við í Nýju Laugardalshöllinni 12. júlí? „Þrátt fyrir að tónleikarnir séu alltaf ferskir vegna þess að við spilum af fingrum fram verðum við núna enn ferskari með þrjú til fimm lög af nýju plötunni. Annars er alltaf sama uppbyggingin hjá okkur sem breytist aldrei. Tónleikarnir skiptast í fjóra hluta. Fyrst spilum við vel þekkt lög eins og Smoke on the Water, Black Night og Strange Kind of Woman. Svo spilum við minna þekkt lög sem voru aldrei spiluð í útvarpi en okkur finnst gaman að spila eins og Maybe I'm a Leo, Mary Long og No One Came. Þriðji hlutinn er með nýju efni og í þeim fjórða og síðasta spilum við af fingrum fram þar sem þú veist aldrei við hverju þú átt að búast. Þetta verður bara mjög gaman,“ segir Gillan.



## Helstu ártöl í sögu Deep Purple

- 1968 Stofnuð í Hertford á Englandi.
- 1970 Fjórða platan, Deep Purple In Rock með laginu Child in Time, slær í gegn.
- 1972 Hið vinsæla lag Smoke on the Water kemur út á plötunni Machine Head.
- 1976 Deep Purple hættir störfum.
- 1984 Hljómsveitin byrjar aftur og gefur út plötuna Perfect Strangers.
- 1989 Ian Gillan er rekinn og Joe Lynn Turner ráðinn í hans stað.
- 1992 Ian Gillan snýr aftur.
- 2013 Gefur út sína nítjándu plötu, Now What?!



FJÓRÐA PLATAN Deep Purple in Rock kom út 1970 með laginu Child in Time.

**VILD**  
er snilld

Byrjaðu strax að spara. Skráðu kortin ykkar núna á [www.stod2.is/vild](http://www.stod2.is/vild)

## ENN MEIRA FYRIR ÁSKRIFENDUR

**Rizzo Pizzeria**

**25% AFSLÁTTUR**

25% afsláttur af matseðli hjá Rizzo Pizzeria.

**Olís** **OB**

**-7 KR. AFSLÁTTUR**

Sækja þarf um Olís greiðslulykil til að fá afslátt

# DEBENHAMS

## SUMIAR *sprengrja*

# 25%

AFSL.

AF ÖLLUM VÖRUM

NEMA **20%AFSL.**  
AF SNYRTIVÖRUM

**GILDIR ÚT MÁNUDAG**  
OPIÐ Í DAG FRÁ 11:00 - 21:00



Finndu okkur á facebook

Gerðu  
lífið  
skemmtilegra

DEBENHAMS SMÁRALIND  
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

# Allir stoltir af Angelinu Jolie

Brad Pitt og móðir hans Jane Pitt eru mjög ánægð með ákvörðun Jolie.

Unnusti Angelinu Jolie, leikarinn Brad Pitt, gaf í gær frá sér yfirlýsingu þess efnis að hann væri mjög stoltur af Jolie og kallaði hana mikla hetju. Jolie lét fjarlægja bæði brjóst sín í byrjun árs til að fyrirbyggja brjóstakrabbamein og mun Pitt hafa staðið eins og klettur við hlið Jolie gegnum allt ferlið. „Allt sem ég vill er að hún eigi langt líf með mér og börnunum. Þetta er gleði dagur fyrir fjölskylduna.“

Tengdamóðir Jolie, Jane Pitt, hefur einnig gefið frá sér yfirlýsingu þar sem hún segist mjög stolt af leikkonunni. „Við erum mjög stolt af Angie, þetta skiptir okkur miklu máli og er sérstaklega mikilvægt fyrir barnabörnin okkar,“ segir í yfirlýsingunni.

Tímaritið People greinir frá því að aðgerðir Jolie hafi gert það að verkum að hún og Pitt vilji flýta brúðkaupsáformum sínum sem átti að fara fram seinsumars. Hvorugt þeirra hefur þó viljað tjá sig um þau mál.

**ÁNÆGD MEÐ ÁKVÖRDUNINA** Brad Pitt og móðir hans, Jane Pitt, hafa bæði gefið út yfirlýsingar þess efnis að þau eru mjög stolt af Angelinu Jolie sem fór í brjóstnám í byrjun árs til að fyrirbyggja brjóstakrabbamein.

NORDICPHOTOS/GETTY



## Voru nærri súpergrúppu



JIMI HENDRIX



MILES DAVIS



PAUL MCCARTNEY

Tónlistargoðsagnirnar Paul McCartney, Jimi Hendrix og Miles Davis komust glettilega nærri því að spila saman allir þrír, og mynda þannig svokallaða súpergrúppu, árið 1969.

Hendrix og Davis höfðu í hyggju að taka upp plötu saman og sendu símskeyti til þáverandi Bítilsins til að biðja hann um að spila á bassa á plötunni. McCartney fékk aldrei símskeytið þar sem hann var staddur í fríi í Skotlandi og ekkert varð því úr upptökunum, sem hefðu að sönnu orðið áhugaverðar fyrir poppræðinga framtíðarinnar. Hendrix lést svo ári síðar.



**MÍÐUR SÍN** Beyoncé var miður sín yfir að þurfa að fresta tónleikunum í Belgíu í byrjun vikunnar. NORDICPHOTOS/GETTY

## Baðst af-sökunar

Beyoncé er miður sín yfir því að hafa þurft að fresta tónleikum sínum í Antwerpen í byrjun vikunnar. Hún handskrifaði afsökunarbeiðni til vonsvikinna aðdáenda sinna, en hún kveðst aldrei hafa þurft að fresta tónleikum áður á ferlinum. „Það var mjög erfitt fyrir mig að taka þessa ákvörðun. Takk fyrir allar kveðjur. Mér líður miklu betur og er tilbúin að fara aftur á svið.“ Það voru lækningar sem ráðlögðu Beyoncé að slaka á og fresta tónleikum vegna vökvaskorts og þreytu, en Beyoncé er á miklum heimstúr um þessar mundir. Einnig hafa verið uppi sögusagnir um að söngkonan sé ólétt að sínu öðru barni en þær flökkusögur hafa ekki verið staðfestar.

## Hlýrabolir á stuðlagaballi

Stuðlagaball verður haldið á Spot í Kópavogi á föstudagskvöld. „Þetta verður stórkostlegt. Þetta byrjaði sem grín hjá mér og Audda [Auðuni Blöndal, útvarpsmanni á FM957]. Við vorum að spila stuðlög í þættinum hans með Scooter og Basshunter og þá fattaði ég hversu marga aðáendur svona tónlistarmenn eiga á klakanum,“ segir Egill Einarsson, sem skipuleggur kvöldið.

Þeir sem mæta í hlýrabol borga 1.500 krónur inn en aðrir 2.000 krónur. „Ég hef haldið ball áður en ég varð að gera það því þjóðin kallaði á þetta.“

**EGILL EINARSSON** Skipuleggur stuðlagaball á Spot í Kópavogi.



## Flottur úr Völunum

*Dala-Brie er kominn í nýjar umbúðir og er enn jafngóður á bragðið. Ljúfur og mildur hvítmygluostur sem hentar við öll tækifæri.*







**JENNIFER ANISTON** Leikkonan úr Friends þykir heitari en Raquel Welch og Marilyn Monroe.

## Aniston valin kynþokkafyllst

Jennifer Aniston er kynþokkafyllsta kona allra tíma, ef marka má bandaríska tímaritið Men's Health. Á lista tímaritsins er Aniston talin kynþokkafyllri en margar af frægustu og vinsælustu leikkonum sögunnar eins og Raquel Welch, Marilyn Monroe og Angelina Jolie. Sú síðastnefnda keppti einmitt við Aniston um ást og athygli leikarans Brads Pitt svo eftir var tekið um allan heim fyrir nokkrum árum.

Þegar Aniston sjálf, sem er 42 ára gömul, var spurð hverja hún teldi kynþokkafyllstu konu allra tíma nefndi hún tvær til sögunnar, frönsku leikkonuna Brigitte Bardot og bandaríska feministann Glóriu Steinem.

## R. Kelly semur kántrilög

R&B-tónlistarmaðurinn R. Kelly hefur samið mikið af kántrilögum að undanfögnu. Þessu greindi söngvarinn frá í viðtali við Vibe.

Kelly, sem sendi frá sér sína elleftu plötu, Write Me Back, á síðasta ári, útskýrði í viðtalinu að þetta flakk á milli tónlistartegunda væri tilraun til að sýna almenningi fram á að hæfileikar hans væru ekki einungis á sviði „kynferðislegra“ laga. „Ég er ánægður með að hafa fengið gjöf sem leyfir mér að skipta á milli akreina,“ sagði söngvarinn.



**R. KELLY** Vill sýna fram á að hæfileikar hans liggja víða.

## MIKIÐ ÚRVAL

... af notuðum fötum ...

Fatabúð Hjalpræðishersins  
Garðastræti 6, Reykjavík



Nytjamarkaður  
á Eyjarslóð 7 út á Granda

Opið alla virka daga  
kl. 13.00 – 18.00

# Ásgeir hitar upp fyrir Monsters

Ásgeir Trausti hitar upp fyrir Of Monsters and Men í tónleikaferð um Evrópu.

Ásgeir Trausti hitar upp fyrir Of Monsters and Men á tónleikaferð hlóm-sveitarinnar um Evrópu í sumar. Um er að ræða níu tónleika í París, Bretlandi, Danmörku, Þýskalandi og Belgíu.

Ásgeir verður meira og minna á ferð og flugi um Evrópu í sumar. Auk þess að hita upp fyrir Of Monsters and Men kemur hann fram á hátíðunum Hróarskeldu og Wonderfestivall í Danmörku, Pohoda í Slóvakíu, G! Festival í Færeyjum og Haldern Pop Festival í Þýskalandi. Hér heima fá gestir Bræðslunnar, Keflavík Music Festival og Þjóðhátíðar í Eyjum

að njóta tóna þessa unga tónlistarmanns.

Ásgeir Trausti er núna staddur á tónleikaferðalagi um Bretland þar sem hann hitar upp fyrir John Grant á tíu tónleikum. Í gær spiluðu þeir í Manchester og í kvöld verða þeir á tónleikastaðnum Shepherds Bush Empire í London. Ásgeiri hefur verið vel tekið í Bretlandi og fengið góða dóma hjá þarlandum vefmiðlum.

Platan Dýrð í dauðapögn kemur út á ensku í haust erlendis. Tónleikaferð verður farin til að fylgja henni eftir og hafa þrennir tónleikar í Danmörku verið staðfestir í október.

**UPPHITUN** Ásgeir Trausti hitar upp fyrir Of Monsters and Men í Evrópu.





**RAUÐUR DREGILL** Tröppurnar að aðalkvikmyndahúsinu í Cannes eru lagðar rauðum dregli.



**GOTT TEYMI** Leonardo DiCaprio og leikstjórinn Baz Luhrman mættu saman en mynd þeirra The Great Gatsby er opunarmynd hátíðarinnar.



**FLOTT** Leikkonan Carey Mulligan brosti til ljósmyndara í Cannes.

# Rauða dreglinum rúllað út í Cannes

Í gær var rauða dreglinum rúllað út í Cannes er kvikmynda-hátíðin góða var sett í 66. sinn. Fræga fólkið streymir til strandbæjarins í Suður-Frakklandi sem verður undirlagður næstu tíu dagana af frumsýningum og öðrum veisluhöldum tengdum hátíðinni. Leikstjórinn Steven Spielberg er formaður dómnefndar í ár en þar situr einnig leikkonan Nicole Kidman. Stórmyndin The Great Gatsby er opunarmyndin. Þá keppir íslenska myndin Hvalfjörður eftir Guðmund Arnar Guðmundsson í flokki stuttmynda á hátíðinni.

**FRÖNSK** Leikkonan Audrey Tautou stillir sér upp við ströndina en hún leikur aðalhlutverk í myndinni Mood Indigo sem er frumsýnd á hátíðinni.

NORDICPHOTOS/GETTY



**DÓMNEFNDIN** Lynne Ramsey, Ang Lee, Steven Spielberg, Nicole Kidman, Daniel Auteuil, Vidya Balan, Christoph Waltz, Naomi Kawase og Cristian Mungiu stilla sér upp fyrir ljósmyndara í upphafi hátíðarinnar.

## NÝR FORD FIESTA VILT'ANN SJÁLFSKIPTAN? SJÁLFSAGT MÁL!

**FORD FIESTA**  
BEINSKIPTUR FRÁ  
**2.390.000 KR.**

SJÁLFSKIPTUR FRÁ  
**3.090.000 KR.**

**KOMDU OG PRÓFAÐU  
MEST SELDA SMÁBÍL Í HEIMI**



[ford.is](http://ford.is)



Brimborg Reykjavík    Brimborg Akureyri  
Bíldshöfða 6    Tryggvabraut 5  
Sími 515 7000    Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar; Söluveildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16  
Aukin þjónusta Bíldshöfða frá: Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16



# TWISTER

Brakandi,  
seiðandi,  
tælandi, eggjandi,  
töfrandi, fagnandi, **Stökkur,**  
sætur, mjúkur,  
nýr, ferskur, sterkur,  
yndislegur, frábær og skemmtilegur!  
unaðslegur,

**799**  
kr.



Tortilla • rifinn ostur  
majónes • iceberg  
muldar **Doritos** flögur • **Zinger** lundir  
salsasósa • ristaður í grilli

**svooogott**<sup>TM</sup>

FAXAFENI • GRAFARHOLTÍ • SUNDAGÖRÐUM  
HAFNARFIRÐI • KÓPAVOGI • MOSFELLSBÆ  
REYKJANESBÆ • SELFOSSI **WWW.KFC.IS**

**mid.is** Miðasala og nánari upplýsingar

**LAUGARÁS BÍÓ** www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075

**POWERSÝNING KL. 10.40**

**INTO DARKNESS** 12

**MAMA** 12

**IRON MAN 3** 12

**Latabæ í bíó!**

**OBLIVION** 12

LAUGARÁSÍÓ	Sýningartímar
STAR TREK 3D	5.20, 8, 10.40(P)
MAMA	8, 10.10
IRON MAN 3 3D	8, 10.40
LATIBÆR	6
OBLIVION	5.30

**SAMBÍÓIN** KVÍKMYNDAÚRVALIÐ ER Í SAMBÍÓUNUM

**SAMBÍÓIN** Á TOPPNUM Í 30 ÁR KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Á **SAMBÍÓ.IN**

**GATSBY** "STÓRFENLEG" "ALDEILS RÚSSÍBÁVI, ÞESSI MYND, SÍÐU HANNA!" "FRÁBÆR" "EXHILARATING"

**INTO DARKNESS** "STÓRFENLEG" "ALDEILS RÚSSÍBÁVI, ÞESSI MYND, SÍÐU HANNA!"

**IRON MAN 3** "STÓRFENLEG" "ALDEILS RÚSSÍBÁVI, ÞESSI MYND, SÍÐU HANNA!"

**THE PLACE BEYOND THE PINES** "STÓRFENLEG" "ALDEILS RÚSSÍBÁVI, ÞESSI MYND, SÍÐU HANNA!"

**AVENGERS** "STÓRFENLEG" "ALDEILS RÚSSÍBÁVI, ÞESSI MYND, SÍÐU HANNA!"

**THE GREAT GATSBY** "STÓRFENLEG" "ALDEILS RÚSSÍBÁVI, ÞESSI MYND, SÍÐU HANNA!"

**STAR TREK INTO DARKNESS** "STÓRFENLEG" "ALDEILS RÚSSÍBÁVI, ÞESSI MYND, SÍÐU HANNA!"

**IRON MAN 3** "STÓRFENLEG" "ALDEILS RÚSSÍBÁVI, ÞESSI MYND, SÍÐU HANNA!"

**PLACE BEYOND THE PINES** "STÓRFENLEG" "ALDEILS RÚSSÍBÁVI, ÞESSI MYND, SÍÐU HANNA!"

**OLYMPUS HAS FALLEN** "STÓRFENLEG" "ALDEILS RÚSSÍBÁVI, ÞESSI MYND, SÍÐU HANNA!"

**BURT WONDERSTONE** "STÓRFENLEG" "ALDEILS RÚSSÍBÁVI, ÞESSI MYND, SÍÐU HANNA!"

**STAR TREK INTO DARKNESS** "STÓRFENLEG" "ALDEILS RÚSSÍBÁVI, ÞESSI MYND, SÍÐU HANNA!"

**PLACE BEYOND THE PINES** "STÓRFENLEG" "ALDEILS RÚSSÍBÁVI, ÞESSI MYND, SÍÐU HANNA!"

**IRON MAN 3** "STÓRFENLEG" "ALDEILS RÚSSÍBÁVI, ÞESSI MYND, SÍÐU HANNA!"

**TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMBÍÓ.IN**

SMÁRABÍÓ	GLERAUGI SELD SÉR	HÁSKÓLABÍÓ	NÁNAR Á MIÐLIS
STAR TREK	KL. 5 - 8 - 10.45	THE GREAT GATSBY FORSÝNING	KL. 9
STAR TREK LÚXUS	KL. 5 - 10.45	PLACE BEYOND THE PINES	KL. 6 - 9
NUMBERS STATION	KL. 8	THE NUMBERS STATION	KL. 5.50
MAMA	KL. 8 - 10.15	EVIL DEAD KL. 10.10	18 / FALSKUR FUGL KL. 6 - 8
EVIL DEAD	KL. 8 - 10.10	THE CALL	KL. 5.45 - 8 - 10.15
LATIBÆR	KL. 4		
SCARY MOVIE	KL. 6		
OBLIVION	KL. 10.10		
THE CROODS 3D ÍSL.TAL	KL. 3.30 - 5.45		
THE CROODS 2D ÍSL.TAL	KL. 3.30 - 5.45		

# Fegurð

**BAKPANKAR** Bergs Ebba Benediktssonar



ÉG ætla að fjalla um fegurð í þessum stutta pistli. Þar sem umfjöllunarefnið er víðfeðmt mun ég takmarka mig við fegurð fótboltamarka. Ég er ekki að tala um mörkin sjálf heldur framkvæmdina að skora mark. Þannig er mál með vexti að fótboltamörk eru metin eftir fegurð. Vikulega eru tekin saman myndsköpunir þar sem falglegustu mörkin í hverri deild eru metin. Til að gæta allrar sanngirni er yfirleitt talað um „flottustu“ mörkin í slíku samhengi en vissulega búa hefðbundin sjónarmið fagurfræði þar að baki.

**ÞAÐ** gilda ákveðnar reglur um hið dæmigerða fallega fótboltamark. Mörk sem skorud eru af löngu færi eru yfirleitt talin fallegri en þau sem skorud eru af stuttu færi. Þá er talið fegurra ef boltinn fer yfir marklínuna sem næst slá eða stöng og helst bæði, þ.e. upp við samskeytin. Ef boltinn fer í slá eða stöng og inn er það yfirleitt talið til fegurðarauka. Þá ber að nefna að það er talið sérlega fallegt ef boltinn er tekinn viðstöðulaust á lofti eða ef

marksotið er fyrsta snerting sóknarmannsins. Utan við þetta telst það einnig fegurðarmarki ef sóknarmaður fer einn síns liðs fram hjá nokkrum varnarmönnum og markverði og rennir boltanum í autt markið.

**MÖRK** geta þó verið falleg af öðrum orsökum. Skyndisóknir þar sem tveir til þrjú sóknarmenn hlaupa upp völinn og splundra vörn andstæðinganna með fáum en hröðum sendingum eru fallegar á að horfa. Þá geta skallamörk einnig verið falleg en þá spilar inn í hvernig markaskorarinn ber sig í loftinu. Stökk hans getur eitt og sér talist fallegt og stuðlað að fallegu marki jafnvel þótt boltinn fari yfir marklínuna fjarri slá eða stöng. Að lokum ber að nefna að frumleiki getur gert mörk falleg. Hælsþyrnur, hvort sem um er að ræða stoðsendingar eða markskot, stuðla að fegurð og það þarf vart að taka það fram að hvers konar klippur, svo ekki sé minnst á hjólhestasþyrnur, teljast yfirleitt til fegurstu markskota.

**EINS** og ráða má af þessu er fegurðarmat háð reglum, eins og flest annað, og ekki alfarið byggt á persónulegum smekk.

# Vill búa til brúðumyndbönd

Ronald Binian vill taka upp erlend tónlistarmyndbönd með brúðum á Íslandi.

Bandaríkjamaðurinn Ronald Binian, sem starfar hjá Latabæ, tók nýverið upp prufutónlistarmyndband með brúðu sem hann bjó til. Hann hefur í hyggju að gera stærra tónlistarmyndband með brúðum og vill í leiðinni vekja upp áhuga hjá erlendum hljómsveitum á að taka hér upp tónlistarmyndbönd.

„Mig langar að hvetja hljómsveitir til að taka upp myndbönd á Íslandi og gera öðruvísi hluti í þeim, til dæmis með því að nota brúður,“ segir Binian. „Landslagið á Íslandi er svakalega fallegt en ég held að fólk vilji sjá meira en það,

til dæmis einhverjar persónur. Ég hef séð myndbönd þar sem tónlistarmennirnir standa úti í náttúrunni. Það er mjög fallegt en kannski er gaman að hafa einhverja sögu líka og gera eitthvað öðruvísi. Þess vegna erum við að nota brúður og við viljum sýna framleiðendum hvað er mögulega hægt að gera á Íslandi,“ segir hann.

Prufumyndbandið, sem hann gerði í samstarfi við fyrrverandi eiginkonu sína Carol Binian, verður sýnt í miðstöð brúðulistar í Atlantía í Georgíu, Centre for Puppetry Arts, á næstunni og vonast hann til að það fái þar mikla athygli.




**UPPTÖKUR** Ronald Binian ásamt fyrrverandi eiginkonu sinni, Carol Binian, við tölur á myndbandinu við Lágafell. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Chris Rock á plötu Eminem?

Gamanleikarinn Chris Rock hefur gefið til kynna að svo gæti verið að honum bregði fyrir á nýrri stúdíóplötu Eminem, sem rapparinn er kominn vel á leið með að klára.

Grínarinn birtir í vikunni ljósmynd af sér og Eminem saman í hljóðveri. „Ég má ekkert segja um þetta,“ sagði hann í viðtali við Fuse. „Ég var með á plötunni hans Kanye West, kannski verð ég á Eminem-plötunni,“ bætti hann við, en Rock var í gestahlutverki í laginu Blame Game á hinni margrómuðu plötu Kanye West, My Beautiful Dark Twisted Fantasy frá 2011.



**EMINEM OG CHRIS ROCK** Hljóðrituðu hugsanlega saman lag fyrir næstu plötu rapparans.



**EAZY-E** Kemur fram með Bone Thugs-n-Harmony á Rock the Bells-hátíðinni sem heilmýnd.

# Heilmýndir af Eazy-E og ODB troða upp

Rapparnir sáluðu Eazy-E og Ol' Dirty Bastard (ODB) munu troða upp sem endurskaðar heilmýndir á hinni árlegu Rock the Bells-hipphopp hátíð í Kaliforníu í haust.

Eazy-E lést árið 1995 og Ol' Dirty Bastard árið 2004. Samkvæmt skipuleggjendum hátíðarinnar mun heilmýnd Ol' Dirty Bastard koma fram ásamt eftirlifandi meðlimum hljómsveitar sinnar Wu Tang Clan, en heilmýnd Eazy-E troða upp með sveitinni Bone Thugs-n-Harmony.

Heilmýnd af rapparanum Tupac Shakur, sem var skotinn til bana árið 1996, vakti mikla lukku á Coachella-tónleikahátíðinni í Kaliforníu á síðasta ári.

# Bannaði Jenner að mæta

Anna Wintour, ritstjóri bandaríska Vogue, stjórnar gestalistanum á Met-ballinu sem fór fram í New York í síðustu viku. Í fyrra bannaði hún raunveruleikastjórnum Kim Kardashian að mæta en gaf henni leyfi til að koma í ár þar sem Wintour er mikill aðdáandi kærasta Kardashian, Kanye West. Eina raunveruleikastjarna fyrir rauða dregilinn var nóg að mati Wintour, sem lagði blátt bann við því að Kris Jenner, móðir Kardashian, kæmi, en Jenner sótti fast eftir boðskorti.



**STJÓRNADI** Anna Wintour stjórnadi gestalistanum á Met-ballinu. NORDICPHOTOS/GETTY

**BÍÓ PARADÍS** EUROPA CINEMAS

IN MEMORIAM?	(L)	20:30
HANNAH ARENDT	(12)	17:50
THE HUNT (JAGTEN)	(12)	22:20
ON THE ROAD	(L)	20:00
DÁVALDURINN	(16)	22:00
HOW TO SURVIVE A PLAGUE	(L)	18:00
ST. SIG: STRIGI OG FLAUEL	(L)	20:00
FOR YOU NAKED	(L)	22:00

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVÍKMYNDA MIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas

**BÍÓ PARADÍS KLÚBBURINN:** bioparadis.is/klubburinn

NEMAR, ÖRYRKJAR, ELÐRI BORGARAR: 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKIRTEINIS!

**ALL ROADS LEAD TO THIS**



# FAST & FURIOUS

## 6

FRUMSÝND  
22.MAÍ



**FORSÝND UM HELGINA**



FORSALA HAFIN Á **midi.is** OG **SAMbio.is**



## Stelpubúðir í Keflavík á laugardaginn

Helena Sverrisdóttir og félagar hennar í íslenska kvendagsliðinu í körfubolta ætla ásamt KKÍ að halda stelpubúðir í Keflavík á laugardaginn en þá er öllum körfuboltastelpum, 10 ára og eldri, boðið að koma á æfingu sem verður skipulögð og stjórnad af leikmönnum og þjálfurum landsliðsins. Æfingin mun taka um tvo tíma og eftir hana fá stelpurnar bæði pitsuveislu í boði Dominos og svo tækifæri til að fylgjast með æfingu A-landsliðsins. Eftir þá æfingu munu landsliðsstelpurnar síðan vera til taks til að svara spurningum en kvendagsliðið er á leiðinni á Smáþjóðaleikina í Lúxemborg. Æfingin hefst klukkan 10.00 en skráning fer fram á [kkk@kki.is](mailto:kkk@kki.is) og í síma 514-4100.



## Golfvertíðin hefst um helgina

**GOLF** í vikunni var undirritað samkomulag á milli Golfsambands Íslands og Íslandsbanka um barna- og unglíngastarf sambandsins í sumar. Barna- og unglíngamótaráðir sumarsins munu því bera nafn Íslandsbanka en fyrstu mótin fara fram um helgina, bæði í aðal- og mótaröðinni og áskorendamótaröðinni.

Mikill uppgangur hefur verið í golfþróttinni á meðal barna og unglíngna hér á landi og komast aðeins 144 bestu kylfingar landsins í aðalmótaröðina. Þar er skipt í karla- og kvennaflokk, sem og þrjá aldersflokka. Meðal þeirra fjölmörgu ungu og efnilegu kylfinga sem Ísland á er Saga Traustadóttir (á mynd), 15 ára kylfingur úr GR. Hún var viðstödd undirritun samstarfsins ásamt Herði Þorsteinssyni frá GSÍ og Hólmfríði Einarsdóttur frá Íslandsbanka.

Fyrsta mótið í aðalmótaröðinni fer fram í Þorlákshöfn um helgina en alls fara fram sjö mót í sumar, það síðasta í byrjun septembermánaðar. Keppt verður í áskorendamótaröðinni á Húsatóftarvelli í Grindavík á morgun.



**BORGARSLAGUR** Úr leik Vals og Fram í Pepsi-deildinni í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

## Grannaslagir í bikarnum

**FÓTBOLTI** Dregið var í 32-liða úrslit Borgunarbikarkeppni karla í gær en liðin tólf úr Pepsi-deild karla voru þá í fyrsta sinn í hattinum. Alls verða þrjú innbyrðislagir á meðal liðanna í efstu deild, þar af mætast Reykjavíkurstórveldin Fram og Valur.

Þá munu einnig eigast við grannliðin og erkifjendurnir í Kópavogi, HK og Breiðablik. Staða liðanna er þó ólík í Íslandsmóttinu en Blikar þykja til alls líklegir í Pepsi-deildinni á meðan HK-ingar eru í 2. deild.

## 32 liða úrslitin

Próttur R. - ÍBV	Leiknir R. - Ármann
Magni - Próttur V.	Valur - Fram
Fylkir - Völsungur	Álftanes - Víkingur Ó.
FH - Keflavík	HK - Breiðablik
KV - Víkingur Reykjavík	Sindri - Ýmir
Hamar - Tindastóll	Gróttá - Höttur
ÍA - Selfoss	KR - Grindavík
Bí/Bolungarvík - Reynir S.	Pór - Stjarnan



**DAMIR MUMINOVIC** Serbinn skoraði á móti Stjörnunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Tíu þjóðir eiga mann í Víkingi

**FÓTBOLTI** Víkingar úr Ólafsvík hafa samið við spænska varnarmanninn Kiko Insa og króatíska varnarmanninn Mate Jujilo sem báðir verða löglegir fyrir leikinn á móti Keflavík í Pepsi-deildinni í kvöld. Framherjinn Arnar Már Björgvinsson er einnig kominn á láni frá Blikum.

Þetta þýðir að leikmenn af tíu þjóðernum eru nú í leikmannahópi Ólsara. Auk Íslendinga hafa spilað með liðinu tveir Bosníumenn, einn Pólvörji, einn Slóveni, einn Serbi, einn Letti og einn Tógómaður auk þess að Færeyingurinn Karl Lökin var á bekknum í báðum leikjunum.

- 66j

# Vildi gefa Kínverjunum séns

Guðmundur Stephensen gaf hvorki kost á sér í íslenska landsliðið á HM í París né Smáþjóðaleikana sem fram fara í lok mánaðar. Borðtenniskappinn þrítugi, sem varð á dögnum hollenskur meistari með liði sínu Taverzo, er ekki tilbúinn að fórna öllu sumarfrí sínu í landsliðsverkefni.

**BORÐTENNIS** „Ég vildi leyfa einhverjum Kínverja að taka þetta. Gefa þeim séns. Það má ekki alltaf jarða þá,“ segir Guðmundur hlæjandi um ástæðu þess að hann gaf ekki kost á sér í tvö verkefni íslenska landsliðsins í mánuðinum. Landsliðið lauk keppni á HM í París á mánudaginn en Smáþjóðaleikarnir fara fram í Lúxemborg í lok júní.

„Ég hefði viljað taka þátt í heimsmeistaramóttinu en það hentaði bara ekki,“ segir Guðmundur, sem starfar hjá tengdaforeldrum sínum í Rafvörumarkaðnum í Síðumúla. Hann segir enn jafnmerkilegt að spila með landsliðinu eftir öll þessi ár.

„Það er alltaf gaman að spila en ég hef klárlega gert minna af því undanfarin ár. Þegar maður er alltaf að fara í svona landsliðsverkefni þarf maður stöðugt að fá frí frá vinnu,“ segir Guðmundur. Nóg sé að nota sumarfrisdaga til þess að fara utan og spila með félagsliði sínu í Hollandi.

„Það eru styttri ferðir svo ég þarf bara að nota einn sumarfrisdag í staðinn fyrir kannski tíu sem fara í landsliðsverkefni.“

### Reif sig úr treyjunni

Guðmundur varð hollenskur meistari með liði sínu Taverzo frá bænum Zoetermeer á dögnum. Titillinn var langþráður því Guðmundur og félagar höfðu hafnað í öðru sæti undanfarin tvö ár. Guðmundur reif sig bókstaflega úr treyju sinni þegar sigurinn var í höfn.

„Maður verður að sýna tilfinningar,“ segir Guðmundur hlæjandi og bætir við að um létt grín hafi verið að ræða í bland við sigurgleði. Tímabilið í Hollandi er tvískipt að því leyti að leikin er undankeppni og úrslitakeppni bæði fyrir júl og eftir júl. Deildarmeistarar eru krýndir bæði fyrir og eftir júl. Vinni sama liðið báðar deildarkeppnirnar er liðið krýndur hollenskur meistari en ef tvö



**AUGUN Á KÚLUNNI** Guðmundur í kunnuglegri stellingu í uppgjöf á Íslandsmóttinu í mars. Hann verður að óbreyttu á meðal áhorfenda á Íslandsmóttinu í TBR-húsinu að ári. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

lið verða deildarmeistarar mætast liðin í hreinum úrslitaleik að vori. Guðmundur og félagar töpuðu þeim úrslitaleik síðustu tvö tímabilin en í ár stóðu þeir uppi sem sigurvegarar bæði um jólin og nú í maí.

„Þetta er alveg fánæglegt kerfi,“ segir Guðmundur um fyrirkomulagið, sem er í flóknari kantinum eins og lesendur línanna hér að ofan hafa mögulega áttað sig á.

„Þetta er gert til að fá fleiri alvöru leiki yfir tímabilið. Aðal-leikirnir eru þessir úrslitaleikir og þælingin er ágæt. Þetta er samt afar ruglingslegt,“ segir Guðmundur. Hann bætir við að fyrirkomulaginu verði breytt í hefðbundnara form á næstu leiktíð.

Guðmundur spilar ekki alla leiki Taverzo. Hann þarf að spila þrjá

leiki í deildinni til að vera löglegur í úrslitakeppninni. Hann spilaði því aðeins fjóra leiki á vortímabilinu að meðtöldum úrslitaleikum í síðustu viku. Honum stendur til boða að spila með liðinu á næsta ári en hefur ekki gert upp hug sinn.

### Mætir ef einhver er með stæla

„Þælingin var að taka mér smá frí fyrir júl og fara að spila aftur eftir júl,“ segir Guðmundur og segist munu spila eitthvað erlendis. „Það er ekki eins og ég sé orðinn eitthvað eldgamall,“ segir íþróttamaðurinn, sem verður 31 árs í júní.

Guðmundur varð Íslandsmeistari í 20. skiptið í röð í mars og vann auk þess þrefalt í sextánda skipti. Hann varð fyrst Íslandsmeistari í

# 55

Íslandsmeistaratitla má finna í verðlaunaskáp Guðmundar. 20 í einliðaleik, 18 í tvíliðaleik og 17 í tvenndarleik.

karlaflokk aðeins ellefu ára gamall. Á dögnum kom fram að hann ætlaði að leyfa öðrum að vinna titilinn á næsta ári.

„Ég er hætta við það. Mig langaði bara í alla athyglina,“ grínast Guðmundur. Hann segir ákvörðun sína standa en segir þó hlæjandi: „Ég gæti samt alveg mætt ef einhver er með stæla.“ [kolbeinntumi@365.is](mailto:kolbeinntumi@365.is)



**MAÐUR KVÖLDSINS** Branislav Ivanovic skoraði sigurmarkið og hér er hann með bikarinn að ofan og uppi á slánni til hægr. MYND/NORDICPHOTOS/GETTY



## Chelsea aftur Evrópumeistari

**FÓTBOLTI** Branislav Ivanovic tryggði Chelsea sigur í Evrópudeildinni í gærkvöldi þegar hann skoraði sigurmarkið í úrslitaleiknum á móti Benfica þegar komið var fram í uppbótartíma. Chelsea vann leikinn 2-1 og hefur því orðið Evrópumeistari tvö ár í röð því liðið vann Meistaradeildina í fyrra.

Fernando Torres skoraði fyrsta mark leiksins á 60. mínútu en Óscar Cardozo jafnaði úr víti á 68. mínúta eftir að það var dæmdu hendi á César Azpilicueta. Juan Mata átti stöðsendinguna á Torres og hann lagði líka upp sigurmarkið á þriðju mínútu í uppbótartíma en Ivanovic skoraði þá með frábærum skalla. - 66j



# MAZDA CX-5

## SPARNEYTINN JEPPI

FJÓRHJÓLADRIFINN  
 1800 KG DRÁTTARGETA  
 BLUETOOTH  
 SNERTISKJÁR 21 CM VEGHÆÐ  
 BLINDPUNKTSAÐVÖRUN



SPARAÐU MEÐ  
**SKYACTIV**  
 NÝ TÆKNI FRÁ MAZDA

**MAZDA CX-5**  
 BEINSKIPTUR FRÁ 5.390.000 KR.  
 SJÁLFSKIPTUR FRÁ 5.690.000 KR.

Mazda CX-5 er framúrskarandi jeppi búinn byltingarkenndri SkyActiv spartækni Mazda. Ný og öflug vélalína, ný 6 þrepa sjálfskipting og nýr hástyrktarundirvagn gera nýju SkyActiv spartækni Mazda einstaka. Hún skapar fádæma sparneytni samanber nýju bensínvélina sem notar einungis 6,6 lítra með sjálfskiptingu.

Skynvætt fjórhjóladrif (4WD), blindpunktsaðvörun (RVM) og snjallhemlunarkerfi (SCBS) gera Mazda CX-5 öruggari. I-stop spartækni, Bluetooth símabúnaður, snertiskjár, mikið innanrými, 1800 kg dráttargeta, 21 cm veghæð og stórt farangursrými skapa þér frábært notagildi.

Komdu í reynsluakstur.

Nýir og notaðir bílar: Söludeild er opin alla virka daga frá kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 | mazda.is

Mazda CX-5 4WD 2,0i SkyActiv bensín. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 6,6 l/100 km. CO<sub>2</sub> losun 155 g/km. Beinskiptur, verð 5.390.000 kr. Sjálfskiptur, verð 5.690.000 kr.



Öruggur staður til að vera á



**HAUKUR PÁLL SIGURÐSSON** Búinn að skora í tveimur fyrstu leikjum Vals í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Breytir Valur hefðinni?

**FÓTBOLTI** Valsmenn eru með sex stig (fullt hús) í Pepsi-deild karla og það þrátt fyrir að hafa einir liða í deildinni ekki spilað heimaleik í fyrstu tveimur umferðunum.

Þetta er þriðja sumarið í röð þar sem Valsmenn eru með fullt hús á þessum tíma en í hin tvö skiptin hefur liðið ekki náð að fylgja þessum sigrum eftir og tapað leikjum sínum í 3. og 4. umferð. Nú er að sjá hvort Valsmenn nái að brjóttast út úr þessari hefð þegar þeir fá Framara í heimsókn á Vodafone-völlinn klukkan 19.15 í kvöld.

Valsmenn töpuðu 0-1 á heimavelli á móti Val í 3. umferð 2011 og 0-1 á útivelli á móti Breiðablik í 3. umferð 2012.

Þetta er í fyrsta sinn síðan 1995 sem Valsmenn fá ekki heimaleik í fyrstu tveimur umferðunum en mikill munur er á árangri liðsins nú miðað við fyrir átján árum. Þá var Valur með ekkert stig og markatöluna 2-10 eftir þessa tvo leiki en nú eru stigin sex og markatalan 5-2.

# Versta byrjun nýliða í 50 ár

Nýliðar Þórs og Víkings frá Ólafsvík eru enn stigalausir að loknum fyrstu tveimur umferðunum í Pepsi-deild karla en það er í fyrsta sinn síðan 1963 sem það gerist í efstu deild. Þriðja umferðin fer öll fram í kvöld.

**FÓTBOLTI** Að loknum fyrstu tveimur umferðunum í Pepsi-deild karla eru báðir nýliðar deildarinnar enn án stiga. Er það í fyrsta sinn sem það gerist í hálfri öld, eða síðan Keflavík var í sömu stöðu árið 1963. Keflvíkingar voru þá einu nýliðarnir í efstu deild það árið.

Þór frá Akureyri og Víkingur frá Ólafsvík komu bæði upp úr 1. deildinni í fyrra og óskuðu sér sjálfsagt betri byrjunar. Sér í lagi Ólsarar, sem eru nú í efstu deild í fyrsta sinn.

### Sungu enn þrátt fyrir tap

„Það er auðvitað stefna að vinna okkar fyrsta stig í leiknum gegn Keflavík á morgun [í kvöld]. Sérstaklega þar sem við erum að spila á heimavelli,“ sagði Guðmundur Steinn Hafsteinsson, fyrirliði Víkings.

„En við erum samt ekki farnir að örvænta enn og langt í frá. Fáir leikmenn okkar hafa spilað í efstu deild áður og við erum rólegir enn,“ segir hann og er ánægður með stuðninginn sem liðið hefur fengið. „Menn voru enn að kalla og syngja eftir síðasta leik þrátt fyrir tapið og okkur strákunum þótti vænt um það.“ Guðmundur Steinn segir líklegast að það hafi verið smá skrekkur í leikmönnum í fyrstu leikjum tímabilsins. „Við spilum alls ekki nógu vel í þessum leikjum, sérstaklega í upphafi leikjanna. Við getum enn bætt okkur á fjölmörgum sviðum.“

Ingi Freyr Hilmarsson, leikmaður Þórs, missir af leik liðsins gegn KR á morgun vegna meiðsla en hann segir engan bilbug á sínum mönnum.

### 8-0 tap í síðasta leik gegn KR

„Við spilum við FH og Breiðablik í fyrstu tveimur umferðunum og mætum KR-ingum núna. Þetta eru allt alvöru lið,“ segir Ingi Freyr en Þórsarar eiga þar að auki slæmar minningar frá leik liðsins gegn KR á undirbúningstímabilinu.



**ÓHRÆDDIR** Guðmundur Steinn og Ingi Freyr í leik með liðum sínum í upphafi tímabilsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI/VILHELM



„Þá töpuðum við 8-0,“ segir hann en Þór hefur fengið á sig sjö mörk í fyrstu tveimur leikjum tímabilsins. „Varnarlínan hefur vissulega verið viðkvæm en hún á eftir að spila sig betur saman. Þetta er auðvitað allt of mikið en þegar hún nær sér á strik þá getum við hugsanlega gert eitthvað í deildinni.“

Ingi Freyr tagnaði aftan í læri í leik liðsins gegn FH í síðustu umferð og fór af velli eftir aðeins fimm mínútur. „Ég verð frá í um þrjár vikur. Það er auðvitað svekkjandi að missa úr leiki en það verður að hafa það.“

Hann segir góða stemningu í herbúðum félagsins þrátt fyrir slæma byrjun. „Það er ekkert stress í okkur. Við erum með mikið breytt lið frá því að við vorum síðast í efstu deild og við ætlum okkur auðvitað að gera betur en í síðustu leikjum.“

Þess má geta að lið Keflavíkur, sem var einnig stigalaust eftir fyrstu tvær umferðir

## Fæst stiga nýliða í fyrstu tveimur umferðunum

Stig nýliða í efstu deild karla að loknum tveimur umferðum efstu deildar karla í knattspyrnu frá árinu 1963:

→ 0 stig	2013 (Þór Ak. 0 og Víkingur Ó. 0)
0 stig	1963 (Keflavík 0)
→ 1 stig	1994 (Breiðablik 0 og Stjarnan 1)
1 stig	1982 (Keflavík 0 og ÍBÍ 1)
1 stig	1976 (Breiðablik 1 og Próttur 0)
1 stig	1974 (Víkingur 1)
1 stig	1973 (IBA 1)
1 stig	1972 (Víkingur 1)

Íslandsmótsins fyrir hálfri öld, hélt sér samt í deildinni og gerði sér lítið fyrir og varð Íslandsmeistari næsta ár á eftir.



pepsi  
deildin

SPORT HD

PEPSI-DEILDIN HEFUR ALDREI VERIÐ STERKARI

## FH-ÍBV Í KVÖLD

Íslandsmeistarar FH taka á móti Hermann Hreiðarssyni og félagum í kvöld í Kaplakrika. Bæði liðin hafa byrjað mótið af krafti og ætla að vera með í toppbaráttunni í sumar. **Fylgstu með í leiftrandi háskerpu!**

FYLGSTU MEÐ Á STÖÐ 2 SPORT

SPORT HD

Í kvöld kl. 19:45 FH-ÍBV

SPORT HD

Í kvöld kl. 22:00 Pepsi-mörkin

SPORT HD





**OPIÐ LAUGARDAG**  
**LOKAÐ HVÍTASUNNUÐAG OG 2. Í HVÍTASUNNU**

## C&J STILLANLEGT heilsurúm með Shape dýnu

Stærð	Verð
2x80x200	kr. 375.800
2x90x200	kr. 399.800
2x90x210	kr. 405.800
2x100x200	kr. 423.800
120x200	kr. 230.900
140x200	kr. 257.900



STILLANLEG  
**HEILSURÚM**  
**ÓTRÚLEGT VERÐ**

- Inndraganlegur botn
- 2x450 kg lyftimótorar
- Mótor þarfnast ekki viðhalds
- Tvíhert stál í burðargrind
- 5 ára ábyrgð

## NATURE'S LUXURY heilsurúm



**DÝNA BOTN OG LAPPÍR**

Stærð	Verð
120x200	kr. 125.900
140x200	kr. 147.900
120x200	kr. 174.900
140x200	kr. 193.900

- Mjúkt og slitsterkt áklæði með flauelsáferð
- 7cm Shape þrýsti-jöfnunarefni í yfir-dýnu
- Svæðaskipt poka-gormakerfi
- Frábærar kantstyrkingar
- Aldrei að snúa
- Sterkur botn
- Gegnheilar viðarlappir
- 320 gormar pr fm<sup>2</sup>

**12 MÁNAÐA AFBORGANIR VAXTALAUST**  
 3,5% lántökugjald

## SILO svefnsófi með tungu



**NÚ MEÐ 20.000 kr. AFSLÆTTI**

Nú aðeins **kr. 109.900**  
 Fullt verð kr. 129.900

Stærð: 228 x 162 cm  
 H. 83 cm. Dökkgrátt áklæði  
 Tonga getur verið beggja vegna.

## ATLANTA 2ja og 3ja sæta



**3+2 SÓFASETT MED 70.000 kr. AFSLÆTTI**

2ja sæta kr. 99.900  
 3ja sæta kr. 149.900  
 Sófasett 3+2 kr. 179.800

Ljóst áklæði. Stærð: 2ja sæta 170 x 68 cm H. 89 cm  
 Stærð: 3ja sæta 216 x 68 H. 89 cm

## FLORIDA hornsófi með tungu



**KOMINN AFTUR Í DORMA**

Stærð: 252 x 205 cm  
 H. 71 cm. Litur grátt  
 Einnig til hornsófi með tungu XL.

Aðeins **kr. 195.900**

## SIESTA svefnsófi



**KOMINN AFTUR Í DORMA**

Siesta svefnsófi stærð dýnu 147x197 cm Rúmfatageymsla

Stærð 192 x 85 cm  
 Slitsterkt rautt, grátt og svart áklæði

Aðeins **kr. 135.900**



## SKAGEN 2ja sæta sönvarpsófi

Stærð: 217 x 79 cm  
 H. 106 cm. Svart bonded-leður  
 Einnig til f áklæði aðeins kr. 175.990

Aðeins **kr. 199.990**

OPIÐ Holtagörðum  
 Virka daga kl. 10-18  
 Laugardaga kl. 11-16

LOKAÐ Hvítasunnud. og 2. í Hvítasunnu

**DORMA** 

– býður góða nótt

Þöntunarsími  512 6800

[www.dorma.is](http://www.dorma.is)



## HIN MÖRGU ANDLIT ALFREÐS GÍSLASONAR



# dyson


Hágæða pokalausar ryksugur, mjög öflugar handryksugur og hljóðlátar glæsilegar viftur. Fyrir þá sem vilja aðeins það besta.



Sem verkfræðingar verðum við að sjá handan við núverandi tækni og spyrja hvort til séu betri lausnir. Það er í raun drifkrafturinn hjá Dyson – ný hugsun sem leysir hversdagsleg vandamál. „Ég fann upp og þróaði Dyson Cyclone tæknina á þessum forsendum. Ég vissi að það hlyti að vera betri leið en gamla stíflaða tæknin. Einhverjum 5.127 frumgerðum síðar, hafði ég lausnina.“

James Dyson


JAMES DYSON  
uppfinningarmaður  
cyclone vacuum  
tækninnar



**Einar Farestveit & Co.hf.**

Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

## Tíu stórir titlar á fimm tímabilum sem þjálfari Kiel



**FLOTTUR Á ÞVI** Alfred Gíslason sést hér með uppskeru síðasta tímabils, en Kiel er á góðri leið með að endurtaka leikinn á þessu tímabili. MYND/NORDICPHOTOS/BONGARTS

# Kóngurinn í Kiel

Alfred Gíslason vann á þriðjudagskvöldið sinn tíunda stóra titil sem þjálfari þýska stórliðsins Kiel. Aðeins fimm tímabil eru síðan hann tók við og á þeim tíma hefur liðið náð í meira en 91 prósent stiga í boði í bestu deild í heimi.

**HANDBOLTI** Kiel vann í fyrrakvöld sinn fjórða Þýskalandsmeistararitil undir stjórn Íslendingins Alfreds Gíslasonar og hefur nú alls unnið tíu mikilvæga titla síðan hann tók við liðinu sumarið 2008. Sigurganga Kiel ætlar engan enda að taka og liðið á nú möguleika á að vinna þrenna annað tímabilið í röð. Tveir titlanna eru þegar komnir í hús, Þýskalandsmeistararitilinn á þriðjudagskvöldið og bikarmeistararitilinn í apríl. Fram undan er síðan úrslitahelgi Meistaradeildarinnar þar sem Kiel-liðið getur endað erfitt tímabil með sögulegri þrennu.

### Fimmfaldur meistarapjálfi

Alfred hefur nú gert fimm lið að Þýskalandsmeisturum, því sjö árum áður en hann kom til Kiel vann SC Magdeburg titilinn undir hans stjórn, fyrst liða frá Austur-Þýskalandi eftir sameiningu landsins.

Alfred fór þaðan til Gummersbach en fékk síðan tækifærið sumarið 2008 til að taka við

sigursælu liði Kiel af Zvonimir Serdariusic sem var þá nýbúinn að gera Kiel að meisturum í ellefta sinn.

### Misst heimsklassaleikmenn

Kiel-liðið hefur ekkert gefið eftir síðan Alfred settist í þjálfarsætið og það þrátt fyrir að liðið hafi gengið í gegnum miklar breytingar á þessum tíma. Alfred hefur meðal annars þurft að fylla skörð heimsklassa leikmanna eins og Frakkans Nikola Karabatic og Svíans Kims Andersson og í sumar hverfa á braut franskir markvörðurinn Thierry Omeyer og franskir leikstjórnandinn Daniel Narcisse.

Að þessu sinni var Alfred með tvo landa sína í liðinu. Aron Pálmarsson var að vinna sinn þriðja Þýskalandsmeistararitil með Kiel en Guðjón Valur Sigurðsson er á sínu fyrsta tímabili og varð nú loksins Þýskalandsmeistari eftir ellefu ára spilamennsku í þýsku deildinni.

Kiel hefur leikið 167 deildarleiki undir stjórn Alfreds Gísla-

sonar á þessum fimm tímabilum og aðeins tapað tólf þeirra.

### Guðmundur sá eini

Það eru aðeins ellefu þjálfarar sem geta stært sig af því að hafa unnið Alfred Gíslason hjá Kiel og bara einn þeirra, Guðmundur Guðmundsson, hefur afrekað það tvisvar sinnum.

Guðmundur stýrði Rhein-Neckar-Löwen til sigurs í báðum leikjunum á móti Kiel tímabilið 2010-11.

Löwen vann þá fyrri leikinn á heimavelli í desember, 29-26, og seinni leikinn á útivelli í apríl, 33-31. Það var reyndar nóg af Íslendingum sem hjálpuðu Guðmundi að landa þessum tveimur sigurum því Ólafur Stefánsson, Róbert Gunnarsson og Guðjón Valur Sigurðsson léku þá allir með Ljónunum.

Alfred hefur reyndar hefnt vel fyrir þetta því Kiel hefur unnið fjóra síðustu leiki sína á móti Rhein-Neckar-Löwen, þar af þrjá þá síðustu með samtals 25 marka mun.

ooj@frettabladid.is



# Haier

Inspired living

NÝTT VÖRU-  
MERKI Í BT

Haier:  
China's first  
global brand.  
Forbes.

## HÁGÆÐA SJÓNVÖRP A FRABÆRU VERÐI

NYTT



Haier:

The #1 Global  
Major Appliances  
Brand For 4th  
Consecutive Year.

*Euromonitor  
International.*

79.900

NYTT



109.900



HAIER 32" LED C800H

- 1366x768 – HD Ready
- 4.000.000:1 Dynamic Contrast
- 100Hz endurnýjunartíðni
- DVB-T og DVB-C sjónvarpsmóttakarar
- 2xHDMI, SCART, Optical, USB, VGA, heymartól
- USB afspilun á myndböndum, tónlist og ljósmyndum
- TimeShift USB upptaka

### GÆÐI NÝJUNGAR HÖNNUN



HAIER 39" LED C800HF

- 1920x1080p – Full HD
- 4.000.000:1 Dynamic Contrast
- 200Hz endurnýjunartíðni
- DVB-T og DVB-C sjónvarpsmóttakarar
- 2xHDMI, SCART, USB, VGA
- USB afspilun á myndböndum, tónlist og ljósmyndum
- TimeShift USB upptaka

NYTT



179.900



HAIER 50" LED C800HF

- 1920x1080p – Full HD
- 4.000.000:1 Dynamic Contrast
- 200Hz endurnýjunartíðni
- DVB-T og DVB-C sjónvarpsmóttakarar
- 2xHDMI, SCART, USB, VGA
- USB afspilun á myndböndum, tónlist og ljósmyndum
- TimeShift USB upptaka

### SAÐA ÞJÓNUSTA ÁBYRGÐ

SAMSUNG



99.900

SAMSUNG



199.900

SAMSUNG



279.900



SAMSUNG 32" EH5005 FULLHD LED

- Upplausn: 1920x1080p – FullHD
- Samsung HyperReal myndvinnsluvél
- Digital Noise Filter
- DVB-T2 háskerpumóttakari
- 2xHDMI, USB, SCART, Optical, heymartól og fl.
- USB ConnectShare Movie (myndbönd, myndir og tónlist)

Full HD 1080 LED TV

NYTT

SAMSUNG 46" F5005 FULLHD LED

- Upplausn: 1920x1080p – FullHD
- Samsung HyperReal myndvinnsluvél
- 100Hz Clear Motion Rate
- DVB-T2 háskerpumóttakari
- 2xHDMI, USB, SCART, Optical, heymartól og fleira
- USB ConnectShare Movie (myndbönd, myndir og tónlist)

Full HD 1080 LED TV



SAMSUNG 46" 3D SMART LED ES6545

- Upplausn: 1920x1080p – FullHD
- Samsung 3D HyperReal myndvinnsluvél
- 400Hz Clear Motion Rate
- DVB-T2 og DVB-S2 háskerpumóttakarar
- Samsung SMART HUB – Þráðlaust netkort
- 3xHDMI, 3xUSB, SCART, Optical, heymartól og fleira
- USB ConnectShare Movie (myndbönd, myndir og tónlist)
- 2x3D gleraugu fylgja



FYLGR

www.godverk.is

BT Skeifan · BT Glerártorg · Sími 550 4444 · www.bt.is

## Stöð 2 kl 23.15 American Idol

Það er komið að úrslitastundinni í American Idol og Stöð 2 er með beina útsendingu frá úrslitabættinum. Fjórði hefst klukkan 23.15 með upptöku frá tónleikum stúlkanna tveggja sem eftir standa í keppninni. Á miðnætti verður síðan skipt yfir í beina útsendingu frá Los Angeles þar sem ný söngstjarna verður krýnd.



## Í KVÖLD



### The F Word

**STÖÐ 2 KL. 20.00** Íslandsvinurinn Gordon Ramsay sýnir okkur að skyndibiti þarf ekki endilega að vera óhollur. Hann fær líka til sín nokkra áhugasama og afar kappsama lærlinga sem keppa sín í milli í matreiðslu.

TV.COM 8,4 IMDB 6,9



### Glory Daze

**POPPTÍVÍ KL. 21.25** Gamanþættir sem gerast árið 1986 og fjalla um hóp háskólanema sem eru nýgengnir í bræðrareglu en komast að því að lífið á háskólalóðinni er ekki auðvelt.

TV.COM 8,6 IMDB 7,5



### Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva

**RÚV KL. 19.00** Bein útsending frá seinni forkeppninni í Malmö í Svíþjóð. Framlag Íslands, Ég á líf eftir Pétur Guðmundsson og Örlyg Smára, verður flutt í kvöld. Kynnir er Felix Bergsson.

## Rás 1 10.13 -11.00

### Litla flugan

Lana Kolbrún Eddu-dóttir hefur umsjón með þættinum Litla flugan sem í dag samgledst básúnuleikaranum, harmóníku-leikaranum, hljómsveitarstjóranum og söngvaranum Birni R. Einarsyni í tilefni níraðis-afmælisins í dag.



## ÉG Á LÍF VEGNA ÞÍN

Gefðu blóð og þú getur bjargað mannslífum

**Anney Birta Jóhannesdóttir** er 11 ára og fæddist með alvarlegan hjartagalla. Á sinni stuttu ævi hefur hún farið í þrjár opnar hjartaaðgerðir og nokkrar hjartaþræðingar. Þegar hún, önnur hjartaþörn og fullorðnir með hjartagalla eða hjartasjúkdóma fara í aðgerðir þarf að vera til blóð í réttum flokki. Í sínum aðgerðum hefur Anney Birta ávallt þurft á einhverri blóðgjöf að halda, án blóðgjafar væri hún jafnvel ekki hér.

Blóðgjöf er lífgjöf!  
Takk.



**BLÓÐGJAFAFÉLAG ÍSLANDS**  
The Blood Donors Society of Iceland

# Útgáfuteiti!

Í tilefni af útgáfu nývellingar **BÖRNIN Í DIMMUVÍK** eftir Jón Atla Jónasson verður skálað og fagnað í **Eymundsson Austurstræti, fimmtudaginn 16. maí kl. 17**

Léttar veitingar og útgáfutilboð á bókinni

Allir velkomnir

**JPU**  
JPU ÚTGÁFA

www.forlagid.is – alvöru bókabúð á netinu

## STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími
- 08.05 Malcolm in the Middle (3:22)
- 08.30 Ellen (146:170)
- 09.15 Bold and the Beautiful
- 09.35 Doctors (82:175)
- 10.15 Touch (10:12)
- 11.00 Human Target (8:12)
- 11.50 Man vs. Wild (3:15)
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 The Best of Mr. Bean
- 13.55 Who Do You Think You Are? (3:7)
- 14.40 The White Planet
- 16.05 Barnatími
- 16.50 Bold and the Beautiful
- 17.10 Nágrannar
- 17.35 Ellen (147:170)
- 18.23 Veður
- 18.30 Fréttir
- 18.47 Íþróttir
- 18.54 Ísland í dag
- 19.11 Veður
- 19.20 The Big Bang Theory (5:23) S
- 19.40 New Girl (2:25)
- 20.00 **The F Word** (8:9) Gordon Ramsay sem sýnir okkur að skyndibiti þarf ekki endilega að vera óhollur. Hann fær líka til sín nokkra áhugasama og afar kappsama lærlinga sem keppa innbyrðis í matreiðslu og í lokin stendur einn eftir sem sigurvegari.
- 20.50 NCIS (22:24)
- 21.35 Grimm (6:22)
- 22.20 Sons of Anarchy (10:13)
- 23.15 **American Idol** (36:37) Það eru aðeins tveir söngvarar eftir í American Idol og spennan orðin nánast óbærileg fyrir þá því það er til mikils að vinna. Allir sigurvegarar síðustu ára hafa slegið í gegn og eiga nú gæfurikan söngferil.
- 00.00 **American Idol** (37:37) BEIN ÚTSENDING. Nú kemur í ljós hver stendur uppi sem sigurvegari í þessum lokabætti af American Idol. Til mikils er að vinna því framundan býður þeim sem vinnur keppnina frægð og glæstur frami á heimsvísu.
- 01.30 Mr Selfridge (9:10)
- 02.15 The Mentalist (22:22)
- 02.55 The Following (15:15)
- 03.40 Mad Men (5:13)
- 04.30 Burn Notice (7:18)
- 05.15 The Big Bang Theory (5:23)
- 05.35 Fréttir og Ísland í dag

## BÍÓ

- 11.15 Inkheart
- 13.00 Spy Kids 4
- 14.25 I Am Sam
- 16.35 Inkheart
- 18.20 Spy Kids 4
- 19.50 I Am Sam
- 22.00 Bridesmaids
- 00.00 Milk
- 02.05 Sea of Love
- 04.00 Bridesmaids

## GULL

- 20.00 Strákarnir S
- 20.30 Stelpurnar
- 20.55 Svínasúpan
- 21.20 Curb Your Enthusiasm (4:10)
- 21.50 The Drew Carey Show (11:22)
- 22.15 Strákarnir
- 22.45 Stelpurnar
- 23.05 Svínasúpan
- 23.30 Curb Your Enthusiasm (4:10)
- 00.00 The Drew Carey Show (11:22)
- 00.25 Tónlistarmyndbönd

**ÚTVARP**  
FM 88,5 XA-Radíó  
FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan  
FM 93,5 Rás 1  
FM 95,7 FM957

FM 96,3 FM Suðurland  
FM 96,7 Létt Bylgjan  
FM 97,7 X-ið

FM 98,9 Bylgjan  
FM 99,4 Útvarp Saga  
FM 100,5 Kaninn

FM 102,2 Útv. Latibær  
FM 102,9 Lindin  
FM 105,5 Útvarp Boðun

## SPORT

- 07.00 Benfica - Chelsea
- 17.55 Benfica - Chelsea
- 19.45 FH - ÍBV Bein útsending
- 22.00 Pepsi mörkin 2013
- 23.15 FH - ÍBV
- 01.05 Pepsi mörkin 2013

## SPORT 2

- 16.40 Sunderland - Southampton
- 18.20 Fulham - Liverpool
- 20.00 Premier League World 2012/13
- 20.30 Premier League Review Show 2012/13
- 21.25 Man. Utd. - Swansea
- 23.05 Everton - West Ham

## krakkar

- 07.40 Waybuloo 08.00 Svampur Sveinsson B
- 08.50 Áfram Diego, áfram! 09.15 Mörgæsinar frá Madagaskar 09.35 Histeria! 09.55 Lukku láki 10.20 Skógardýrið Húgó 10.45 Doddi litli og Eyrnastór 10.55 Kalli kanína og félagar 11.00 M.I. High 11.30 Ofurörndin 11.50 iCarly (8:25) 12.15 Sorry I've Got No Head 12.40 Victorious 13.00 Big Time Rush 13.20 Lalli 13.35 Refurinn Pablo 13.40 UKI 13.45 Strumpanir 14.10 Waybuloo 14.30 Svampur Sveinsson 15.20 Áfram Diego, áfram! 15.45 Mörgæsinar frá Madagaskar 16.05 Histeria! 16.30 Lukku láki 16.55 Skógardýrið Húgó 17.20 Doddi litli og Eyrnastór 17.30 Kalli kanína og félagar 17.35 M.I. High 18.00 Ofurörndin 18.20 iCarly (8:25) 18.40 Sorry I've Got No Head 19.10 Victorious 19.35 Big Time Rush

## INN

- 20.00 Hrafnabing 21.00 Auðlindakistan 21.30 Siggí Stormur og helgarveður

## POP TIM

- 17.00 Simpson-fjölskyldan (11:22) Á
- 17.25 Íslenski listinn
- 17.50 Sjáðu
- 18.15 Pretty Little Liars (9:22)
- 19.00 Friends
- 19.25 Two and a Half Men (12:24)
- 19.45 Simpson-fjölskyldan (19:22)
- 20.10 Brickleberry (3:10) Bráðsmellnir teiknaðir gamanþættir um hóp misheppnaðra þjóðgarðsvaraða sem sjá fyrir að garðinum þeirra verður lokað innan skamms. Gamaníð hefst þegar þeim berst óvæntur líðsauki sem hyggst bjarga garðinum.
- 20.35 Sons of Tucson (7:13) Gamanþættir um þrjá bræður sem eiga hús í bænum Tucson, Arizona og eftir að móðir þeirra yfirgefur þá og pabbinn lendir í fangelsi, leiga þeir mann til að ganga þeim í föðurstað svo þeir þurfi ekki að enda á fösturheimili.
- 21.00 FM 95BLÖ
- 21.25 Glory Daze (5:10) Gamanþættir sem gerast árið 1986 og fjalla um hóp háskólanema sem eru nýgengnir í bræðrareglu en komast að því að lífið á háskólalóðinni er ekki auðvelt og koma sér oft en ekki í vandræðalegar aðstæður.
- 22.05 Brickleberry (3:10)
- 22.25 Sons of Tucson (7:13)
- 22.50 FM 95BLÖ
- 23.15 Glory Daze (5:10)
- 00.00 Tónlistarmyndbönd

## RÚV

- 10.00 HM í ísknattleik Bein útsending frá leik á heimsmeistaramótinu í ísknattleik sem fram fer í Svíþjóð og Finnlandi.
- 12.45 HM í ísknattleik Bein útsending
- 15.25 Leiðin til Malmö (2:2)
- 15.40 Kiljan
- 16.25 Ástareldur (Sturm der Liebe)
- 17.14 Úmísúmi (7:20)
- 17.37 Lóa (49:52)
- 17.50 Melissa og Joey (15:15)
- 18.15 Tákn málsfréttir
- 18.25 Fréttir
- 18.50 Veðurfréttir
- 19.00 Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva Bein útsending frá seinni forkeppninni í Malmö í Svíþjóð. Framlag Íslands, Ég á líf eftir Pétur Guðmundsson og Örlyg Smára, verður flutt í kvöld. Kynnir er Felix Bergsson.
- 21.05 Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva
- 21.15 Neyðarvaktin (18:24) (Chicago Fire) Bandarísk þáttaröð um slökkviliðsmenn og bráðaliða í Chicago. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
- 22.00 Tíufréttir
- 22.15 Veðurfréttir
- 22.20 Glæpahneigð (7:24) (Criminal Minds VII)
- 23.00 Ljós móðirin (Call the Midwife II)
- 23.55 Fréttir
- 00.05 Dagskrárlök

## SKJÁREINN

- 06.00 Pepsi MAX tónlist
- 07.10 America's Funniest Home Videos (42:48)
- 07.35 Everybody Loves Raymond (25:25)
- 07.55 Cheers (5:22)
- 08.20 Dr. Phil
- 09.00 Pepsi MAX tónlist
- 13.20 The Voice (7:13)
- 17.00 7th Heaven (19:23)
- 17.45 Dr. Phil
- 18.25 Psych (1:16)
- 19.10 America's Funniest Home Videos
- 19.35 Everybody Loves Raymond (1:25)
- 19.55 Cheers (6:22)
- 20.20 How to Be a Gentleman - NÝTT (1:9) Bandarískir gamanþættir sem fjalla um fyrrum félagi úr grunnskóla. Annar þeirra er snobbaður pistlahöfundur og hinn er subbulegur einkapjálfari. Sá fyrrnefndi þarfnast ráðgjafar þegar kemur að hinu kyninu og sá síðarnefndi ákveður að hjálpa til.
- 20.45 The Office (6:24) Skrifstofustjórinn Michael Scott er hættur störfum hjá Dunder Mifflin en sá sem við tekur er enn undarlegri en fyrirrennari sinn.
- 21.10 Royal Pains (2:16) Bandarísk þáttaröð sem fjallar um Hank sem er einkalæknir ríka og fræga fólksins í Hamptons.
- 22.00 Vegas (17:21)
- 22.50 Dexter (4:12)
- 23.40 Common Law (1:12)
- 00.30 Excused
- 00.55 The Firm (10:22)
- 01.45 Royal Pains (2:16)
- 02.30 Vegas (17:21)
- 03.20 Pepsi MAX tónlist

## SKJÁRGOLF

- 06.00 ESPN America 06.50 The Players Championship 2013 (4:4) 11.50 Golfing World 12.40 The Players Championship 2013 (4:4) 17.40 PGA Tour - Highlights (19:45) 18.35 Inside the PGA Tour (20:47) 19.00 HP Byron Nelson Championship 2013 (1:4) 22.00 The Open Championship Official Film 1984 22.55 PGA Tour - Highlights (18:45) 23.50 ESPN America



# ÞÚ ÁTT SKILIÐ HÁGÆÐA KAFFI

Kynningartilboð á **illy** vörum í Heimkaup

Að búa til espresso er list. Til þess þarf 6,7 grömm af eðalkaffi, nákvæma tímasetningu, rétt hitastig og mátulegan þrýsting. Illy hefur hannað kaffivélur og kaffihylki sem hafa fullkomið vald á þessari list.

Útkoman er ilmandi og bragðmikið kaffi með silkimjúkri áferð í hverjum einasta dropa.



29.900

**illy** Illy X 7.1  
2 espresso bollar  
2 cappuccino bollar



29.900

**illy** Illy Y3 kaffivél  
Mjólurflóari  
fylgir með  
öllum Y3  
vélum

Mjólur-  
flóari að  
verðmæti  
**15.900 kr.**  
fylgir með öllum  
Y3 vélum



Á meðan birgðir endast.

## Brot af vöruúrvali okkar

 stahnnifur	 Alder Atelier kaffibollar	 Noonfactory kökudiskur	 Erik Bagger skál	 Múffur – Í hvert mál	<b>Mikið vöruúrval sem fer vaxandi dag frá degi</b>	 OXO ferðamál
 ts design kanna	<b>Frí heim-sending!</b>	 FrancisFrancis X1	 Illy Espresso baunir	 Wilfa vöflujárn	 Illy mjólurflóari	 Luminarc eftirrétt



## Heimkaup er fyrsta vefverslun sinnar tegundar á Íslandi.

Þar finnur þú frábært vöruúrval úr ótal vöruflokkum á góðu verði og getur sparað þér búðarápið. Þú ræður svo hvort þú sækir vöruna í vöruhús okkar í Turninum í Kópavogi eða lætur senda þér hana. Þú getur einnig komið beint í vöruhúsið, skoðað vörur í sýningarsal, þegið aðstoð frá starfsfólki og verslað á staðnum.

heimkaup.is

Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / 550 2700



Örugg vefverslun



Hagstætt verð



Hraðsending



Sendum um allt land

HEIMKAUP



## DRYKKURINN



„Uppáhaldsdrykkurinn minn er rabarbaradrykkurinn frá Himneskri hollustu. Rabarbarinn er í miklu uppáhaldi hjá mér og að mínu mati mjög vanmetin jur.“

Arnljófur Sigurðsson tónlistarmaður.

## Plata fyrir lífsglatt og skemmtilegt fólk

Dr. Gunni tekur upp nýju plötuna Alheimurinn í Keflavík í sumar.

„Þetta er barnaplata innan sviga. Svona plata fyrir lífsglatt og skemmtilegt fólk,“ segir tónlistarmaðurinn Gunnar Lárus Hjálmarsson um nýju plötuna sína.

Platan hefur fengið nafnið Alheimurinn og er Dr. Gunni, eins og hann er kallaður, í aðalhlutverki ásamt söngkonunni Ragnheiði Eiríksdóttur og Elvari úr hljómsveitinni Hellvar og trommaranum Kristjáni Frey. Gunnar segir hann og Ragnheiði hafa verið með þessa hugmynd í kollinum í tvö ár. „Við sömdum 14 lög saman. Nú erum við

að æfa og stefnum í stúdíó í byrjun júní,“ segir Gunnar en platan sjálf kemur ekki út fyrr en í október. „Mér skilst að það séu tvær til þrjár góðar tímasetningar á ári til að gefa út plötu og þetta er ein af þeim.“

Það er útgáfufyrirtækið Geimsteinn sem gefur út plötuna og upptökur fara fram í stúdíó þeirra í Keflavík. Stofnandi Geimsteins, Rúnar Júlíusson, lék einmitt stórt hlutverk á síðustu plötu Gunnars, Abbababb. „Ég þarf að minnsta kosti þrjá þungavigtarpoppa til

**16** ár eru síðan platan Abbababb kom út.

að koma í stað Rúnars sem var í hlutverki Hr. Rokks á síðustu plötu. Það verða stór nöfn gestasöngvarar á þessari plötu,“ segir Gunnar, sem vill ekki gefa upp nein nöfn. Fyrsta smáskífan af plötunni kemur út fyrir 17. júní.



NÝ PLATA Í BÍGERÐ Dr. Gunnar og Heidi fara í stúdíó í júní að taka upp plötuna Alheimurinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Eyþór verður með Dalvík í bakgrunni

Syngur Ég á líf í Malmö í kvöld en heldur sjálfur mest upp á hina hollensku Anouk.

„Ég ætla að taka þetta á æðrleysinu, gera mitt besta og skemmta mér vel. Allt annað er bara bónus,“ segir Eurovision-farinn Eyþór Ingi Gunnlaugsson.

Eins og flestum er kunnugt stígur Eyþór á Eurovision-sviðið í Malmö í kvöld og flytur framlag okkar Íslendinga, Ég á líf, fyrir alla Evrópu. Ísland er áttunda atriðið á svið þegar sautján lög keppa um tíu laus pláss í úrslitunum á laugardaginn. „Þetta er búið að vera ótrúlega skemmtilegt og ég er með strengi í maganum því við erum búin að hlæja svo mikið. Þetta er ekki leiðinlegasti hópurinn til að ferðast með,“ segir Eyþór en með honum úti eru meðal annars lagahöfundarnir Örlygur Smári, Pétur Örn Guðmundsson (Jesú) og umboðsmaðurinn hans Valgeir Magnússon.

Að sögn Eyþórs er atriðið allt að smella saman og meðal annars hefur verið unnin grafík til að hafa í bakgrunninum á sviðinu. „Þeir eru búnir að búa til hálfgerða eftirlíkingu af Dalvík. Það kemur mjög skemmtilega út og yljár manni að ímynda sér heimabæinn þarna á sviðinu,“ segir hann.

Eyþór segir enn óákveðið hverju hann klæðist á sviðinu en valið standi á milli tveggja jakka sem báðir eru frá NTC. Á opunarhátíð Eurovision á sunnudaginn klæddist hann þó rauðteinóttum fötum úr smíðju Guðmundar Jörundssonar og vöktu þau gríðarlega athygli. „Það voru ótrúlega margir sem spurðu út í fötin og eins hringana sem ég bar, en þeir eru sérhannaðir af Hansínu Jensdóttur,“ segir Eyþór.

Eyþór segist ekki enn hafa sigt að út sinn helsta keppinaut eða það



ÉG Á LÍF Að sögn Eyþórs Inga var atriðið allt að smella saman í gær. Söngvarinn segir grafíkina á sviðinu koma mjög vel út. NORDICPHOTOS/AFP

### Ganga í það heilaga í lok júlí

Eyþór Ingi gengur í það heilaga með barnsmóður sinni, Soffíu Ósk Guðmundsdóttur, í lok júlí. Þarið trúlofaði sig í París í nóvember síðastliðnum en hjúskaparstaða þeirra hefur vakið mikla athygli að undanfögnu. „Ég kallaði hana unnustuna mína í einhverju viðtalinu um daginn og þá varð allt vitlaust. Ég veit eiginlega ekki alveg hvað gerðist,“ segir Eyþór og hlær.

Soffía Ósk stýður auðvitað vel við bakið á sínum manni og er með Eyþóri í Malmö. „Daginn eftir að hún kom hingað út birtist blogg á einni Euro-síðunni þar sem sagt var frá því að til okkar hefði sést í stórmarkaði. Það var ótrúlega fríki og fyndið,“ segir Eyþór.

lag sem honum þykir líklegast til sigurs. Norðurlandþjóðirnar séu þó allar taldar frekar sterkar, auk þess sem hin hollenska Anouk sé vinsæl. „Anouk er alveg mögnuð. Ætli lagið hennar, Birds, sé ekki mitt uppáhaldslag í keppinni. Það

er smá James Bond fílingur í því og hún er bara alveg ótrúlega flott. Eins finnst mér maltneski strákurinn mjög skemmtilegur. Hann er einlægur og svolítið akústík. Við erum orðnir miklir félagar,“ segir hann. tinnaros@frettabladid.is



Minna að fletta  
meira að fréttu

visir.is

BESTI FRÉTTA- OG  
AFÞREYINGARVEFURINN

Úr umsögn dómnefndar: „Vefurinn býður upp á margskonar afþreyingu auk gífurlegs úrvals fréttu. Vefurinn er léttur og skemmtilegur auk þess sem einfalt og fljótlegt er að finna það efni sem leitað er að.“



## Tökur á Sumarbörnum að hefjast

Tökur á fjölskyldumyndinni Sumarbörn hefjast í sumar eftir tíu ára undirbúning.

Tökur eiga að hefjast í sumar á fjölskyldumynd sem ber vinnuheitid Sumarbörn. Myndin er komin langt í undirbúningi og hefur þegar fengið framleiðslustyrk frá Kvikmyndasjóði Íslands upp á níutíu milljónir króna. Frumsýning verður líklega á næsta ári.

Handritið er byggt á atvikum sem áttu sér stað á barnaheimilinu Silungapólli sem Reykjavík starfrækti hér árum áður. „Þessi mynd er búin að vera rosalega lengi í gangi. Það eru tíu ár síðan fyrsti handritastyrkurinn kom í þetta verkefni,“ segir leikstjórinn Guðrún Ragnarsdóttir.

Myndin gekk áður undir vinnuheitinu Silungapóllur en ákveðið var að breyta því. „Barnaheimilið var lagt niður í kringum 1960 og þá var þetta meðferðarheimili í mörg ár. Það er mikið af fólki

Framleiðandi Sumarbarna er Ljósband sem einnig framleiddi Okkar eigin Osló og Desember).

sem þekkir ekki Silungapóll öðruvísi.“ Aðal-leikararnir eru börn en umfjöllunar-efnið er á alvarlegri nóttunum.

Fréttablaðið greindi frá því í gær að barnamyndin Algjör Sveppi 4 hefði ekki fengið styrk í ár og yrði því ekki framleidd. Í reglugerð Kvikmyndasjóðs Íslands er stefnt að því að barna- eða fjölskyldumyndir verði framleiddar að minnsta kosti annað hvert ár og fellur Sumarbörn því í þann flokk. „Krökkunum finnst mjög gaman að þessum Sveppamyndum en það er kannski allt í lagi að þau bíði einu sinni,“ segir Guðrún.



LEIKSTYRIR FJÖLSKYLDUMYND Guðrún Ragnarsdóttir leikstýrir nýrri fjölskyldumynd um Silungapóll.

# Við kunnum listina að flytja



**TVG-ZIMSEN**  
FLUTNINGSMIDLUN

TVG-Zimsen er stoltur bakhjarl Listahátíðar

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Stúlka komin í heiminn

Leikstjórinn Reynir Lyngdal og eiginkona hans, leikkonan **Elma Lís Gunnarsdóttir**, eignuðust dóttur í gær. Er það þeirra fyrsta barn saman en fyrir á Reynir dótturina Unu. Reynir og Elma Lís eru löngum þekkt fyrir að láta til sín taka á sviði leiklistar og kvikmyndagerðar.



Síðasta mynd sem Reynir leikstýrði var kvikmyndin Frost en Elma Lís hefur verið bæði á sviði hjá Þjóðleikhúsinu og Borgarleikhúsinu undanfarin ár.

### Frítt í Paradís fyrir börn

Alþjóðleg kvikmyndahátíð barna gengur senn í garð í Bíó Paradís við Hverfisgötu. Þar kennir ýmissa grasa og verða sýndar verðlaunamyndir víðs vegar að úr heiminum. „Við verðum með stútfulla dagskrá af skemmtilegum og áhugaverðum barna- og unglingskvikmyndum. Sýningar á kvöldin fyrir alla fjölskylduna, stay tuned,“ segir **Hrönn Sveinsdóttir**, framkvæmdastýra Bíós Paradísar. Aðstandendur hátíðarinnar benda jafnframt á að með Kvikmyndahátíð barna stórukist kvikmyndaframboð barna og fjölskyldufólks. Einnig muni sjónarhorn þessa áhorfendahóps verða víðara og fjölbreyttara og slíkt hafi bæði fræðandi og þroskandi áhrif. Kvikmyndahátíð barna kemur einnig til með að bjóða upp

á frjár sýningar á skólatíma fyrir grunnskóla- og leikskólabörn. Hægt er að nálgast miða á hátíðina á midasala@bioparadis.is. -mlp



### Mest lesið **VÍSIR**

- 1 Hætt við tókur á Algjörum Sveppa 4
- 2 Þjást af alvarlegum næringarskortri
- 3 Jon Voight frétti af brjóstaaðgerð Angelínu á netinu
- 4 Kölluð heimsk og veruleikafirrt tík
- 5 Ómetanlegir hraunhellar þegar verið stórskemmdir
- 6 Sigmundur Davíð segist ekki svíkja loforð um skuldalækkanir

„Snjöll og bráðskemmtileg spennusaga.“

BRÝNDÍS LOFTSDÓTTIR  
BÓKSALI



www.forlagid.is



# Kringlurkast

**50%**  
AFSLÁTTUR

## JAKKAFÖT

PETER VAN HOLLAND

FINUCCI

collezione

VAN KOLLEM

MADISON PARK • NY

VERÐ ÁÐUR KR. ~~59.980~~ & KR. ~~69.980~~

**VERÐ NÚ KR. 29.990  
& KR. 34.990**

**50%**  
AFSLÁTTUR

FINUCCI

collezione

PEYSUR

VERÐ ÁÐUR KR. ~~14.980~~

**VERÐ NÚ KR. 7.490**

**40%**  
AFSLÁTTUR

FINUCCI

collezione

KAKÍBUXUR

VERÐ ÁÐUR KR. ~~19.980~~

**VERÐ NÚ KR. 11.988**

**40%**  
AFSLÁTTUR

FINUCCI

collezione

PÓLÓBOLIR

VERÐ ÁÐUR KR. ~~12.980~~

**VERÐ NÚ KR. 7.788**

**2**  
FYRIR EINA

SKYRTUR

FINUCCI

collezione

VERÐ ÁÐUR KR. ~~29.960~~

**VERÐ NÚ KR. 14.980**

**Nýtt kortatímabil**



**30%**

**afsláttur  
af völdum vörum!**

Nýtt kortatímabil

**ENGLABÖRNIN**



bisgaard

Creamie

Falleg föt á stelpur og stráka...

Kringlunni sími 552 2201